
Greinargerð með fjárhagsáætlun

Sveitarfélagsins Ölfuss

2015-2018



EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
00. Skatttekjur	4
02. Félagsþjónusta	6
03. Heilbrigðismál	8
04. Fræðslu- og uppeldismál	9
05. Menningarmál	13
06. Íþróttá- og æskulýðsmál	16
07. Brunamál og almannavarnir	20
08. Hreinlætismál	21
09. Skipulags- og byggingarmál	24
10. Umferðar- og samgöngumál	26
11. Umhverfismál	27
13. Atvinnumál	33
21. Sameiginlegur kostnaður	34
28. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	40
31. Eignasjóður	41
33. Þjónustumiðstöð	43
B-hluta fyrirtæki	46
41. Þorlákshöfn	47
43. Vatnsveita	52
53. Íbúðir eldri borgara	55
55. Uppgræðslusjóður	57
57. Félagslegar íbúðir	60
61. Fráveita	61
Greinargerð bæjarstjóra	63
Fjárhagsáætlun 2015-2018	65
Sundurliðuð rekstraráætlun 2015	71
Fjárfestingaráætlun	101
Skýringar fjárfestinga	105
Viðhaldsáætlun	119
Skýringar viðhalds	123
Skipurit Sveitarfélagsins Ölfuss	134

INNGANGUR

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árin 2015-2018 var lögð fram til fyrri umræðu þann 27. nóvember 2014 og til síðari umræðu og staðfestingar þann 11. desember 2014.

Fjárhagsáætlun þessi hefur verið unnin sameiginlega af kjörnum fulltrúum, bæjarstjóra, bæjarritara og forstöðumönnum stofnana. Fjárhagsáætlun 2015-2018 hefur verið til umræðu á öllum fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs frá 28. ágúst 2014 en auk þess hafa verið haldnir fjöldi vinnufunda vegna áætlunarinnar.

Rammi áætlunarinnar var markaður af bæjarstjórn/bæjarráði með það að markmiði að tryggja íbúum Sveitarfélagsins Ölfuss sem besta grunnþjónustu samhliða áframhaldandi uppbyggingu í þágu íbúa og samfélags.

Samkvæmt 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skiptist starfsemi sveitarfélaga á eftirfarandi hátt:

- Sveitarsjóður, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.
- Stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Meginreglan er sú að í A-hluta, flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum (aðalsjóður, eignasjóður og þjónustumiðstöð), en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar (þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum (vatnsveita, hafnarsjóður, íbúðir eldri borgara, félagslegar íbúðir, uppgræðslusjóður og fráveita).

Óverulegar breytingar verða á rekstri Sveitarfélagsins Ölfuss á árinu 2015 samanborið við fyrra ár. Aukin áhersla verður lögð á umhverfismál og er áætlað að starfsmaður verði ráðinn í heilsársstarf við umhverfisumsjón.

Áætlaðar heildartekjur Sveitarfélagsins Ölfuss (A- og B-hluta) á árinu 2015 eru áætlaðar alls 1.825 m.kr. Þar af eru tekjur A-hluta eftirfarandi:

Skatttekjur 1.127 m.kr., framlög úr Jöfnunarsjóði 324 m.kr. og aðrar tekjur 164 m.kr., alls 1.615 m.kr.

Tekjur B-hluta fyrirtækja eru áætlaðar 210 m.kr.

Áætluð rekstrarútgjöld samstæðunnar án fjármagnsliða eru 1.692 m.kr., þar af eru laun og launatengd gjöld 869 m.kr., annar rekstrarkostnaður 684 m.kr. og afskriftir 139 m.kr.

Niðurstaða samstæðunnar er því áætluð jákvæð um 133 m.kr. án fjármagnsliða.

Fjármagnsliðir eru áætlaðir nettó 75 m.kr. og hafa lækkað umtalsvert frá fyrra ári vegna lækkunar verðbólgu og niðurgreiðslu lána.

Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 57,8 m.kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er 239 m.kr.

Afborganir langtímalána eru áætlaðar 125 m.kr.

Gert er ráð fyrir 2,7% verðbólgu innan ársins í samræmi við niðurstöður þjóðhagsspár Hagstofu Íslands. Gjaldskrár fyrir þjónustu sveitarfélagsins verða almennt hækkaðar um 2,7% frá fyrra ári í samræmi við þjóðhagsspá.

Þá er gert ráð fyrir fjárfestingum innan samstæðunnar alls kr. 139 m.kr. til ýmissa verkefna.

Stærstu einstöku verkefni eru kaup á eignarhlut í leikskólum Hveragerðisbæjar 32 m.kr. og hönnun og rannsóknir vegna endurbóta á höfninni 27,5 m.kr. Áætlaðar eru 9,2 m.kr. til uppbyggingar á skruðgarði bæjarins, 12,5 m.kr. til uppbyggingar á gatna og göngustígakerfis bæjarins, 10,75 m.kr. til tækjakaupa fyrir þjónustumiðstöð, 5 m.kr. til framkvæmda við golfvöll auk ýmissa annarra smærri framkvæmda.

Ekki er gert ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2015. Áætlað reiknað skuldaviðmið samkvæmt sveitarstjórnarlögum í lok árs 2015 er 96,8%.

Á árunum 2016-2018 er gert ráð fyrir að rekstur sveitarfélagsins verði með svipuðu sniði og á árinu 2015.


Í þriggja ára áætlun 2016-2018 er áætlað að leggja 50 m.kr. til frekari uppbyggingar á leikskólanum Bergheimum, 35,5 m.kr. til uppbyggingar á gámasvæði. Þar er einnig gert ráð fyrir uppbyggingu fimleikaaðstöðu við íþróttahúsið og eru settar 120 m.kr. í verkefnið á árunum 2017 og 2018. Stærsta einstaka verkefnið á fjögurra ára áætlun eru endurbætur á höfninni en 522,5 m.kr. eru áætlaðar til verkefnisins á árunum 2016-2018.

Áætlunin hefur verið unnin með það að markmiði að bæta svo og tryggja íbúum sveitarfélagsins öfluga grunnþjónustu samhliða enn frekari uppbyggingu á ýmsum sviðum í þágu íbúa og samfélagsins í heild.


Sérstök áhersla er lögð á uppbyggingu vegna þjónustu við fræðslumál, æskulýðs- og íþróttamál og í uppbyggingu hafnarmannvirkja. Miklar vonir eru bundnar við fjölgun atvinnutækifæra og aukna þjónustu með eflingu hafnarinnar á næstu árum.

Fjárhagsáætlunin hefur verið unnin í góðri samvinnu bæjarstjórnar sveitarfélagsins í heild sinni og forstöðumanna stofnana sveitarfélagsins. Bæjarstjórn þakkar starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir þeirra mikla framlag til þessarar vinnu.

Vísitala neysluverðs



00. SKATTTEKJUR



Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði verður óbreytt frá fyrra ári eða 0,36% af fasteignamati. Gert er ráð fyrir afslætti á fasteignaskatti og fráveitugjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega samkvæmt sérstökum reglum sem samþykktar hafa verið í bæjarstjórn. Hámark fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði skv. lögum er 0,5%.

Fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði verður óbreyttur frá fyrra ári eða 1,6%. Hámarks fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði er 1,65% skv. lögum. Skv. ákvörðun Alþingis verður skattstofn fasteignaskatts 70% af fasteignamati ársins 2014 og 30% af fasteignamati ársins 2015.

Fasteignaskattur á opinbert húsnæði er ákveðinn með lögum og er 1,32% af fasteignamati.


Gert er ráð fyrir óbreyttri lóðarleigu á milli ára eða 0,7% af fasteignarmati lóðar.

Álagning gjalda 2015

Útsvar	14,52%
Fasteignaskattur íbúðarhús A	0,36%
Fasteignaskattur B, opinbert húsnæði	1,32%
Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis C	1,60%
Vatnsskattur	0,12%
Vatnsskattur skv. mæli kr. pr. m ³	11,00
Holræsagjald	0,25%
Lóðarleiga A-flokkur	0,70%
Lóðarleiga B-flokkur	0,70%
Lóðarleiga C-flokkur	0,70%
Lóðarleiga D-flokkur	Skv. lóðarleigusamningi


Gjalddagar fasteignagjalda verði átta þ.e. 01.02.15 – 01.09.15

Skipting skatttekna - áætlun 2015




■ Útsvar ■ Fasteignaskattur ■ Jöfnunarsjóður ■ Lóðarleiga

Þróun skatttekna - sundurliðað eftir tekjustofnum



— Útsvar — Fasteignaskattur — Jöfnunarsjóður — Lóðarleiga

02. FÉLAGSPJÓNUSTA



Árið 2011 tóku sveitarfélögin yfir málefni fatlaðra og hækkuðu þá útgjöld til málaflokksins auk þess sem álagt útsvar hækkaði á móti.

Núverandi staða

Yfirstjórn félagsþjónustu er rekin sameiginlega með 6 öðrum sveitarfélögum í Árnessýslu. Sveitarfélögin hafa falið sameiginlegri skólaþjónustu- og velferðarnefnd að sinna verkefnum sem þeim er skylt skv. IX. Kafli laga um grunnskóla nr. 91/2008, VIII. kafli laga um leikskóla nr. 90/2008, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með síðari breytingum, barnaverndarlögum nr. 80/2002 með síðari breytingum og laga um málefni fatlaðs fólks nr. 52/1992 með síðari breytingum. Sameiginlegur yfirmaður er yfir þjónustunni en félagsþjónustan er með þrjár starfsstöðvar sem reknar eru af viðkomandi sveitarfélagi eða hópi sveitarfélaga. Málaflokkar sem heyra undir félagsþjónustu eru: félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, barnavernd, félagslegt leiguhúsnæði, húsaleigubætur, sérstakar húsaleigubætur, leiguhúsnæði sérstaklega ætlað öldruðum að Egilsbraut 9, félagsleg heimaþjónusta, dagvist aldraðra, tómstundarstarf aldraðra, liðveisla, ferðaþjónusta fatlaðs fólks, rekstur búsetueiningar fyrir fólk með fötlun að Selvogsbraut 1 og Viss, vinnu- og hæfingarstöð að Unubakka 4.

Á árinu 2014 var mikil áhersla á þjónustu við eldri borgara. Heimaþjónustan var eflð og breytingar voru gerðar á úthlutun á húsnæði að Egilsbraut 9. Velferðarráðuneytið samþykkti einnig fjölgun dagvistarrýma úr 6 í 8 og tók sú breyting gildi á miðju síðasta ári. Sveitarfélagið samþykkti að veita sérstakar húsaleigubætur til þeirra sem eru tekjulágir og eiga í félagslegum erfiðleikum.

Framtíðarsýn

Á árinu 2015 er lögð áhersla á að koma sem flestum sem eru á fjárhagsaðstoð í virkni.

Á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögunum eru oft einstaklingar sem eru vinnufærir en hafa litla reynslu af vinnu eða hafa verið í endurhæfingu og eru nú taldir vinnufærir en fá ekki starf við hæfi. Mikilvægt er að virkja þessa einstaklinga þó ekki væri nema hluta úr degi. Koma þarf á formlegu samstarfi við stofnanir sveitarfélaganna, þannig að til verði starfabanki. Laun vegna þessarar starfa koma frá félagsþjónustunni, þannig að engin kostnaður fylgir þessu fyrir stofnanirnar en mikilvægt er að það verði tengiliður á hverjum vinnustað sem heldur utan um starf viðkomandi.

Fjöldi vinnufæra einstaklinga í október 2014 sem eru á fjárhagsaðstoð á öllu svæðinu eru 9.

Reiknað er með að þetta hafi ekki áhrif á hækkun fjárhagsaðstoðar en einungis er gert ráð fyrir því að lækka framfærslustyrki og gera síðan ráð fyrir launalið inn á fjárhagsaðstoð vegna virkniúrræða.

Skipting fjárhagsaðstoðar milli starfsstöðva yrði þá þessi:

Starfsstöð	Áætlun 2014	Styrkir 2015	Laun 2015
Hveragerði	17.000.000	10.854.000	6.146.000
Ölfus	9.310.000	4.700.500	4.609.500
Laugarás	8.000.000	4.927.000	3.073.000


Gert er ráð fyrir 4,5 stöðugildi á öllu svæðinu, 2 stöðugildi í Hveragerði, 1,5 í Ölfusi og 1 í Laugarási.

Efla þarf úrræði í barnavernd og er lögð áhersla á að sveitarfélögin sem reka velferðarþjónustu sameinist um faglegan starfsmann í 20% stöðuhlutfalli til að sinna tilsjón inn á heimili. Á næsta ári stendur til að innleiða staðlað matstæki í barnavernd á landsvísu og er gert ráð fyrir að barnaverndarstarfsmaður í Ölfusi tæki þátt í þeirri innleiðingu. Matstækið mælir áhættu og verndandi þætti hjá börnum og gefur til kynna hvaða þjónusta henti hverju barni. Áhersla verður einnig á að bjóða foreldrum leikskólabarna upp á foreldrafærnisnámskeið og verður þau námskeið haldin í samvinnu við starfsmenn skólajónustu.

Á síðasta ári var fjölgað dagvistarrýmum fyrir aldraðra úr sex í átta. Vegna þessarar aukningar þarf að auka stöðugildi í dagvistinni um 0.8. Einnig þarf að gera ráð fyrir auknu stöðuhlutfalli starfsmanna sem sinna mótuneyti vegna breytinga á þeim rekstri. Áður kom matur frá SS en nú munu starfsmenn sjá um eldamennsku. Verð á mat til þeirra sem nýta sér þjónustu mótuneytis mun hækka töluvert.

Gjaldskrá dagvistar eldri borgara (mötuneyti)


Matur fyrir eldri borgara kr. pr./dag.....	1.067
Hádegisverður kr. pr./dag.....	704
Morgunmatur kr. pr./dag	352

03. HEILBRIGÐISMÁL

Undir liðinn heilbrigðismál er fært framlag sveitarfélagsins til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Framlagið er miðað við fjölda íbúa í sveitarfélaginu og er áætlað að það verði tæpar 1,5 m.kr. á árinu 2015.

04. FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL

Þróun reksturs fræðslu- og uppeldismála



Staða fræðslumála

Í Þorlákshöfn er rekinn Leikskólinn Bergheimar og Grunnskóli Þorlákshafnar. Þá á sveitarfélagið 14% eignarhlut í Grunnskólanum í Hveragerði og mun um áramótin eignast aukinn hlut eða alls 9% í leikskólum Hveragerðisbæjar. Um skólavist barna sem búa í dreifbýli Ölfuss fer samkvæmt samningum milli Ölfuss og Hveragerðis annars vegar og Ölfuss og Árborgar hins vegar. Fræðslunefnd fer með málaflokkinn í umboði bæjarstjórnar. Sveitarfélagið á fulltrúa í fræðslunefnd Hveragerðis.

Sveitarfélagið er aðili að Tónlistarskóla Árnesinga. Skólanefnd fer með málefni skólans í umboði hlutaðeigandi sveitarfélaga. Framlag sveitarfélagsins er til greiðslu launakostnaðar kennara og skólustjóra.

Sveitarfélagið styður námsmenn á framhaldsskóla- og háskólastigi sem stunda nám utan sveitarfélagsins með styrkjum samkvæmt sérstökum reglum sem settar hafa verið af bæjarstjórn og hefur svo verið um árabíl.

Sveitarfélagið niðurgreiðir vistun hjá dagmæðrum en í þéttbýli Ölfuss eru að jafnaði starfandi dagmæður.

Í árslok 2013 gerðist Sveitarfélagið Ölfus aðili að sameiginlegri sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustu sjö sveitarfélaga. Sveitarfélögin eru, auk Ölfuss; Hveragerðisbær, Grímsnes- og Grafningshreppur, Bláskógabyggð, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur. Markmið samstarfsins er að efla samstarf á milli sveitarfélaganna á sviði skóla- og velferðarþjónustu, minnka faglega einangrun starfsmanna og skapa teymi starfsmanna sem vinnur að því að bæta þjónustu við íbúa, nemendur, starfsfólk skóla og félagsþjónustu. Í teymi skólaþjónustunnar eru tveir kennsluráðgjafa og einn sálfræðingur. Eitt meginmarkmið þjónustunnar er að styðja við skóla, skólustjórnendur og starfsfólk þeirra til að takast á við hlutverk sitt samkvæmt lögum um leik- og grunnskóla.

Grunnskóli Þorlákshafnar

Sveitarfélagið Ölfus rekur Grunnskólann í Þorlákshöfn. Grunnskólinn er hefðbundinn grunnskóli með 13 bekkjardeildum og um 220 nemendum. Skólustjóri er Halldór Sigurðsson og aðstoðarskólustjóri

er Jón H. Sigurmundsson. Við skólann er rekið Frístundaheimili frá kl. 13.00 til 17.00 í tveimur stofum í skólanum. Deild Tónlistaskóla Árnésinga hefur verið til húsa í grunnskólanum í mörg undanfarin ár.

Skólinn sinnir allri kennslu á grunnskólastigi og á hverju ári hafa kennarar skólans kennt nokkra framhaldsskólaáfangu í 10. bekk og hafa alltaf nokkrir nemendur notað sér þá. Í ár er kennd danska og stærðfræði. Skólahúsnæðið hefur einnig verið lánað fyrir Fræðslunet Suðurlands og fl. kennslustofnanir og hafa kennarar skólans í flestum tilfellum kennt á námskeiðum þessum. Skólinn hefur einnig mikið verið notaður sem gistiheimili fyrir íþróttahópa og tónlistarhópa sem hafa verið í æfingabúðum.

Skólastjóri er yfirmaður alls starfsfólks skólans og stjórnar öllum daglegum rekstri skólans og öllu mannahaldi. Við skólann starfa 2 skólastjórnendur 24 kennarar í 23 stöðugildum, 2 sérkennarar, 2 þroskaþjálfarar, 1 danskennari í hálfu starfi, 6 stuðningsfulltrúar í 4 stöðugildum 1 skólaritari í 60 % starfi, 1 bókavörður, 6 skólaliðar, 2 starfsmenn í mötuneyti 1 húsvörður 4 starfsmenn í Frístund í 2 stöðugildum, samtals 54 í 47,8 stöðugildum.

Varðandi kennsluna eru verklegu kennslugreinarnar sem þurfa mestu fjármunina, heimilisfræði, smíðar/málsmíði, myndmennt og textíl og hefur sá liður hækkað verulega nú síðasta ár. Þó svo að reynt sé að versla við lágvöruverslanir þá hefur þessi liður verið hvað erfiðastur við rekstur á námsgögnum. Búnað í kennslustofur, borð og stólar, þarf að endurnýja og hafa verið keypt inn ca 10. st á hverju ári og þannig smá saman endurnýjað borð og stóla í kennslustofurnar. Tilboð hafa verið fengin frá Á Guðmundssyni í Kópavogi og allur búnaður verið keyptur þaðan. Bæta þarf við skjávrörpum í stofur en keyptir voru 10 á síðasta ári en að klára þarf verkefnið og bæta við 3 á þessu ári. Stór liður á síðasta skólaári var kostnaður við ljósritun og blek í prentara og þarf að auka verulega fjármagn í þann lið en blekhyliki hafa hækkað mjög mikið á undanförunum árum. Efniskostnaður við ræstingu hefur margfaldast á síðasta ári og þarf að huga verulega að því. Námsbækur sem eru keyptar utan kvóta námsgagnastofnunnar og sérkvóta, þarf alltaf að gera ráð fyrir en töluvert efni er notað sem ekki fæst í úthlutun ríkisins og er mun betra námsefni.

Ný kennslutæki þarf að kaupa og er þá fyrst og fremst fjölgun á spjaldtölvum og endurnýja þarf geisladiskataki í stofur. Einnig þarf að halda áfram að bæta við nýjum kennslutækjum í tónmenntadeildina.

Eftir að Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings tók til starfa hefur liðurinn námskeið og skólagjöld hækkað verulega og virðist sem svo verði áfram en mjög mikið af námskeiðum og þingum eru í gangi á þeirra vegum og einnig eru fundir sem nauðsynlegt er að mæta á sem kosta bæði fæði og akstur. Er þetta af hinu góða og er aukning á símenntun nauðsynleg fyrir starfsfólkið.

Reiknað er með svipuðum starfsmannafjölda en alltaf þarf að gera ráð fyrir veikindum starfsmanna og óvæntum veikindatilfellum og því getur launaliður hækkað frá því sem ráð var fyrir gert í áætlun. Sinna verður forfallakennslu eins og nokkur kostur er en útilokað er að hafa yngri nemendur kennaralausa á kennslutíma skólans og hvorki hægt né heimilt að senda þá heim. Ef kjarasamningar kennara verða samþykktir í febrúar þarf að breyta stjórnunarkerfi skólans og hugsanlega ráða deildarstjóra í stað stigstjóra sem hefur verið hingað til. Einn kennari er við nám í náms- og starfsráðgjöf og klárar námið í vor. Ef hann kemur ekki aftur til starfa þarf að ráða náms- og starfsráðgjafa en það er lögbúið að hafa slíkan starfsmann í hlutastarfi. Sérfræðiþjónusta verður við skólann, talmeinafræðingur er ráðinn sem verktaki og sálfræðingur er á vegum Skóla- velferðarþjónustu Árnespings.

Skólastjóri sér fyrir sér bjarta sýn fyrir Grunnskólann í Þorlákshöfn, gott starfsfólk hefur ráðið sig til skólans, fólk sem hefur búsett sig hér til lengri tíma, gott foreldrastarf er við skólann og sterkt foreldrafélag. Það er líka til fyrirmyndar að mjög góður aðbúnaður er við skólann, fyrsta flokks íþróttamannvirki og mjög góð aðstaða úti fyrir nemendur, allt þetta hjálpar til við að gera skólastarfi gott og skemmtilegt.

Gjaldskrá fyrir fæði í Grunnskólanum í Þorlákshöfn og Frístund

Matur fyrir börn í skóla og frístundaheimili kr. pr./máltíð	350
Kaffi/hressing í skóla og frístundaheimili kr. pr./hressing	118

Gjaldskrá Frístundaheimilis

Heilsdagsvistun frá lokum skóladags til kl. 17:15 kr. pr./mánuð10.167

Hálfdagsvistun frá lokum skóladags til kl. 15:15 kr. pr./mánuð5.082

Veittur er systkinaafsláttur 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni.

Systkinaafsláttur nær yfir þjónustu Frístundaheimilis, leikskólaþjónustu og þjónustu dagforeldra. Ef barn er hjá dagforeldri og systkin þess á leikskóla/Frístundaheimili er systkinaafsláttur veittur af leikskólagjaldinu/Frístundaheimilisgjaldinu.

Leikskólinn Bergheimar

Í málaflokki leikskólans er starfamannahald, búnaður, leiktæki og matarinnkaup,viðhald, annað til daglegs reksturs. Leikskólinn er fyrir börn á aldrinum 2ja til 6 ára og fjögurra deilda. Leikskólinn vinnur eftir Aðalnámsskrá leikskóla og fer eftir lögum og reglugerðum. Leikskólinn starfar allt árið en lokar í fimm vikur vegna sumarleyfa.

Stöðugildi þeirra sem vinna með börnunum eru 17 og í stjórnun eru 3. Leikskólakennarar eru 12 og leikskólaliðar eru þrír. Tveir leikskólakennarar eru í meistaranámi og þá eru tveir starfsmenn í leikskólakennaranámi ein að byrja og önnur að ljúka námi næsta vor. Tveir starfsmenn eru í leikskólaliðanámi og fjórar stefna á framhaldsnám næsta vor.

Enn vantar aðeins upp á 2 leikskólakennarar + 1 önnur menntun regluna en það líður ekki á löngu þar til það hefst. Áhuga til náms og gott hlutfall fagmenntaðra má þakka aðkomu sveitarfélagsins með styrk vegna grunnnáms til leikskólakennara og meistaranáms.

Dagleg störf eru frá kl. 07:30-17:00 og eru langflestir starfsmenn í fullu starfi. Að auki starfa í leikskólanum ræsting, kokkur og aðstoð í eldhúsi en þau stöðugildi eru 3,5. Meðalaldur starfsfólks er 44 ár og langflest með langan starfsaldur. Aldur og fjöldi barna auk réttinda vegna menntunar og starfsaldurs ræður starfsmannfjölda.

Nokkur atriði eru enn eftir af framkvæmdum lóðar s.s. gróðurkassar og bálhús og ungbarnahlutinn.

Mötuneyti skólanna sem staðsett er í Bergheimum mun taka á sig rétta mynd á fyrstu mánuðum ársins. Lagt er af stað með 2,5 stöðugildi í leikskólanum og 2 í grunnskólanum. Tillaga hefur verið lögð fram þess efnis að halda rekstri mötuneytis aðskildum rekstri skólanna og gefa ákveðinn tíma til að vinna úr því hvernig skiptingin geti best orðið.

Endurbótum á elstu byggingu leikskólans var fyrirhugað að ljúka 15. september 2015 og þar með yrði farið að taka við 18 mánaða börnum. Bæjarstjórn hefur ákveðið að fresta þessari framkvæmd og verður unnin þarfagreining á árinu, þ.e. út frá barnafjölda á leikskólanum og væntum barnafjölda næstu ára. Auk þess verður unnin ítarleg kostanaáætlun fyrir framkvæmdina. Þegar að þessari breytingu kemur fylgir að fjölga þarf í starfslíði um 4 stöðugildi og umfang reksturs eykst um þessa deild. Kaupa þarf búnað og leikföng sem henta þessum aldurshópi auk þess sem klára þarf að hanna lóðina.

Laga þarf þakið á 98 byggingunni og það þarf að tímasetjast í sumarleyfinu og þarf framkvæmdum og þrífum að vera lokið þegar leikskólinn byrjar eftir sumarleyfi.

Leikskólinn er „leikskóli á Grænni grein“ og mun halda áfram að aðlaga sig að Grænfánastefnu og með því verður skólinn sjálfbærari og stefnt á að hann verði léttari í rekstri. Með því að teljast sjálfbærari er átt við að það starfar fagfólk í leikskólanum. Með því að borða hollt og hreyfa sig og með því að nýta mat að fullnustu og með því að vera meðvituð um eigin þarfir og ágæti. Með því að læra umgengni um náttúruna. Með því að endurvinnna allt sem hægt er að endurvinnna, spara þar sem hægt er að spara og flokka allan úrgang.

Gjaldskrá leikskólaþjónustu

Tímagjald milli kl. 08:00 og 16:00 verður kr.3.044

Tímagjald milli kl. 16:00 og 17:00 verður kr.4.834


Systkinaafsláttur verður 25% með öðru barni og 50% með þriðja barni. Þá verður foreldrum sem stunda dagnám veittur afsláttur af leikskólagjaldi og greiða þeir samkvæmt forgangsgjaldi sem er greiðsla fyrir börn einstæðra foreldra og nemur afslátturinn 30% af fullu gjaldi.

Einstæðir foreldrar njóta ekki jafnframt námsmannaafsláttar.

(Ath. Afsláttur af leikskólagjaldi er aðeins veittur ef viðkomandi stundar nám sem er a.m.k. 24 ECTS einingar á önn).

Sækja þarf um afsláttinn til leikskólastjóra fyrir skólaárið og leggja fram staðfestingu frá skóla um að viðkomandi hafi fengið skólavist og staðfestingu á fjölda eininga á önn. Afslátturinn fellur sjálfkrafa niður í lok maí. Sækja þarf um niðurfellingu fyrir 1. september ásamt því að endurnýja fyrri umsóknir.

05. MENNINGARMÁL

**Staða menningarmála**

Með málefni menningar-, viðburða- og ferðamála í sveitarfélaginu fer menningarnefnd ásamt menningarfulltrúa sem er í 100% stöðugildi. Sveitarfélagið er aðili að Héraðsnefnd Árnesinga bs. og fer stærsti hlutur framlaga til nefndarinnar til reksturs héraðsskjalasafns, listasafns og byggðasafns Árnesinga.

Kostnaður vegna ýmiskonar hátíðarhalda svo sem vegna 17. júní og Hafnardaga sem er árleg hátíð íbúa Sveitarfélagsins Ölfuss er færður undir málaflokkinn.

Menningarlíf sveitarfélagsins hefur verið með miklum blóma síðustu árin tekið og hefur sveitarfélagið laðað til sín fjölbreytta flóru listamanna sem hafa haft jákvæð áhrif á mannlífið.

Lýsing á málaflokknum

Menningarsvið Sveitarfélagsins Ölfuss nær yfir margvíslega starfsemi. Stærsti útgjaldaliðurinn felst í rekstri Byggða- og bæjarbókasafns Ölfuss. Bókasafnið er almenningsbókasafn og starfar samkvæmt lögum um bókasöfn nr. 150/2012.

Á bókasafni er skrifstofa menningarfulltrúa, en hann annast kynningar- og ferðamál auk viðburða og reksturs stofnunarinnar (þ.e. Byggða- og bæjarbókasafn Ölfuss). Undir menningarsvið heyrir einnig rekstur Versala, menningarsala í ráðhúsi Ölfuss. Menningarnefnd Ölfuss er sú fagnefnd sem fer með málefni sviðsins og er menningarfulltrúi starfsmaður nefndarinnar. Á sviðinu starfa 5 manns í 2,9 stöðugildum.

Bæjarbókasafn

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsinga- og menningarstofnun sem veitir öllum aldurshópum aðgang að fjölbreyttum safnkosti. Leitast er við að bjóða íbúum sveitarfélagsins upp á frjálstan og óheftan aðgang að upplýsingum og ýta undir þekkingarleit bæði með safnkostinum en einnig með aðgengi að tölvum og aðstoð við upplýsingaleit. Til að geta sinnt þessu hlutverki kaupir safnið bækur, tímarit, dagblöð, margmiðlunarefni, hljóðbækur og annað sem stendur íbúum í sveitarfélaginu til boða að fá lánað.

Stærsti kostnaðarliður bókasafnsins, fyrir utan launakostnað og leigu húsnæðis eru innkaup á bókum og tímaritum.

Á þessu ári var formlega stofnað til samstarfsverkefnisins Bókabærinn austanfjalls, en um samstarfsverkefni fyrirtækja og stofnana í Hveragerði, Árborg og Ölfusi er að ræða. Bæjarbókasafn Ölfuss er einn stofnfélaga verkefnisins og hyggst taka virkan þátt í starfinu með það að leiðarljósi að nýta vörumerkið (þ.e. Bókabærinn austanfjalls) til að styðja við ferðaþjónustu á svæðinu og fjölga gestum. Á fundi menningarnefndar þann 12. nóvember var tekin fyrir umsókn frá stjórn Bókabæjanna austanfjalls um þátttöku í launagreiðslu starfsmanns til að vinna áfram að verkefninu. Nefndin ákvað að samþykka af sinni hálfu að greiða hluta launa starfsmanns með þeim fyrirvara að hin sveitarfélögin tækju þátt í launagreiðslunni.

Byggðasafn Ölfuss

Búið er að koma upp ásættanlegu geymsluhúsnæði fyrir muni Byggðasafnsins en húsnæðið er við enda þjónustumiðstöðvar. Þar hefur munum verið raðað í hillur og er nú hægt að sækja formlega um að fá staðfestingu á safninu hjá Safnaráði. Áfram þarf að vinna að endurbótum geymsluhúsnæðis á næsta ári þar sem um leið og tunglfiskur er kominn út úr geymslu, verður hægt að setja upp vinnusvæði með vaski og aðstöðu til að tölvuskra muni. Á næsta ári verður einnig byrjað að skrá safngögn inn í gagnagrunninn Sarp og þarf að greiða fyrir aðgang að gagnagrunninum.

Stefnt er að því að halda áfram vinnu við uppbyggingu hverfisverndarsvæðisins, en það er svæðið sunnan við Egilsbraut. Næsti áfangi í uppbyggingu svæðisins er undirbúningur göngustígs. Farið verður í að vinna undirlagið fyrir stíginn og gera hann tilbúinn fyrir malbikun.

Ritun sögu Þorlákshafnar

Búið er að fullklára handrit að Sögu Þorlákshafnar. Á árinu 2014 var byrjað á umbroti og leitast við að ljúka ljósmyndasöfnun. Þegar umbrot liggur fyrir í heild sinni þarf að prófarkarlesa allt handritið og vinna atriðaorðaskrá og heimildaskrá. Þegar því lýkur er komið að hönnun kápu og prentun. Stefnt er að því að handritið verði tilbúið í prentun haustið 2015.

Hafnardagar/Sjómannadagurinn/menningarviðburðir

Undanfarin ár hefur fjármagn til hátíðahalda um Hafnardaga verið í lágmarki. Gert er ráð fyrir því að aukið fjármagn verði notað til hátíðarinnar í ár.

Hér undir falla einnig ýmsir menningarviðburðir, t.d. útljósmyndasýning og ýmsir viðburðir sem ekki heyra undir Hafnardaga eða dagskrá bókasafnsins.

Auk þeirra viðburða sem hefð er fyrir, er stefnt að því að búa til hátíð með áhugahópi um brimbrettaiðkun næsta sumar. Um nokkurskonar vatnahátíð verður að ræða þar sem íþróttir tengdar sjónum verða í brennidepli.

Breytingar hafa orðið á menningarlífinu í Þorlákshöfn frá því að fyrst var byrjað að efna til Tóna við hafið. Menningarviðburðum og aðallega tónleikum hefur fjölgað, tónlistarmenn sækja í að halda tónleika í Þorlákshöfn og uppgangur hefur verið hjá þeim félögum sem starfa á menningarsviðinu (lúðrasveitinni, leikfélaginu, kórnum og fleirum). Þetta hefur orðið til þess að tónleikum á vegum Tóna við hafið hefur fækkað þar sem aðrir tónleikar hafa komið inn. Til að viðhalda þessari þróun, er þó nauðsynlegt að gera aðilum kleift að halda tónleika með því að bjóða húsnæði á góðum kjörum og aðstoða við kynningu líkt og gert hefur verið hingað til.

Samfara fækkun tónleika má lækka upphæðina sem fer í Tóna við hafið, enda hefur Menningarráð Suðurlands stutt vel við hátíðina. Lagt er til að lækkun á hlut Tóna við hafið, fari til Hafnardaga eða menningarviðburða.

Versalir

Áhorfendapallar í Versali: Áhorfendaaðstaða á leiksýningum hefur ekki verið góð. Notuð hafa verið vörubretti til að búa til áhorfendastæði, en þau eru fyrirferðamikil og standast ekki kröfur um brunavarnir. Keyptir voru notaðir áhorfendapallar úr Tjarnarbíói árið 2014 og samið um að greiða helming kostnaðar árið 2015.

Borð og búnaður í Versali: Mikill hluti borða er orðinn úr sér genginn og nokkur borð eru hreinlega ónýtt. Nauðsynlegt er að fjárfesta í borðum þar sem til eru ca 350 stólar en einungis borð til að dekkja upp fyrir ca. 250 manns.

Hljóðkerfi: Búið er að fara í lagfæringar á hljóðkerfi í stóra salnum en hljóðkerfið virkar ekki í litla salnum. Nauðsynlegt er því að kaupa hljóðkerfi fyrir litla salinn svo hægt sé að fullnýta báða sali.

Fjarfundabúnaður og fundasími: Nokkrum sinnum hefur verið spurt um fjarfundaaðstöðu í Versölum. Mikilvægt er fyrir starfsemi Versala að geta boðið upp á slíka aðstöðu. Finna þarf góðan ráðgjafa til að fara yfir þessi mál.


Drappingar á sviði: Leikfélagið hefur sett upp gardínu á sviði til að dekkja baksviðið. Efnið stenst ekki kröfur um brunavarnir og er því nauðsynlegt að kaupa drappingar sem standast reglugerðir. Drappingarnar nýtast við alla viðburði í stóra salnum, ekki bara fyrir LÖ.

Ferðamál/kynningarmál

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir kostnaði vegna útgáfu ferðakorts, þ.e. Ölfus bæklings á árinu 2015.

06. ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Þróun reksturs íþrótta- og æskulýðsmála



Núverandi staða

Undir málaflokkinn í fjárhagsáætlun heyra eftirfarandi deildir (liðir); íþrótta- og æskulýðsnefnd, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi, leikvellir, vinnuskóli, smíðavöllur, íþróttanámskeið, félagsmiðstöð, íþróttahús, sundlaug, golfvöllur, Þorláksvöllur, Háaleitisvöllur, ungmennaráð, styrkir til íþróttafélaga, íþrótta- og afrekssjóður og forvarnarmál.

Um málefni íþrótta- og æskulýðsmála fer íþrótta- og æskulýðsnefnd ásamt íþrótta- og æskulýðsfulltrúa, aðrir starfsmenn eru starfsmenn íþróttamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar.

Tjaldstæði

Ljúka grillhúsi, endurbæta aðstöðu til að losa húsbíla og laga umhverfi salernishúss. Einnig þyrfti að gróðursetja skjólbelti og gera þannig svæðið meira aðlaðandi fyrir gesti. Upplýsingaskilti hefur verið á dagskrá þar sem upplýsingar séu um lengri og styttri gönguleiðir.

Knattspyrnuvellir og íþróttasvæði

Ganga þarf í að deiliskipuleggja svæði merkt U- 3 í aðalskipulagi. Aðkeyrsla að gömlu völlum er algjörlega óviðunandi og nauðsynlegt að finna á því framtíðarlausn. Einnig þarf að huga að staðsetningu bílastæða, snyrtingu og fl.

Íþróttamiðstöð (íþróttahús)

Íþróttahúsið var tekið í notkun 12. janúar 1991 og er því orðið 23 ár gamalt. Húsið hefur þjónustað okkur vel og er afskaplega gott íþróttahús. En nú er kominn tími á ýmiss viðhaldsverkefni. Á þessu ári (2014) var gerð lagfæring á rennum og klipptar burt skemmdir á klæðningu og tókst þar vel til. Kostnaður var u.þ.b. 3 m.kr.

Önnur stór verkefni fyrirjáanleg í næstu framtíð eru: Slípun parketts, lökkun og málun á nýjum línunum, Skipta um klæðningar á göflum (sjá skýrslu um ástand klæðningar), koma upp aðstöðu fyrir blaðamenn, nýja leikklukku og loftræstingu í salinn.

Þar sem þetta eru stór viðhaldsverkefni og fjárfrek þurfum við að forgangsraða þessum verkefnum á nokkur ár.

Betri aðstaða til að stunda fimleika er mjög mörgum hugleikin og þegar íþróttamiðstöðin var endurbýggð á árunum 2007 – 2008 voru settar fram hugmyndir að stækkun íþróttahússins til austur þar sem koma mætti fyrir allt að 700 m² byggingu sem hýsa myndi fimleikasal og tækjageymslu.

Nú þegar er orðið mjög aðþrengt í íþróttasalnum. Mikið er til af tækjum sem eru plássfrek og geymslurými takmarkað. Huga þarf sérstaklega að þessu bæði í lengd og bráð. Til að leysa úr brýnustu vandamálunum er hægt að setja upp búnað þar sem hægt er að hífa tæki upp á vegg.

Best væri að setja á laggirnar vinnuhóp sem færi yfir þessi mál, kynnti sér þau gögn sem til eru, kynntu sér fimleikaðstöður annarstaðar og kæmu með tillögur um hvernig við gætum staðið að þessu.

Íþróttamiðstöð (sundlaug)

Tækjabúnaður sundlaugar og hús þarfnast mikils og stöðugs viðhalds. Mikið álag er á tækjabúnaði sem gengur allan ársins hring. Nokkur vandamál hafa komi upp frá því að sundlaugin var tekin í notkun sem skýra má á ýmsan hátt er kannski má kalla það mistök í hönnun og sparnað við byggingarframkvæmdir sem hafa orsakað það að viðhaldskostnaður er hærri en þarf.

Töluverðir fjármunir farið í það að laga þá hönnun sem ekki hefur verið nógu góð. Enn fremur hafa utanaðkomandi vandamál herjað á okkur og þá helst vandamál er snúa að Orkuveitu Reykjavíkur.

Stærsta vandamálið sem blasir við núna er að hiti í tæknirými er alltof mikill og sá kælibúnaður sem þar er ekki nógu afkastamikill. Þetta veldur því að ýmiss rafeindabúnaður endist mun styttra en ráð er fyrir gert og hefur þurft að skipta út ýmsum búnaði síðustu ár sem endast á mun lengur. Þannig að það má segja að það blæði töluvert þegar kemur að viðhaldskostnaði í tæknirými.

Enn fremur eru önnur loftræstimál til vandræða. Töluvert tjón varð á haustmánuðum þegar ein loftræstingin fór að leka. Tærst hafði í sundur rör sem orsakaði að allur rafbúnaður loftræstingarinnar eyðilagðist.

Verkefni í sundlaug árið 2015.

Gera endurbætur í tækjarými á loftræstingum, forhiturum (sjá samantekt Kristjáns Þórs Hálfðánarsonar og Jóns Sæmundssonar hjá Verkís). Skipta um sand í síum í innilaug.

Samstarfssamningar

Um stuðning til íþrótt-, æskulýðs og annarra tólmstundafélaga fer samkvæmt þjónustusamningum að mestu leyti sem sveitarfélagið hefur gert við viðkomandi félög. Í þjónustusamningum er m.a. kveðið á um samstarf á ýmsum sviði, stuðning við barna og unglíngastarf vegna æfingagjalda, eflingu félaganna, þjónustu um rekstur æfinga- og keppnissvæða, um rekstur íþrótt- og leikjanámskeiða, rekstur smíðavalla og gerð reiðvega.

Samningarnir tóku gildi frá og með 1. janúar 2013 og gilda út árið 2016.

Frístundakort

Frístundakort eða frekari niðurgreiðslur æfingagjalda hafa verið í umræðunni. Ef menn hafa hug á að fara í þá vegferð er nauðsynlegt að undirbúa það vel og best væri að setja saman starfshóp sem hæfi þegar störf og skilaði af sé eigi síðar en á vormánuðum 2016. Það er hægt að hugsa sér að þetta yrði tekið samhliða endurskoðun á samstarfssamningunum.

Næstu ár

Á árunum 2007 og 2008 var lyft grettistaki í uppbyggingu íþróttamannvirkja í Þorlákshöfn. Í ágúst 2008 voru tekin í notkun íþróttamannvirki sem teljast verulega góð á landsvísu. Síðan þá hafa skrefin verið eðlilega minni en samt höfum við tekið í notkun rúmlega 300 manna stúku á íþróttavellinum og nú í haust tókum við í notkun heilsustíginn.

Næstu árin verður lögð áhersla á að lagfæra og endurbæta þau mannvirki sem fyrir eru.

Gjaldskrá sundlaugar

Fullorðnir stakt gjald kr.....	600
10 miðar kr.	4.200
30 miðar kr.	9.000
Árskort kr.....	27.000
Börn að 16 ára aldri	frítt
Ellilífeyrisþegar	frítt
Öryrkjar	frítt
Sundföt leiga pr. skipti kr.....	500
Handklæði leiga pr. skipti kr.	500
Sund + sundföt leiga pr. skipti	1.100
Morguntími í ljós kr.	1.100
Kvöldtími í ljós kr.	1.200
Morgunkort í ljós kr.....	7.900
Kvöldkort í ljós kr.....	9.900

Gjaldskrá í líkamsrækt

Mánaðarkort kr.	7.700
Sex mánaða kort kr.....	27.500
Árskort kr.....	43.000
Hjónakort kr.....	75.000
10 miða klippikort kr.....	7.700
Stakt skipti kr.....	1.500

Afsláttur til námsmanna er 20% og 40% til elli- og örorkulífeyrisþega.

Gjaldskrá tjaldsvæðis

Fullorðnir pr. nótt pr. mann kr.	950
Börn að 16 ára aldri (í fylgd fullorðinna).....	frítt
Ellilífeyrisþegar pr. nótt pr. mann kr.....	650
Rafmagn pr. tjaldeining pr. dag kr.....	700

Skýrsla Yfirflokkstjóra vinnuskólans

Undirbúningur fyrir vinnuskóla hófst í lok maí – byrjun júní. Við byrjuðum á því að taka allt úr gámnum, hreinsuðum og síðan töldum við verkfærin. Þar sem flest verkfærin eru gömul og lúin mæli ég með að bæta við verkfærum strax í byrjun næsta sumars. Við settum síðan öll verkfærin á sinn stað í gámnum. Gámurinn var síðan fluttur fyrir framan félagsmiðstöðina, þar sem við biðum eftir að karlarnir frá útvarps fyrirtækinu myndi taka allar eigur þeirra svo við gætum byrjað að vinna (þeir þurfa að vera fljótari að taka öll tækin á næsta ári). Við byrjuðum að þrifa alla félagsmiðstöðina, fengum lánaðan iskápinn eins og í fyrra og notuðum örbylgjuofn félagsmiðstöðvarinnar.

Sumarið 2014 voru 28 krakkar í vinnuskólanum skráðir í heildina en nokkrir krakkar úr leiksólanum koma að vinna hjá okkur eftir að leikskólinn fór í sumarfrí. Krakkarnir voru á aldrinum 2001- 1998. Í byrjun sumar voru 3 flokkstjórar: Anna Ponkratova, Hannes Skúlason og Haukur Andri Grímsson. Anna

sá um yngstu krakkana þannig að hún var með okkur í rúmlega mánuð. 2001 voru í 4 vikur, 2000 í 8 vikur og 1999 og 1998 voru að vinna í 9 vikur. Ég leyfði 2000 krökkunum að vinna 4 daga í viðbót ef þau vildu. Það komu 3-5 krakkar úr 2000 hópnum sem vann lengur. Hannes tók sér smá frí til Tenerife, þar sem ég fyllti í skarð hans. Vinnuskólinn byrjaði 3. júní og endaði 1. ágúst.

Eins og seinustu ár hefur verið samstarf milli námskeiðanna. 2 fóru í leikja-, 2 í fótbolta- og 2 í fimleikanámskeið og einn fór í frjálsíþróttæfingar. Helstu verkefni vinnuskólans var beðahreinsun, götuhreinsun og að taka upp rusl.

Umbunarkerfið var aðsjálfsögðu í ár eins og það var í fyrra. Þar sem það er gefið einkunn frá 1-10 meðað við hversu vel krakkarnir unnu, notkun verkfæris og hegðun gangvart flokkstjórum. Kerfið virkar svoleiðis ef hún/hann fær yfir 9 í meðaleinkunn þá fær sú/sá einstaklingur umbun, sem er eftir kaffi á föstudögum þar sem við leikum okkur, horfum á sjónvarp og svo framvegis. Þeir sem fá lægri einkunn fara að vinna eftir kaffi á föstudögum.


Við fórum aðeins og vana með því að fara í sundferð og þar má líka segja frá fyrirlestrunum em hún Elín kom á framfarir. Hún skipulagði fullt af fyrirlestrum sem krakkarnir höfðu gott af. En eins og flestir vita þá geta unglingar ekki verið með mikla athygli ef það er fyrirlestur í gangi. Það var líka farið í þá árlegu skemmtiferð sem allir krakkarnir fara í. Þar voru veitt kórónur fyrir alls konar þar sem flokkstjórnarnir vildu setja eins og "hösslerinn". Farið var um 10 og til Reykjavíkur. Fórum í Smáralindina í Lasertag og á meðan voru krakkarnir í Skemmtigarðinum. Síðan var farið í bíó á myndina Transformers 3. Eftir þetta fórum við heim og allir sáttir eftir ferðina.

Sumarið var betra en í fyrra, þar sem ég var flokkstjóri í fyrra. Veðrið var þó oft rigning og rok. Við fengum samt nokkra daga þar sem sólin skein á okkur. Það kom ekkert slys upp á og sumarið gekk í heildina vel upp.

Að lokum vil ég koma því fram að við ráðningu flokkstjóra ætti að vera ítarleg. Fólk sem er falið starfið á að geta unnið með krökkum og geta höndlað ákveðnar aðstæður sem gætu komið upp á. Fyrsta skipti sem ég er yfirflokkstjóri og það eru eflaust nokkur atriði sem ég gat gert betur. Ef ég verð hér á næsta ári mun ég gera eflaust betur en ég gerði þetta árið.

Ég líka með eina tillögu. Þar sem ég veit að á Selfossi er skipt í svæði sem ákveðinn hópur sér um að hreinsa beð, vökva beðin og annað slíkt. Mér finnst að við ættum að gera það, því það tekur ótrúlega stuttan tíma ef einn hópur er t.d. Með bara Hafnarberg, Selvogsbraut og Óseyrarbraut. Það er nokkur beð þarna sem væri ótrúlega flott að einn hópur taki alveg beðin í hreinsun og síðan í lok vikunnar að vökva. Síðan þegar það er búið að fara í gegnum allt sitt svæði þá getur hópurinn farið í önnur verkefni. Væri kannski líka sniðugt að búa til svona skýli eða slíkt til að hafa kannski til vara ef vinnumenn þurfa auka verkfæri. Hafa t.d. Eina hjólböru, 10 fötur, 2 kústa, einn gaffal og síðan smá verkfæri. Hafa síðan miða fastan svo allir hlutirnir séu skilaðir í lok dags.


07. BRUNAMÁL OG ALMANNAVARNIR

**Almennt um brunamál og almannavarnir**

Sveitarfélagið Ölfus hefur verið aðili að Brunavörnum Árnæssýslu frá 1. janúar 2010. Sveitarfélög í Árnæssýslu hafa sameinast um eina almannavarnanefnd fyrir svæðið. Með sameiginlegri nefnd er verið að styrkja almannavarnarkerfið á svæðinu.

08. HREINLÆTISMÁL

Þróun reksturs hreinlætismála



Almennt um hreinlætismál

Sveitarfélagið er aðili að Sorpstöð Suðurlands. Þann 1. desember 2009 var sorpurðun hætt í Kirkjuferjuháleigu samkvæmt samkomulagi sem gert var milli Sveitarfélagsins Ölfuss og stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands 3. nóvember 2004 og er nú allt sorp úr sveitarfélaginu flutt til urðunar á Reykjavíkursvæðinu.

Í lok árs 2013 var sorphirða fyrir sveitarfélagið boðin út og var Gámaþjónustan hf. með lægsta tilboð. Samið var við Gámaþjónustuna hf. og tók fyrirtækið við þjónustunni 1. mars 2014.

Móttaka spilliefna, gámasvæði o.fl.

Verið er að kanna nýja staðsetningu á móttökustað fyrir sorp, úrgang. Æskilegt að sú staðsetning sé við þjónustumiðstöðina. Mjög brýnt er að niðurstaða komi í það hvar byggja á upp nýtt gámasvæði, því þó að tekist hafi að laga útlitið á svæðinu aðeins þá er það eiginlega til skammar, sérstaklega girðingin í kring hangir varla uppi, eins er það til mikill vandræða varðandi þrifnað að planið og rampurinn séu ekki malbikað eða steipt, eins rótast mölin alltaf upp þegar verið er að skipta um gáma. Það að fá pressugáma fyrir almennt sorp og bylgjupappa var til mikilla bóta, því það bæði fækkar ferðum og eins er minni sóðaskapur í kringum þá. Ástandið á jarðvegstíppnum varð mjög slæmt í vor en mikið og óflokkað efni barst þangað eftir framkvæmdir hjá SS í Þorlákshöfn. Farið var í lagfæringu á svæðinu í haust og efni sem ekki á að sjást þar var flokkað frá eftir bestu getur. Núna er búið að setja upp betri upplýsingaskilti, á því er sagt hverju má henda (eingöngu lífrænum úrgangi) og að ætlast sé til þess að það sé flokkað í fjóra flokka. Grófur jarðvegur og garðaúrgangur en þetta tvennt er jafnað út á staðnum. Greinar, en hugsunin er sú að þær verði kurlaðar og notaðar í beð, stíga eða til moltugerðar. Gras, en hugsunin er að taka það og dreifa því í rofabörð til uppgræðslu.

Undir þennan málaflokk heyrir einnig dýrahald. Hunda- og kattahald er bannað í sveitarfélaginu ef frá eru taldir þarfahundar á lögbýlum og hundar sem notaðir eru til björgunarstarfa svo og aðstoðarhundar blindra og fatlaðra einstaklinga. Hægt er þó að fá leyfi fyrir hundum og köttum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sbr. samþykktir um hunda- og kattahald.

Gjaldskrá fyrir hundahald

Hundagjald kr. pr./ár pr./hund 12.413

Handsömunargjald fyrsta skipti kr. pr./hund	6.000
Handsömunargjald ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða kr. pr./hund	12.000

Gjaldskrá fyrir kattahald

Kattagjald kr. pr./ár pr./kött	3.787
Handsömunargjald fyrsta skipti kr. pr./kött	4.000
Handsömunargjald ef til handsömunar kemur aftur innan sex mánaða kr. pr./kött	8.000

Hreinsun og losun rotþróa

Gjöld miðast við framkomna reikninga frá verktaka frá og með 1. janúar 2015.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi

1. grein

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Ölfusi dagsett 1. desember 2005.

2. grein

Gjaldið er sem hér segir:

Sorphreinsigjald á íbúðarhús á ári kr.	19.237
Sorpeyðingargjald á íbúðarhús á ári kr.	10.994
Tunnuleiga, á tunnu á ári kr.	518
Flutningur á tunnu (fyrsta tunna án gjalds hver ferð) kr.	1.961
Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótarpokaeningar/tunnu á ári kr.	17.759
Atvinnuhúsnæði fyrir hvern poka á ári kr.	38.021

Öll fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skulu greiða sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald.

3. grein

Fyrirtæki, lögaðilar og aðrir sem hafa með höndum starfsemi og koma með sorp á sorpmóttökustað sveitarfélagsins í Þorlákshöfn og/eða til Sorpstöðvar Suðurlands skulu greiða móttöku- og sorpeyðingargjald samkvæmt magni.

Flokkur A (Efni með úrvinnslugjald og önnur efni sem ekki hafa kostnað í för með sér) 0 kr. eða gjaldfrjálst.


- Rúlluplast kr./m ³	0
- Hjólbarðar kr./m ³	0
- Spilliefni kr./m ³	0
- Fernur kr./m ³	0
- Skilagjaldsskildar umbúðir kr./m ³	0
- Föt kr./m ³	0
- Bílar skilagjald samkvæmt reglugerð	0
Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./kg.	12,60

Flokkur B (endurvinnanlegt efni) kr./m ³	2.761
- Málmar	2.899
- Pappír	0
- Timbur	2.899
- Garðaúrgangur	2.899
- Veiðarfæri.....	2.899
- Kaðlar	2.899
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./kg.	22,80
Flokkur C (blandaður óendurvinnanlegur) kr./m ³	5.348
- Heimilisúrgangur	5.615
- Rekstrarúrgangur.....	5.615
- Byggingarúrgangur	5.615

4. grein.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er sett með heimild í 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að gilda fyrir árið 2015.

09. SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL



Almennt um skipulags- og byggingarmál

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd ásamt sviðsstjóra skipulags-, byggingar- og umhverfissviðs, í 100% stöðugildi, fara með málefni skipulags-, byggingar- og umhverfismála í umboði bæjarstjórnar. Á sviðinu starfar einnig forstöðumaður þjónustumiðstöðvar í 100% stöðugildi, sem sér um rekstur þjónustumiðstöðvarinnar og er forstöðumanni sviðsins til aðstoðar í skipulags- og byggingarmálum.

Við innleiðingu á gæðastjórnunarkerfi, sem tekur gildi 1. janúar 2015 og síðan næsta skref, faggilding 1. janúar 2018 sem tekur til ferla við skipulags- og byggingarmál og einnig móttöku erinda til skjalavörslu, og þar með skönnun ganga, þarf að auka við starfshlutfalli til að sinna þeim verkum. Mikilvægt er að starfsmaðurinn hafi þekkingu á afgreiðslumálum nefnda, fasteignaskráningu og lestri á teikningum. Hafi þekkingu á gjaldskrá sveitarfélagsins og sendi út til innheimtu á byggingarleyfisgjöldum og framkvæmdaleyfisgjöldum. Eftir fundi sjái viðkomandi um að gera svarbréf og halda utan um mál í skjalavistunarkerfinu.

Skrifstofuvélar, búnaður

Hugbúnaður við rafræna vinnslu. Um er að ræða AutoCad forrit og eða MicroStation PowerDraft. Mikilvægt er að hugbúnaður sem til þarf við að taka á móti teikningum, vinna með þær sé til staðar. Kostnaður verði skoðaður. Þessi búnaður er hluti af móttöku gagna og vistun þeirra í One Systems. Einnig til að koma á rafrænum samskiptum við þjóðskrá með afhendingu teikninga af fasteignum.

Húsgögn og innanstokksmunir

Undir þennan lið er það almennt fyrir skrifstofuna, að laga hirslur fyrir teikningar inni í geymslunni. Þær hirslur sem eru inni í geymslu verði skipt út fyrir betri hirslur. Gögn sem skönnuð eru inn í One Systems ber geyma frumritin og að flokka erindin eftir viðfangsefni. Við innleiðingu á gæðastjórnunarkerfinu koma leiðbeiningar um hvernig hirslur beri að nota þannig að gögn séu aðgengileg fyrir hvert mál.

Skipulagsmál

Skráningarkerfi fyrir teikningar og gögn. Vinna sem nú liggur fyrir er að fara yfir alla lóðarsamninga og samninga um öll lögbýli í Ölfusi og skrá þessar upplýsingar inn í One Systems gagnagrunn. Vinnan við

yfirferð á þessum gögnum, getur skipulags- og byggingarfulltrúi ekki annað einn. Þessi vinna sem og margt annað, kallar á aðstoð við vinnslu gagna.

Samningur er núna við Verkfræðistofuna Eflu á Suðurlandi sem áður var Verkfræðistofa Suðurlands með kerfi sem nefnist Granni til innsetningar allra þeirra upplýsinga sem þarf til að halda utan um, alla skráningu hjá skipulags- og byggingarfulltrúa er varðar mannvirki og innsent efni. Þetta er byggt upp á loftmyndir okkar af sveitarfélaginu. Þennan þátt þarf á móti One Systems til að halda utan um loftmyndir og teikningar. Þessi tvö kerfi eiga síðan að „tala,, saman með upplýsingar um hverja eign.

Einnig er ákveðið að ganga til samninga við Ísgraf um loftmynd af Þorlákshöfn, endurnýjaða á tveggja ára fresti og húsagrunn.

Með þessum samningum næst eftirfarandi:

1. Gera kortagrunn af þéttbýli hæfan undir landupplýsingarkerfi. Það er gert með því að setja tenginúmer inn í grunninn sem er í AutoCad (teikni- og vinnsluforrit)
2. Gera kortagrunn af dreifbýlinu hæfan undir landupplýsingarkerfi með því að teikna upp hús eftir loftmyndakortum og setja tenginúmer á þau. Hluti af þessari vinnu er búið að gera vegna vinnu við heimreiðar og vegna vinnu Landskrár fasteigna.
3. Lagfæring á kortagrunnum fyrir lagnir, fráveitur og vatn. Setja þarf upp gagnagrunn og tengingar.
4. Setja upp kerfið og aðlaga að þörfum Ölfuss.
5. Tenging við gagnagrunn Þjóðskrár, fasteignagrunn.
6. Innsetning upplýsinga og skönnun teikninga. Teikningar eru skannaðar og vistaðar á tölvutæku formi.

Allar teikningar mannvirkja eru skannaðar inn í gagnagrunninn og eru beintengdar öllum upplýsingum sem settar eru inn um viðkomandi mannvirki.

Inni í því eru loftmyndir, skipulag, lagnakerfi vatnsveitu, fráveitu, hitaveitu, sýnir íbúðaskrá, beintenging við Fasteignamat ríkisins, sýnir aldursdreifingu fólks, byggingarstig mannvirkja og fl.


Þó kerfið sé sérstaklega ætlað byggingarfulltrúum nýtist það sveitarfélaginu s.s. við íbúðarskráningu, upplýsingar úr fasteignamatinu, aldursdreifingu íbúa s.s við vegna skólabarna, aldraðra eða kosningaaldurs fólks.

Ekki liggur fyrir samþykkt deiliskipulag af öllum bænum. Nú er þegar búið að vinna kortagrunn fyrir bæinn. Halda þarf áfram og gera deiliskipulag af öllum bænum, samkvæmt byggingar- og skipulagslögum, þar sem fram koma lóðarstærðir og byggingarreitir fyrir hvert hús. Eins greinargerð sem segir til um notkun hverrar byggingarlóðar. Þetta er hægt að vinna að stórum hluta hjá skipulags- og byggingarfulltrúa ef áður nefnt forrit er þar sett inn, sem reyndar er nauðsynlegt svo hægt sé að gefa út lóðarblöð og helst útprentun á teikningum fyrir hvert það svæði sem deiliskipulagið nær yfir. (Það þarf að liggja fyrir deiliskipulag af svæðum sem þegar eru byggð, hafi það ekki verið unnið áður).

Uppsetning og námskeið við Auto-CAD kortagrunn. Nauðsynlegt er að hjá skipulags- og byggingarfulltrúa sé til forrit í tölvunni til að taka á móti teikningu frá hönnuðum og eins frá Verkfræðistofu Suðurlands sem er með allar mælingar fyrir okkur. Mælt er með Auto-CAD 2002 MAP eða sambærilegu. Kostnaður á þessu forriti, sem nýtist fasteignamati, vatnsveitu, fráveitu og gatnagerð, gjaldfærast á þessa liði, einnig.

Nú hafa verið keyptar loftmyndir af sveitarfélaginu. Við skipulagsvinnu af bænum, við gerð nákvæmari gagna og lóðarblaða, býðst sveitarfélaginu að kaupa loftmyndir af Þorlákshöfn sem eru teknar í lágflugi.

10. UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL




Vetrarþjónusta

Snjómokstur gekk nokkuð vel síðasta vetur hérna í þéttbýlinu í Þorlákshöfn en í dreifbýlinu var kvartað yfir því að ekki væri hugsað nógu vel um að moka afleggjara sem eru utan þjónustu Vegagerðarinnar. Eftir síðustu áramót var gerður samningur um hluta af þessum afleggjurum en áður en það fer að snjóa í vetur þarf að klára að skilgreina hvaða afleggjara sveitarfélagið á að eða ætla að þjónusta og ganga frá því hvernig á að framkvæma það. Á síðasta ári var snjómokstur á gönguleiðum og gangstígum svoltíð látinn mæta afgangi bæði vegna þess að ekki eru til staðar hentug tæki í það og ekki heldur mannskapur til að sinna því. Hálkuvarnir/söndun, skoða þarf og ákveða hvar, hvernig og eða hvort það eigi að sandbera þegar það er hálka og klaki en núna eru engin tæki í það nema lítill dreifari sem dreginn er á eftir bíl eða traktor en hann er víða óhentugur og kemst ekki að, eins er það spurning hvort ekki eigi að blanda sandinn með salti til að hann virki betur en oft eru aðstæður þannig að það snjóar strax yfir sandinn og þá gerir hann lítið eða ekkert gagn. Traktorsgrafan sem er það tæki sem mest er notuð við vetrarþjónustuna er orðin mjög slitin enda árgerð 2001, því er það mikið fagnaðarefni að það standi til að endurnýja hana á næsta ári.

Við skipulagningu snjómoksturs og annarrar vetrarþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar kemur strax í ljós að ekki er hægt að sinna henni svo vel sé með þeim mannskap sem til staðar er. Helst verða að vera fjórir menn sem hægt er að kalla út kl. 04:00 – 05:00 á nóttinni og eru með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Síðasta vetur voru til staðar þrjú menn sem hægt var að kalla út og eina ástæðan fyrir því að það gekk upp þá, var sú að það var óvenju snjóléttur vetur þó að komið hefðu langir frostkaflar, en núna eru þeir bara tveir sem hægt er að kalla út og ekki gott að treysta á snjóléttan vetur aftur. Ef bara einn maður fæst í viðbót þá verður að láta mokstur á gangstéttum og við innganga á stofnunum bíða þar til eftir kl. 08:00 og ekki hægt að hálkuverja þar fyrir en langt er liðið á daginn og ef einhver verður veikur þá fer allt í loft upp. Eins er nauðsynlegt að finna betra fyrirkomulag á því hver sér um og hvernig þörfin fyrir snjómokstur er vöktuð hér í Þorlákshöfn og í dreifbýlinu.

11. UMHVERFISMÁL



Almennt um umhverfismál

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd fer með framkvæmd umhverfismála. Undir málaflokkinn umhverfismál flokkast skrudgarðurinn, uppgræðslumál, fegrin sveitarfélagsins, jólastreytingar og minka- og refaeyðing. Rekstur málaflokksins er beint tengdur skipulag- og byggingarmálum.

Áhersla er lögð á að bæta enn frekar ásýnd sveitarfélagsins og sérstaklega á aðkomu til Þorlákshafnar. Gera þarf umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið. Setja inn fjármagn fyrir hreinsunaráttak á vormánuðum, árlega, fyrir sveitarfélagið allt. Með ráðningu umhverfisstjóra yrði m.a. hans verk að vinna áframhaldandi vinnu við Staðardagskrá 21, eða þá stefnu sem sveitarfélagið setur sér, (pólítískri) markmiðssetningu sveitarfélagsins. Stikun að sveitarbæjum, og lýsing. Komin er markmiðssetning þar með þátttöku Vegagerðarinnar og eigenda lögbýla.

Kynningarmál, losunarstaður fyrir fyllingarefni. Vöntun er á svæði sem hægt er að keyra fyllingarefnum á sem koma upp við uppgröft í grunnum eða annars staðar.

Umhirða grænna og opinna svæða

Sláttur og umhirða grassvæða gekk ekki alveg eins vel og við hefðum viljað í sumar en ástæða þess er bæði vegna þess að tækjakosturinn er orðinn bæði gamall og úr sér genginn, grassprettu var mjög mikil því hlýtt og rakt var í veðri í sumar, og líka það að í seinni partinn á júní og allan júlí rigndi mjög mikið og það gerir bæði slátt erfiðari og eykur mjög álagið á sláttuvélarnar. Um miðjan júlí lentum við í stórri og dýrri bilun á Kubota sláttutraktorum, það brotnaði lega í drifbúnaðnum og brot úr henni skemmdu síðan út frá sér, vegna þessarar bilunar var ekki hægt að slá neitt sem heitið gat í rúma viku sem aftur leiddi til þess að við höfðum ekki undan að slá þau svæði sem þurfti, en þeim svæðum er alltaf að fjölga. Endurnýjun á sláttutraktor er á áætlun 2016 en það er alveg ljóst að fyrir næsta sumar verður að gera eitthvað í endurnýjun á tækjum til grassláttar en allar sá tækjakostur er orðinn mjög gamall og erfitt að halda honum gangandi.

Skýrsla umsjónarmanns grænna svæða

Vinnuskólinn

Vinnuskólinn var starfræktur með hefðbundnu sniði í sumar. Við breyttum þó aðeins út af laginu og höfðum fræðslu fyrir unglingana einu sinni í viku í 4 skipti. Átti þetta að vera fræðandi og brjóta upp vinnuna og vonandi breyta viðhorfi þeirra og almennings til þessara mikilvægu starfa.

Vinnuskólinn er mikilvægur í hverju sveitarfélagi. Bæði vinna þau mjög þarft starf og einnig er nauðsynlegt að sjá þeim fyrir vinnu. Þetta er mjög gott tækifæri til að fræða þau um hin ýmsu mál. Við útbjuggum hollan morgunmat, sem þau mauluðu á meðan þau hlustuðu á fræðsluna.

Við fengum fræðslu frá þessum aðilum í sumar:

Vinnueftirlitið; Reglugerð um vinnu barna og unglinga, réttindi þeirra og skyldur atvinnurekenda ofl.

Andri Már Númason, kennari í grunnskólanum hér í Þorlákshöfn; Um gildi vinnunar, hversvegna er mikilvægt að standa sig vel, umgengni og framkoma á vinnustað

Jafningjafræðslan; allt sem viðkemur unglingsárunum, samskipti, einelti, tjáning ofl.

Slysavarnafélagið Landsbjörg; Fyrsta hjálp, og sniðu þau námskeiðið að þörfum unglinganna.

Krakkarnir voru ánægð með fræðsluna, mættu vel og tóku þátt í umræðunum.

Þó að það kosti töluvert að fá svona fræðslu, þá held ég held að þeim fjármunum sé vel varið.

Hér í Þorlákshöfn fá 13 ára krakkar vinnu sem er mjög gott, en sum önnur sveitarfélög taka ekki yngri krakka en 15 ára. Þar sem fæst skiluðu sér til vinnu eftir verslunarmannahelgi í fyrra ákváðum við að hafa vinnuskólann til 31. júlí.

Í sumar störfuðu þrjú flokkstjórar og einn yfirflokkstjóri. Einn flokkstjórinn starfaði aðeins í fjórar vikur og var með yngstu krakkana, sem hættu 4. júlí. Því voru bara tveir flokkstjórar starfandi út tímabilið. Krakkarnir voru rúmlega þrjátíu þannig að þetta var passlegt. Það eru ellefu krakkar í leikskólanum og 3-5 í íþróttamiðstöðinni. Enginn var á bókasafninu eða Níunni. Þegar leikskólinn fer í frí fara krakkarnir sem vinna þar í gróðurvinnuna og klára sumarið þannig. Strax í júlí mánuði fækkaði þeim mikið og restina voru innan við tíu krakkar eftir í vinnu.

Ekki tókst okkur að vinna allt það sem við ætluðum í sumar með svo fámennan hóp.

Í byrjun júlí áður en yngstu krakkarnir hættu var farið í loka skemmtiferð. Fengu þau að ráða för og fóru þau til Reykjavíkur í bíó og lasertag.

Ungmennni í garðyrkjuhóp

Í sumar vorum við með ungmenni sem hafa skerta starfsgetu. Þau voru á aldrinum 17-23 ára. Sum þeirra komu til okkar í gegnum félagsþjónustuna. Til að geta sinnt slíkum hópi þarf öflugan hópstjóra sem hefur reynslu af því að vinna með svona krökkum. Þau eru flest dugleg, en það þarf stöðugt að halda þeim við efnið og segja þeim vel til og fylgjast með þeim í vinnunni. Flest mættu þau vel í vinnuna, en það voru alltaf einhverjir (oftast þau sömu) sem mættu illa. Í sumar fengum við nánast bara ungmenni með skerta starfsgetu í garðyrkjuhópinn til að sinna öllum okkar verkefnum. Það segir sig sjálf að verkin ganga mun hægar en ella og vinnubrögð kannski ekki eins og best verður á kosið. Ekki náðist t.d. að gróðursetja í öll nýju beðin eins og til stóð eða hreinsa götur eins vel og þarf að gera.

Umhverfið

Þorlákshöfn er snyrtilegur bær í stórbrotnu umhverfi. Hér eru skilyrði fyrir ræktun ekki með besta móti, aðallega vegna seltu, en einnig geta veðuröflin hér verið óblíð. Hér hafa þó þrífist ótrúlega margar tegundir plantna og gaman að sjá hvað fólk er óhrætt að prófa nýjar tegundir í görðum sínum. Hér eru mörg tækifæri til að fegra bæinn, planta stórum trjám (borgartrjám) og útbúa blómabeð sem lífga upp á tilveruna. Í sumar var ætlunin að gera einmitt þetta. Með aukinni skógrækt í og við bæinn koma veðurskilyrði til með að breytast, og hér verður lygnara og hlýrra. Ég held að það ætti að leggja meiri áherslu á að planta trjám nær bænum en gert var t.d. í sumar. Ásýnd umhverfisins er fljótt að breytast með tilkomu trjána, sem gerir nánasta umhverfi bæjarins mun hlýlegra.

Það þarf að huga að eldri trjábæðum, eins og t.d. við skólann, og planta inní þegar plöntur drepast. Það þarf að halda þessum gróðursetningum við og laga umhverfi, eins og t.d. kanta, og sumsstaðar þarf að girða í kringum beðin til að varna því að fólk labbi, hjóli eða jafnvel keyri yfir beðin, eins og gerist við íþróttahúsið, en þar þarf nauðsynlega að girða í kringum beð við innganginn. Umhverfi skólans er fallett, og leiðinlegt ef það drabbast niður.

Ég held að jarðvegur í þessum beðum við íþróttahúsið og skólann sé mjög lélegur. Plönturnar bera þess merki að skortur sé á næringarefnum. Nú höfum við sett hæsnaskít ofan á beðin og það þarf að setja þykkt lag af annaðhvort hæsnaskít eða moltu á hverju sumri, og bera tilbúin áburð á trén.

Umhirða bæjarins

Það er í mörg horn að líta varðandi umhirðu bæjarins. Illgresi nær sér ótrúlega á strik, sérstaklega í svona vætutíð eins og búin er að vera í sumar. Fyrir utan lúpínuna, þá þarf að gæta þess að kerfillinn nái ekki að sá sér meira en orðið er. Það er mjög erfitt að uppræta hann, en einhver bæjarfélög hafa einsett sér að uppræta hann úr umhverfinu. Enn sem komið er, er kerfillinn ekki mjög útbreiddur, en mikið af honum er upp með Þorlákshafnarvegi. Það þyrfti að ýta á Vegagerðina með að slá hann meðfram veginum.

Lúpinan er ansi aðgangshörð planta og þarf að passa að slá hana umhverfis bæinn eins og gert var í sumar. Sumir garðeigendur kvörtuðu undan því að hún væri farin að sá sér í garðana hjá þeim. Passa verður sérstaklega að slá hana áður en hún kastar fræjum, en fræforði getur verið mjög mikill í umhverfinu og hún fljót að ná sér á strik, ef hún fær að vera óáreitt.

Mikið var um illgresi í raufum við gangstéttar, kantsteina og niðurföll víða um bæinn. Þetta gerir ásýndina slæma og nauðsynlegt að uppræta þetta. Við prufuðum að setja sjóðandi vatn á illgresið til að drepa það og auðvelda upprætingu þess. Það bar ekki tilætlaðan árangur. Notað var sláttuorf til að taka það mesta, en gangstéttarjárn notað til að fara í raufarnar. Við keyptum nokkur ný gangstéttarjárn, bæði ódýr og dýrari týpur í Garðheimum. Ég held að það borgi sig ekki að kaupa þessi ódýrari, þar sem þau dugðu oft varla daginn. Best er að eitra með casoron í raufarnar áður en gróður nær sér á strik á vorin, en casoron er „slæmt eitur“, þ.e. það drepur allt jarðvegslíf, ekki bara illgresið heldur líka ánamaðka og aðrar nauðsynlegar lífverur í jarðaveginum. Því ætti að nota það varlega og bara á stöðum eins og þessum.

Í sumar voru miklu færri krakkar í vinnuskólanum heldur en í fyrra sumar. Því náðist ekki að klára þessi hreinsunarverkefni eins og þurft hefði. Skrúðgarðurinn tók mikinn tíma, enda nauðsynlegt að halda honum fallettum.

Huga þarf að trjágróðri í bænum og eittra þegar það er nauðsynlegt. Nú seinnipart sumars er t.d. kominn mikill ryðsveppur í alaskavíði víðsvegar um bæinn og er hann áberandi við grunnskólann. Ekki eru menn sammála um hvort hægt sé að eittra fyrir ryðsveppnum, en stundum er ráð að klippa víðinn

alveg niður og losna þannig við sýktar greinar, en nýjar greinar sem vaxa upp eru þá lausar við sveppinn. Ef víðirinn er mjög sýktur af ryðsvepp, er hættu að haustkali, og þarf þá að klippa vel að vori.

Tækjakostur

Til að hægt sé að sinna öllum þeim verkefnum sem þarf til að bærinn líti sómasamlega út, verður að vera til nóg að tækjum og verkfærum. Þau tæki og verkfæri sem við vorum með í sumar eru mörg hver komin til ára sinna og eru alltof afkastalítill til að geta sinnt svo stórum verkefnum. Þessir litlu traktorar geta t.d. illa slegið í rigningu og geta ekki hirt grasið upp eftir sig, því þeir stíflast ef grasið er blautt. Bilanatiðni var mjög há og yfirleitt alltaf annar traktorinn bilaður. Orfin eru líka gömul og stöðugt að bila. Það kom t.d. fyrir að bara eitt orf var í lagi í einu. Önnur verkfæri þarf að endurnýja, sérstaklega þau sem þarf að nota við að hreinsa arfa úr gangstéttum og köntum. Ég held að það sé brýnt að endurnýja sláttutraktorana, og kaupa stærri og afkastameiri tæki sem geta líka nýst í önnur verkefni á veturnar. Það er erfitt að vera stopp með verkefni vegna þess að tækin eru stöðugt að bila.

Heilsustígurinn

Unnið var við heilsustíginn í sumar. Var aðallega verið að ganga frá eftir að búið var að setja niður tækin. Mest var um þökulagningar og fór töluverður tími í þessa vinnu. Enn er eftir að klára frágang á nokkrum stöðvum.

Hundasvæði

Æskilegt er að finna svæði þar sem hundaeigendur geta sleppt hundum sínum lausum. Svæðið þarf að vera aðgengilegt, þar sem auðvelt er að leggja bíl og ekki hættu á að hundarnir hlaupi í veg fyrir bíla. Það þarf að vera vel girt, með smáum möskvum svo smáhundar komist ekki í gegn, og það hátt að hundarnir geti ekki hoppað yfir. Setja þarf upp bekk, ruslafötu, sérstaka ruslafötu fyrir hundaskít og rúllustatif með skítapokum. Staðsetning fylgir með á korti. (Opnist í windows photo viewer)

Grasúrgangur til uppgræðslu

Best væri að geta sett gras sem fellur til við slátt í rofabörð, þar sem ber sandurinn blasir við. Grasið er fljótt að breytast í lífrænan massa sem er einmitt það sem snauður jarðvegurinn þarf. Það er hinsvegar víða erfitt að komast að þessum stöðum, en upp við gamla veg má finna svæði þar sem þörf er á þessum góða lífræna massa. Þetta er ódýr og áhrifarík uppgræðsla, því þarna er dýrmætt efni sem býr í haginn fyrir aðrar plöntur.

Landgræðsluskógaverkefnið

Í sumar fengum við rúmar 5 þús plöntur í landgræðsluskógaverkefnið. Var það aðallega birki, en einnig stafafura, ilmreynir og aðeins af blágreini. Hrönn á Læk aðstoðaði og kenndi vinnuskólakrökkunum handtökin við að koma þessu niður. Fengum við verkfæri hjá Suðurlandsskógum til verksins og tóku þau einn og hálfan dag til að setja niður. Gekk það ágætlega og settu þau niður rúmar 2000 plöntur. Hrönn ætlar síðan að sjá til þess að restin af plöntunum fari niður.

Skógræktardagur

Skógræktardagur var haldinn 22.mái. Þrátt fyrir auglýsingar kom enginn íbúi á þennan dag. Hrönn á Læk kom, en Guðjón hjá Landgræðslunni gleymdi deginum! Starfsfólk Ölfuss átti góðan dag og setti niður slatta af trjám, aðallega birki og víði. Síðan var farið niður í áhaldahús og grillað.

Einnig var haldin gróðursetningadagur með grunnskólakrökkunum í maí og fengum við plöntur úr Yrkjusjóðs verkefninu. Settu þau niður nokkra bakka af birki og gekk það vel.

Sumarblóm

Í sumar var heldur bætt í sumarblómin og voru sett niður rúmlega þrjú þúsund blóm. Einnig voru sett fleiri blóm í stóru kerin en áður. Þetta lífgar mjög mikið uppá bæinn og kom á óvart hve margar tegundir standa sig vel þótt veðrið hafi ekki verið þeim hagstætt.

Garðlöndin

Í sumar voru garðlönd í boði fyrir íbúana. Sett var meiri mold í garðinn og allt tætt saman, en í fyrra var keyrður sandur, mold og hænsnaskítur í beðin. Voru 10 reitir í boði hver um 24m², eða 3x8 m. Allir þessir 10 reitir flugu út strax, og fengu færri en vildu.

Umhverfi íbúa aldraðra

Haldin var fundur með íbúum á Mánabraut og Sunnubraut. Voru flestir sammála um að planta ætti trjám austan megin við Mánabraut og sunnan megin við Mána- og Sunnubraut. Voru menn helst að tala um að það vantaði skjól og eitthvað sem hindraði fok frá starfsemi jarðefnaiðnaðar og BM Vallá. Einhverjir töluðu um að náttúrulegur gróður sé að ná sér vel á strik sunnan megin við húsin og það meggi ekki kaffæra hann. Einnig bentu menn á að sumsstaðar gætu verið klappir og því erfitt að gróðursetja. Fólk var almennt ánægt með það sem búið er að gera, en vill að meira verði gróðursett af skrautbeðum umhverfis húsin.

Einnig mætti athuga lóðina í kringum Egilsbraut 9. Hún er ansi stór og mætti gjarnar gróðursetja skrautrunna og hávaxnari tré til að skapa skjól.

Framtíðarsýn

Í framtíðinni ætti að halda áfram að rækta skóg í og við bæinn. Til að fegra bæinn mætti gera fleiri blómabeð, setja fleiri bekki með blómakerjum sitthvorumegin við, nýta sér blómstrandi skrautrunna sem lífga ótrúlega uppá umhverfið. Nota grjót, stórt og smátt til að móta beð fyrir skrautplöntur. Setja upp fuglahús og berjarunna, til að laða að fugla.

Keypt voru 12 blómaker úr timbri úr Byko til að setja sitthvoru megin við bekkina. Einnig voru sett ker við Selvogsbraut. Þetta puntar mikið uppá og í framtíðinni mætti kaupa fleiri og setja víðsvegar um bæinn. Einnig var hellulagt undir bekkina og þeir málaðir sem gerði þetta allt saman snyrtilegra.

Skipta þarf um hellur að minnisvarðanum við Egilsbraut. Þar er nú grassteinn og safnast mikið illgresi í hann þannig að hann er að hverfa í gras og eins er þetta farið að síga og hallar mikið. Snyrtilegast væri að helluleggja uppá nýtt og nota hellur eins og eru undir bekknum.

Núna í sumar voru gróðursett tré og skrautrunnar sem byrjun. Það var ekki full gróðursett í þessi beð, þannig að í framtíðinni þarf að bæta við þá gróðursetningu til að fylla inní. Þannig mætti auka við flóruna á hverju ári. Þangað til að búið er að fylla í þessi beð með skrautrunnum, má setja sumarblóm í þau, til að fylla uppí og fegra. Íbúarnir við Sunnu- og Mánabraut töluðu um að þeim þætti vænt um að fá sumarblóm í nýju beðin næsta vor.

Fleiri blómabeð eru falleg og ódýr lausn sem skreytir bæinn ótrúlega mikið. Það mætti útbúa beð í grasflatirnar sem eru víða um bæinn.

Það mætti líka lífga uppá róluvellina með trjám. Hægt væri að gróðursetja í grúppur, sem í framtíðinni gæti verið ævintýraskógur fyrir börnin.

Það er frábært að hafa skrudgarð eins og er hér í Þorlákshöfn. Með tillögu Hlínar verður hann aðlaðandi og vonandi kemur fólk til með að njóta þess að vera þar. Það mætti kannski athuga með bekki fyrir fólk til að sitja á. Í framtíðinni mætti bæta við plöntum og þá helst fjölærum íslenskum, og hægt væri að hafa einskonar plöntusafn íslenskrar flóru í garðinum og yrðu plönturnar merktar og gætu nýst sem fræðsla fyrir skólabörn og almenning.

Með því að nota blómstrandi fjölærar plöntur, verður garðurinn alltaf í blóma, en síðan er hægt að bæta við sumarblómum eftir þörfum.


Haustlaukar sem settir eru niður að hausti gefa von um litríkt vor. Mikil prýði er af t.d. túlípönnum sem skarta ýmsum litum á vorin þegar gróður fer að vakna af dvala. Hægt er að gróðursetja haustlaukana í trjá og sumarblómabeð sem eru víða um bæinn. Einnig er góð hugmynd að taka sumarblómin úr kerjunum þegar haustar og gróðursetja haustlauka í þau í staðinn, frekar en að láta visnuð blóm standa í kerjunum fram á næsta vor.

Tillaga Hlínar um aðkomuna í bæinn mun breyta ásýndinni mikið og vera mikil prýði af. Mér finnst alltaf fallett þegar aðkoman er gerð svona eftirtektarverð, eins og t.d. í Reykjanesbæ, þar sem hlaðnir veggir með skilti bæjarins bjóða fólk velkomid. Einnig mun skrudgarðurinn vera mikil staðarprýði og sjálfsgagt munu margir njóta hans í framtíðinni.

Það þarf að muna að líta eftir teygjunum sem settar eru á stoðir við trén sem við plöntuðum í sumar. Það þarf að víkka teygjuna utan um stofn trjánna og fjarlægja hana síðan þegar trén hafa náð rótarfestu. Athuga líka tréin sem voru gróðursett við leikskólann í fyrra.

Hér eru mörg tækifæri til að fegra bæinn og gera hann skjólsælli. Með markvissum gróðursetningum á ári hverju kemur bærinn til með að breytast ótrúlega mikið, hann verður skjólsælli og hlýlegri. Í notalegu fallettu umhverfi líður öllum vel.

13. ATVINNUMÁL




Almennt um atvinnumál

Markmið með þátttöku í Markaðsstofu Suðurlands er að koma sveitarfélaginu betur á framfæri við ferðamenn bæði innlenda og erlenda. Taka þátt í sameiginlegri markaðssetningu á Suðurlandi og koma starfsemi sveitarfélagsins og íbúa betur á framfæri. Unnið verður áfram að kynningu á sveitarfélaginu fyrir fjárfesta eins og verið hefur á mörgum síðustu árum.

Þá er áætlað að styrkja rekstur ferðamiðstöðvar sem rekin hefur verið í Herjólfshúsinu yfir sumarmánuðina.

Með tilkomu Suðurstrandarvegjar hefur opnast möguleiki á að nýta landið fyrir vestan Þorlákshöfn undir iðnaðarstarfsemi stóra sem smáa.

21. SAMEIGINLEGUR KOSTNAÐUR



Núverandi staða

Undir málaflokkinn heyra eftirfarandi deildir (liðir) í bókhaldi; bæjarstjórn, endurskoðun, lögfræðiaðstoð, bæjarskrifstofur, innheimtukostnaður, kynning sveitarfélagsins, móttökur, ýmis útgjöld (styrkir), starfsmannakostnaður, kjarasamningar, SASS, Héraðsnefnd Árnesinga og kosningar. Stærsti einstaki rekstrarliðurinn er bæjarskrifstofurnar, þar á eftir er bæjarstjórn en aðrir liðir eru minni að sniðum.

Undir bæjarstjórn fellur allur kostnaður við hana, s.s. laun kjörinna fulltrúa, akstur og annar kostnaður. Kjörnir fulltrúar eru sjö, sem fá föst laun en varamenn frá greidd laun fyrir fundi sem þeir sitja.

Stöðugildi á bæjarskrifstofu er þrjú auk bæjarstjóra; bæjarritari, deilarstjóri launadeildar og skrifstofumaður. Til viðbótar þessu er hlutfallslegt stöðugildi í ræstingu. Á bæjarskrifstofum er m.a. haldið utan um fjármál sveitarfélagsins, bókhald, móttöku, skráningu og greiðslu reikninga og áætlanagerð. Launavinnsla fyrir sveitarfélagið er í höndum starfsmanna bæjarskrifstofu, símsvörun, móttaka viðskiptavina, móttaka og frágangur erinda sem sveitarfélaginu berast. Þessi upptalning er ekki tæmandi en gefur ágæta sýna á það mikla starf sem fram fer á bæjarskrifstofunum.

Til viðbótar því starfsfólki sem heyrir undir rekstur skrifstofunnar eru þar starfandi forstöðumaður skipulags-, byggingar og umhverfissviðs, félagsfulltrúi og kennsluráðgjafi á vegum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Starfsfólk skrifstofunnar veitir þessum aðilum ýmsa þjónustu og sér t.a.m. um alla símsvörun og móttöku viðskiptavina til þessara aðila.

Framtíðarsýn

Miðað við óbreytta samsetningu á Sveitarfélaginu Ölfusi er ekki að vænta mikilla breytinga á fyrirkomulagi málaflokksins og rekstur bæjarskrifstofanna. Það er hins vegar ljóst að bæjarskrifstofurnar eru undirmannaðar, ýmis verkefni sitja á hakanum og starfsfólk á erfitt með að skipuleggja frí þar sem staðgengla skortir til að leysa þá af. Þau verkefni sem helst sitja á hakanum eru skjalavistun, eftirfylgni verkefna, uppfærsla heimasíðu og almenn framtíðarsýn.

Á síðustu árum hafa orðið miklar tækniframfarir sem snúa að utan um haldi verkefna á bæjarskrifstofum, s.s. bókhaldi, launavinnslu, skjalavistun og funda utan um haldi. Þetta hefur leitt af sér fækkun stöðugilda á skrifstofunni en á móti hafa kröfur aukist mikið á sviði upplýsingagjafar og umsvif sveitarfélagsins hafa vaxið verulega.

Það er því sýnt að fjölga þurfi stöðugildum á skrifstofunni. Líklegt er að 50% starf ritara myndi breyta miklu í vinnuumhverfi skrifstofunnar. Ýmis verkefni sem starfsfólk skrifstofunnar vinnur krefjast einbeitingar og nákvæmni. Má þar nefna launavinnslu, móttöku og skráningu erinda og skráningu og greiðslu reikninga. Ritari sem sæi um símsvörun, móttöku viðskiptavina og kæmi að verkefnum við skjalaskráningu myndi hafa verulega jákvæð áhrif á vinnuumhverfi alls starfsfólks skrifstofunnar og vonandi verða til þess að starfsfólk komist yfir verkefni líðandi stundar ásamt því að geta unnið að stefnumarkandi málum. Skrifstofa sveitarfélagsins þjónustar allar stofnanir og málaflokka sveitarfélagsins og því er ekki óeðlilegt að horft sé til samstarfs um þessi verkefni ef t.a.m. hægt er að samnýta starfsfólk. Rætt hefur verið um að víða sé utan um haldi skjala ábótavant og gæti þessi ráðstöfun orðið til þess að árangur næðist t.a.m. við vistun skjala sem snúa að skipulags- og byggingarmálum.

Frá launadeild vegna ársins 2014

Í desember 2014 voru 159 starfsmenn í starfi hjá sveitarfélaginu Ölfusi í 113 stöðugildum. Þ.e. 152 starfsmenn og 7 bæjarstjórnarmenn. Starfsmannafjöldi jókst um 4% á milli ára og stöðugildum fækkaði um ½%.

Mannauðsstjórnun sveitarfélagsins snýst um að ná sem bestri nýtingu á þessa auðlind sveitarfélagsins sem í starfsmönnum þess felst. Það tekst meðal annars með þjálfun starfsmanna og markvissri þróun. Óefnislegir þættir auðlindarinnar eru bundnir við starfsmennina sjálfa, m.a. þekking, kunnátta, tengslanet fólks og viljinn til að nota þessa þætti í þágu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að tryggja að mannauðsstjórnun vinni markvisst að þróun hæfileika starfsfólks og að viðhalda góðum starfsanda.

Kannski mætti segja að áhersla Sveitarfélagsins Ölfuss sé á veika mannauðsstjórnun þar sem áherslan er að miklu leyti á hefðbundna starfsmannastjórnun. Þá er reynt að ná hámarksnýtingu á mannauðnum. Á lægstu þroskastigum mannauðsstjórnunar eru ráðningar hugsaðar til að fylla tómarúm, fá hendur til að vinna verk og ekki er mikið hugað að kröfum starfanna og eiginleikum þeirra sem þarf að ráða. Þeir sem uppfylla lágmarksskilyrði eru ráðnir án mikillar greiningar. Þannig verða ráðningarmistök óhjákvæmileg og kostnaður við þau er ekki metinn. Í mjúkri mannauðsstjórnun er veitt meira fé til mannauðstengdra verkefna, símenntunar og starfsþróunar. Áhersla er lögð á góð samskipti, hvatningu, forystu og endurgjöf þar sem skiptir máli að þróa mannauðinn og ná fram tryggð hans. Mjúk mannauðsstjórnun felur í sér aðlögunarhæfni og að koma fram við starfsfólkið sem mikilvæga auðlind og uppsprettu hlutfallslegra yfirburða þar sem hæfileikar og frammistaða skipta miklu máli.

Kannski mætti segja að við værum stödd á þroskastigi 1 í mannauðsstjórnun þar sem þroskastigin eru 4, þó erum við farin að kíkja aðeins uppá þroskastig 2.

Þroskastig 0 í mannauðsstjórnun – engin meðvituð starfsmannastjórnun

- Ráðningar og launagreiðslur eingöngu
- Ráðnir þeir sem eru hendi næst – fyllt í skörð
- Lítið haldið utan um gögn, ekki fylgst með stöðugildum og launakostnaði
- Miðstýrt kerfi
- Ákvarðanir teknar með innsæi – ósamræmi
- Laustengt samband starfsmanns og vinnuveitanda

Þroskastig 1 í mannauðsstjórnun – hefðbundið starfsmannahald

- Rútínuverkefni, unnin af almennum skrifstofumönnum (launadeild)
- Heyrir undir fjármálasvið
- Ekki stefnumótandi hlutverk – engin samþykkt stefna eða gildi sveitarfélagsins til að fylgja
- Miðstýring, kjarasamningar, lög og reglur
- Vita launakostnað og stöðugildi
- Starfsmannakostnaði haldið í lágmarki

- Námskeið oft tengd áhugamálum, en líka verið að auka þekkingu starfsmanna
- Laun skv. samningum, yfirborgað ef þarf.

Proskastig 2 í mannauðsstjórnun – fagleg starfsmannastjórnun

- Starfsmannastefna komin, oftast komin starfsmannadeild
- Komnir ferlar fyrir ráðningu og móttöku
- Komið eitthvað kerfi fyrir frammistöðumat, en útbreiðsla e.t.v. lítil
- Byrjað að stýra þjálfun og fylgjast með kostnaði
- Einhver dæmi um áhrif frammistöðu á laun (þótt breytileiki sé lítill)
- Fylgst með veltu, menntun, fjarvistum etc.
- Upplýsingastreymi upp og niður, byrjað (kannanir, handbækur)

Proskastig 3 í mannauðsstjórnun – árangursrík mannauðsstjórnun

- Mannauðsstjórnunarkerfi farin að „hafa tennur“
- Markmið mannauðsstjórnunar er að bæta frammistöðu hópsins
- Framlínustjórnendur nýta sér sérfræðiþekkingu (innan húss eða utan)
- Starfsmannastefna meira raunveruleiki en markmið
- Markviss þjálfun, fagaðilar koma að þarfagreiningum
- Frammistöðumat er orðið virkt (útbreitt)
- Breytileg laun útbreidd (fjármunir í launagreiðslur markvisst nýttir til að umbuna fyrir góða frammistöðu)
- Mikið upplýsingastreymi

Proskastig 4 í mannauðsstjórnun – mannauðsstjórnun nátengd rekstri

- Mannauðsstjórnun er notuð meðvitað til að koma stefnu í framkvæmd
- Náið samstarf launadeildar og almennra stjórnenda (allir stjórnendur nýta tæki mannauðsstjórnunar)
- Frammistöðuáhersla í menningunni, árangurstenging launa ráðandi
- Háir þröskuldar við ráðningar, starfsþróun markviss
- Mikil tvíhliða boðskipti eða upplýsingastreymi
- Mælingar á árangri í rekstri taka einnig til mannauðsmælikvarða

Mælingar á árangri í rekstri taka einnig til mannauðsmælinga. En við höfum haldið utan um mælingar á starfsmannaveltu, stöðugildafjölda, starfsmannafjölda, fjarvistarmeðaltöl o.fl. frá árinu 2007.

Upplýsingastreymi er frá bæjarstjórn til forstöðumanna með forstöðumannafundum og með starfsmannastefnu og handbók fyrir starfsmenn. Ekki er markvisst upplýsingastreymi til almennra starfsmanna.

Engin samþykkt stefna, framtíðarsýn eða gildi er hjá sveitarfélaginu. Í grunninn er mótun stefnu einfaldlega vel kynnt sýn á hvert sveitarfélagið stefnir og hvernig hægt er að ná verjanlegri sérstöðu sem gerir því kleift að vera sveitarfélag sem laðar til sín fleiri góða íbúa. Mótun stefnu snýst því fyrst og síðast um hernaðaráætlun. Miklu skiptir að slík stefna sé ekki í skúffu æðsta stjórnanda heldur feli í sér hvatningu gagnvart starfsmönnum, en þeir geta haft hvað mest áhrif á það hvernig sú sýn getur orðið að veruleika.

Verið er að vinna í innleiðingu á H3 heildarlausn í mannauðsmálum. Allar kerfiseiningar í H3 eru samþættar og þannig komið í veg fyrir tvískráningar sömu upplýsinga og breytingar þarf því aðeins að framkvæma einu sinni. H3 tekur á móti tíma- og launafærslum frá viðverukerfum og skilar bókhaldsfærslum til allra bókhaldskerfa. H3 getur einnig skilað upplýsingum og skýrslum í Excel til greiningar, áætlana og myndrænna framsetninga. Í H3 er fullkomin yfirsýn yfir mannauðinn í þægilegu viðmóti. Þetta er staðlað kerfi með mikinn sveigjanleika og notendavænt viðmót til að færa laun, gera áætlanir, halda utan um mannauð, ráðningar, fræðslumál o.fl. Spennandi verður að læra á þessar nýjungar á árinu 2015. H3 mannauður auka annarra eininga styðja allt ferli mannauðsstjórnunar frá umsókn til starfsloka. Kerfið er algjörlega samhæft við aðrar H3 einingar. Haldið er utan um allar helstu upplýsingar um starfsmenn á einum stað. Um leið og upplýsingar hafa verið skráðar í kerfið eru þær orðnar aðgengilegar. Skjalaskápurinn heldur utan um öll skjöl sem tengjast starfsmanninum t.a.m. Ráðningarsamninga, skönnuð skjöl, vottorð, myndir, starfsvottorð o.fl. og þau má nálgast á fljótlegan hátt. Engin þörf er á hillumetra af möppum í læstum skáp því allt er

geymt í öruggum gagnagrunni. Forsniðin skjöl eru í kerfinu þar sem kerfið fyllir út starfsmannaupplýsingar fyrir notandann. Þannig sparast heilmikil vinna og villuhætta minnkar t.d. við gerð ráðningarsamninga o.fl. Hægt er að halda utan um öll verðmæti sem starfsmaður hefur í vinni vörslu frá sveitarfélaginu, þannig er kominn gátlisti þegar starfsmaður lætur af störfum. Öll gögn eru sett inn jafnóðum í mannauðskerfið og eru öll gögn sem til eru vegna starfsmanna geymd þar. Fleira er í mannauðskerfinu sem verður skoðað á árinu.

Reiknireglur í tímaskráningarkerfinu eru endurnýjaðar eftir þörfum, þ.e. við breytingar á vinnutíma og/eða vöktum svo nýjar og/eða endurnýjaðar stöður. Allar reiknireglur eru aðlagðar að hverjum starfsmanni. Reiknað er með nýrri uppfærslu á Tímon á árinu 2015 sem auðveldi mun allt slíkt. Nýja launaáætlunarkerfið var notað við vinnslu fjárhagsáætlunar annað árið í röð og eykur það mjög áreiðanleika áætlunarinnar. Það veitir betri upplýsingar um mannauðinn og kostnað tengdan honum sem leiðir til faglegru vinnu og upplýstari ákvarðanatöku. Varpar skýrara ljósi á uppbyggingu launakostnaðar og gerir stjórnendum kleyft að greina raunkostnað á móti áætlun í smæstum atriðum og varpar þannig ljósi á frávík.

Á árinu 2014 var starfsmannavelta 7,54%, á árinu 2013 8,78%, á árinu 2012 8,79%, á árinu 2011 6,7%, á árinu 2010 9,23% og á árinu 2009 5,05%.

Starfsmannaveltan var 2,5% í íþróttamiðstöð, 23,8% hjá almennum starfsmönnum í grunnskóla og 6,45% hjá grunnskólakennurum, 3,57% í leikskólanum, 18,75% á VISS, 11% í þjónustuíbúðum 33% á bókasafni og 25% á frístundaheimilinu.

Þá hefur verið haldið utan um ákveðna mælikvarða í mannauðsstjórnun frá árinu 2007.

Fræðsla og starfsþróun

Hjá fyrirtækjum sem eru á lægri þroskastigum mannauðsstjórnunar þar er lítil sem engin skipulögð eða meðvituð þekkingarmiðlun, starfsfólk einfaldlega stingur sér í djúpu laugina og bjargar sér. Boðið er uppá einhver námskeið og einhver fræðsla er í boði. Fyrirtækið greiðir fyrir stöku námskeið og hvetur starfsmenn til að nýta sér tilboð stéttarfélaga. Fræðslan er þó ekki byggð á þarfagreiningum eða tengd við stefnu fyrirtækisins. Stjórnendabjálfun er oft ómarkviss og ekki tengd rekstrinum.

Mannauðsstjórnun á að vera hluti af stjórnun skipulagsheilda og þarf að vera nátengd og haldast í hendur við stefnu þeirra. Mannauðsstjórnun felst í því að mannauður skipulagsheildar, bæði starfsmenn og stjórnendur, vinni í sameiningu að tilteknu sameiginlegu markmiði.

Mannauðsstjórnun er einn lykilinn að velgengni stofnana, þar sem athyglinni er beint að fólkinu, vinnustaðnum og mannlegum samskiptum. Kröfur til starfsmanna eru sífellt að aukast og í nútíma atvinnuumhverfi er sérhver launþegi sinnar gæfusmiður. Ef starf á að endurspeglar hæfni, færni og ábyrgð starfsmanna er mikilvægt fyrir starfsmenn að huga vel að menntun sinni og vera í stöðugri þróun. Starfsfólkið er grunnur að framúrskarandi starfi stofnana, þess vegna er mikilvægt að virkja það og hvetja til dáða.

Markmið mannauðsstjórnunar eru meðal annars eftirfarandi: Stofnunin nái árangri, réttur maður sé á réttum stað, laða að hæfa starfsmenn, halda í hæfa starfsmenn, veita umboð til athafna, skapa örvandi vinnuumhverfi, starfsmenn fái að þroskast og þróast í starfi.

Ávinningur mannauðsstjórnunar er meðal annars: Ánægðari starfsmenn, meiri tryggð starfsfólks við stofnunina, færri fjarvistir, ánægðari þjónustuþegar og jafnvægi í starfsmannaveltu. Mikilvægt er að veita starfsmönnum markvissa endurgjöf en það er ein mikilvægasta aðferð stjórnenda til að auka skilvirkni starfsmanna og ná settum markmiðum. Endurgjöf er hægt að skipta í tvennt, annars vegar styrkjandi endurgjöf með það að markmiði að styrkja ríkjandi hegðun og hins vegar leiðréttandi endurgjöf með það að markmiði að fá fram breytingu á hegðun. Einlæg og nákvæm endurgjöf á frammistöðu starfsmanns getur haft mjög jákvæð áhrif. Meðal annars hefur verið sýnt fram á að stjórnendur sem veita endurgjöf á frammistöðu starfsmanns og verklag við að vinna ákveðið verkefni ná meiri árangri en stjórnendur sem reyna að útskýra hvernig eigi að vinna ákveðið verkefni.

Sálfræðilegi samningurinn

Flestir vinnuveitendur vilja hafa ánægða starfsmenn sem sýna vinnustaðnum hollustu, mæta vel og stundvíslega, eru lengi í starfi og eru reiðubúnir að leggja á sig meira en það sem nauðsynlegt telst. Starfsmenn ætlast svo á móti til þess að vinnuveitandi bjóði öruggt starfsumhverfi þar sem möguleikar

eru á persónulegri þróun, góðum tengslum við annað fólk og viðurkenningu fyrir vel unnin störf. Tengslin á milli þessara gagnkvæmu, en þó oft óorðuðu og óformlegu væntinga og loforða, hafa verið kölluð sálfræðilegi samningurinn.

Sálfræðilegi samningurinn er þögult samkomulag á milli vinnuveitanda og starfsmanns og felur í sér að geta spáð fyrir um það sem koma skal. Samningurinn verður til í atvinnuviðtali eða þegar starfsmaður byrjar starf. Bæði vinnuveitandi og starfsmaður koma að samningnum en munurinn á sálfræðilega samningnum og skriflegum samningi er að í skriflegum samningi eru báðir aðilar meðvitaðir um hvað þeir eru að samþykka en í sálfræðilega samningnum liggur ekki alveg ljóst fyrir hvað í honum felst.

Form sálfræðilega samningsins myndast á löngum tíma og hafa samskipti vinnuveitanda og starfsmanna mikil áhrif á gerð hans og gæði. Ef hvor aðili um sig hefur eitthvað um samskiptin að segja eykur það gagnkvæmi samningsins og auknar líkur eru á því að samstarfið verði ánægjulegt fyrir báða aðila.

Fjöldi rannsókna benda til þess að brot á honum geti haft mikil áhrif á starfsmenn og viðhorf þeirra. Ef samningurinn er rofinn finnst starfsmanninum hann vera svikinn og beittur ranglæti. Starfsmenn bregðast á mismunandi hátt við rofi á samningnum og margir þættir hafa áhrif á hvaða augum starfsmenn líta brestinn. Rof á samningi hefur yfirleitt neikvæðar afleiðingar í för með sér bæði fyrir starfsmanninn og vinnuveitanda.

Starfsmaðurinn er líklegur til að draga úr vinnuframlagi sínu og jafnvel segja upp störfum. Ef starfsmaður áltur að vinnuveitandi hafi vísvitandi rofið samninginn verða afleiðingarnar mun alvarlegri en ef rofið er óviljandi eða óhjákvæmilegt vegna ytri eða innri aðstæða skipulagsheildarinnar. Helsta ástæða þess að sálfræðilegi samningurinn rofnar er vegna ósamræmis í samningnum á milli starfsmanns og vinnuveitanda. Oft eru samskipti á milli yfirmanna og starfsmanna ekki nægilega góð og skilvirk. Starfsmenn þurfa að vita til hvers af þeim er ætlast til að getað staðið undir væntingum vinnuveitanda. Til að koma í veg fyrir rof á samningi ættu yfirmenn að varast að skapa óraunhæfar væntingar starfsmanna í ráðningarferlinu.

Hvatning snýst í raun og veru um það að fá fólk til að vilja mæta í vinnuna og leggja sig allan fram þar. Mismunandi er hvað hvetur fólk og misjafnt er hve lengi hvatning varir. Hvatning er lýst sem orkugjafa hegðunar. Talið er að einstaklingar sem finna fyrir hvatningu í starfi séu fullir af orku og ákafa, árangursríkir í starfi og eigi gott með að aðlagast skipulagsbreytingum. Einstaklingar sem skortir hvatningu í starfi eru ósamvinnuþýðir, hugsanlega óstundvísir, líta jafnvel á vandamál sem hindrun sem þeir geta ekki yfirstigið og streitast á móti breytingum.

Mikilvægt er að stjórnendur hafi í huga hversu ólíkir einstaklingar eru og misjafnt er í hvernig starfi hver og einn nýtur sín.

Í rannsókn Sveinborgar Hafliðadóttur frá árinu 2012 sem gerð var meðal ríkisstarfsmanna og hvatning skoðuð. Helstu niðurstöður hennar voru að það sem hefur mest áhrif á hvatningu meðal starfsmanna er að þeir séu hafðir með í ráðum og að þeir fái leiðbeiningar og uppbyggilega gagnrýni frá næsta yfirmanni sínum.

Til að umbun skili árangri þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga: Í fyrsta lagi þarf umbun að styðja við stefnu fyrirtækis og umbuna þarf fyrir hegðun sem er eftirsóknavert að endurtaki sig. Í öðru lagi þarf umbun að vera sanngjörn, allir þurfa að eiga jafna möguleika og trú á því að þeir geti náð þeim markmiðum sínum sem sett eru. Í þriðja lagi þarf umbun að styðja samvinnu, þannig eiga fleiri kost á því að ná árangri og hvatningin verði meiri. Í fjórða lagi verður umbun að vera tengd frammistöðu á jákvæðan hátt og best er að nota umbunarverkefni til skamms tíma í senn. Í fjórða lagi þarf umbun að vera skilvirk bæði á góðum og slæmum tímum. Í fimmta og síðasta lagi þarf umbun að styðja við þjónustu og viðskiptavininn. Umbun getur verið fjárhagsleg, í formi viðurkenningar eða þakklætis.

Viðurkenning og þakklæti eru dæmi um umbun sem er verulega vannýtt innan fyrirtækja og virkar yfirleitt betur en skipulögð verkefni.

Rannsóknir benda til þess að fólk er líklegra til að gera minna en meira úr mikilvægi launa. Laun eru mikilvægari en starfsmenn gefa í skyn. Til að ákvarða laun starfsmanna hafa fyrirtæki farið nokkrar leiðir. Hvað er innifalið í launum og hvað ekki, þarf að ákveða innan hvers fyrirtækis. Vinnuveitandi þarf að passa að starfsmenn upplifi sanngirni í launasetningu. Rannsóknir hafa sýnt að fyrirtæki sem verða uppvis af ósanngirni geta skaðað ímynd sína.

Samkvæmt Kearns (2003) er skilgreining á umræddum þroskastigum 0-4. Skipulagsheildir sem flokkast á stiginu 0 hafa enga meðvitaða starfsmannastjórnun. Ábyrgð á starfsmannamálum er alfarið hjá æðsta stjórnanda og öll stjórnun einkennist af mikilli miðstýringu. Starfsmannastjórnun snýst að mestu um ráðningar og laun.

Þroskastig 1 snýst um hefðbundið starfsmannahald og áhersla er lögð á að halda utan um starfsmannaskrár, fylgjast með fjölda stöðugilda og launakostnaði. Stjórnendur á þessu þroskastigi skortir frumkvæði til að nota aðferðir mannauðsstjórnunar.

Ráðningar byggja á einföldum viðtölum og námskeið tengjast oft áhugasviði starfsmanna. Á þroskastigi 2 er farið að beita faglegri starfsmannastjórnun, fagmennska hefur aukist en áherslan er á daglega afgreiðslu mála. Ráðningar eru frekar óformlegar og stundum er leitað til fagaðila við ráðningu. Komið hefur verið á móttökufurli fyrir nýja starfsmenn og vísir af starfsmannahandbókum er til staðar. Hugað er að námskeiðahaldi fyrir starfsmenn með það að leiðarljósi að þjálfunin nýtist skipulagsheildinni.

Starfsmannstefna er við lýði og starfsmannavelta er mæld. Í sumum tilvikum er starfandi starfsmannastjóri.

Þegar komið er á þroskastig 3 er um að ræða árangursríka mannauðsstjórnun, ferlið á sviði mannauðsstjórnunar er vel mótað og hefur áhrif á reksturinn. Innan skipulagsheildarinnar er þekking fagaðila markvisst nýtt. Ráðningarferlið er faglegt og formfast. Starfsmenn eru upplýstir um stöðu og stefnu skipulagsheildarinnar.

Nauðsynlegt er að hafa sérstakt mannauðssvið til þess að ná þessu þroskastigi ásamt því að starfsmannastjóri eigi sæti í framkvæmdarstjórn.

Á 4. þroskastigi á sér stað samþætting mannauðsstjórnunar og rekstur skipulagsheildarinnar og mannauðurinn er grunnforsenda árangurs. Mælikvarðar varðandi mannauð eru hluti af árangursmælikvörðum sem notaðir eru til að fylgjast með rekstri og frammistöðu skipulagsheildarinnar. Þegar ráðning á sér stað er lagt ítarlegt mat á umsækjendur og gerð krafa um að sá sem valinn er bæti frammistöðu heildarinnar. Áhersla er á fræðslu og þjálfun og allir stjórnendur eru í rauninni mannauðsstjórar sem þjálfar og þróa sitt fólk.

Í Crante-rannsókninni 2009 kom í ljós að flestar stofnanir í opinberri þjónustu reynast vera á þroskastigi 2 eða 54%. 39 % eru á þroskastigi 1 og 7% eru á þroskastigi 3.

Starfsánægja

Á hverjum vinnustað er það starfsánægjan sem skiptir hvað mestu máli. Starfsánægjan smitar út frá sér og skapar góðan starfsanda á vinnustað. Það eru nokkur atriði sem hafa mikil áhrif á starfsánægju starfsmanna, það er að vita hvað maður á að gera, að vita hvernig maður stendur sig í starfinu og að upplifa sig sem hluta af heildinni.

Hvatning kemur fram í viðhorfum, í hugsun og hegðun, þeir sem eru ánægðir í starfi eru líklegri til að leggja sig betur fram og sýna meiri áhuga og ákveðni í að ná árangri. Ef skortur er á hvatningu til starfsmanna má oft sjá hjá þeim áhuga og sinnuleysu um starfið, óstundvísi og auknar fjarvistir, og ýmis önnur vandamál sem tengjast ágreiningi og gremju, lítilli og lélegri samvinnu við lausn vandamála og andstöðu við breytingar og slæma aðlögun að þeim.

28. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Almennt um fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Málaflokkurinn fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er eins og á síðastliðnu ári nokkur óvissuþáttur í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Framvinda í efnahagsmálum þjóðarinnar gerir það að verkum að erfitt er að gera áætlun fyrir þennan málaflokk sem byggir á öruggum forsendum.

Gert er ráð fyrir 2,7% verðbólgu á árinu.


Undir málaflokkinn heyrir einnig arður af hlutabréfum s.s. frá Lánasjóði sveitarfélaga og framlögum frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands.

31. EIGNASJÓÐUR

Eignir sem falla undir Eignasjóð

Eign	Stærð	Byggingarár
Slökkvistöð Þorlákshafnar	176,7	1989
Jörðin Þorlákshöfn		
Gatnakerfi		
Eyjahraun 8	128,2	1973
Aðrar fasteignir		
Búnaður í íþróttahús		
Grunnskólinn í Þorlákshöfn – Egilsbraut 35	4.023,9	1969-2006
Grunnskólinn í Hveragerði		
Leikskólinn Bergheimar – Hafnarberg 32	947,4	1983-2014
Leikskólar Hveragerði		
Íþróttahús Þorlákshafnar – Hafnarberg 41	1.756,2	1992
Sundlaug Þorlákshafnar – Hafnarberg 43	2.206,3	2008
Golfvöllur Þorlákshafnar		
Þorláksvöllur – Vallarhús, Hafnarberg 45	141,7	2008
Háaleitisvöllur		
Tjaldstæði Skálholtsbraut		
Hafnarberg 1 – Ráðhús	2.390,2	2000

Þróun reksturs Eignasjóðs



Almennt um Eignasjóð

Sú meginregla gildir að fasteignir sveitarfélaga eru færðar í sjálfstæða rekstrareiningu innan A-hluta sveitarfélagsins og er þessum eignasjóði ætlað að sjá um rekstur, nýbyggingar, kaup eða sölu eigna í umboði sveitarstjórnar. Eignasjóður leigir síðan út fasteignir til rekstrareininga sveitarfélagsins samkvæmt þörfum viðkomandi rekstrareininga og innheimtir svokallaða innri leigu í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér. Meðal annars er tekið mið af afborgunum lána, vöxtum, afskriftum, viðhaldi og fasteignagjöldum.


Markmiðið með eignasjóðum er að gera rekstrarkostnað fasteigna sýnilegri og að sérhver rekstrareining beri þann raunkostnað sem henni ber.

Grunnskólinn

Það sem þarf m.a. annars er að bæta vatnsgæði, neysluvatn, í hluta skólans, turninum. Lagnirnar eru í skriðkjallaranum. Þar hitnar kalda neysluvatnið upp og tekur í sig lykt/bragð sem ekki er gott.

Sjá má helstu framkvæmdir í sundurliðaðri fjárfestingaráætlun.

33. ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ



Helstu verkefni

Rekstur á vatnsveitu og fráveitu fyrir þéttbýlið í Þorlákshöfn og rekstur á Vatnsveitunni Berglindi sem sér bæjum í dreifbýlinu sunnan Þjóðveggar 1 frá Völlum að Þórstöðum fyrir neysluvatni (og slökkvivatni) auk þess að þjóna Gljúfurárbyggð.

Umsjón og rekstur á götum, gangstígum, leikvöllum og opnum svæðum í þéttbýlinu í Þorlákshöfn, ss. snjómokstur, hálkuvarnir, grassláttur, umhirða á trjábeðum og hreinsun á rusli sem liggur á víðavangi.

Rekstur á gámasvæðinu í Þorlákshöfn og umsjón með jarðvegstipp á Hafnarsandi.

Umsjón og rekstur á Vinnuskólanum í Þorlákshöfn.

Umsjón með lögbundnum tæmingum á rotþróum í sveitarfélaginu.

Ýmis þjónusta við stofnanir sveitarfélagsins sérstaklega verkefni sem lúta að viðhaldi fasteigna.

Ýmislegt minniháttar viðhald á fasteignum sem heyra undir félagsþjónustuna og Eignarsjóð sveitarfélagsins, auk þess að útvega iðnaðarmenn í meiriháttar viðhald.

Aðstoð við umsjón með framkvæmdum sem í gangi eru í sveitarfélaginu, árið 2014 var það td. „Heilsustígurinn,, „úrþætur í aðgengi að fjörunni við Skötubót“ „framkvæmdirnar í Skrúðgarðinum og í Reykjadal“ ofl.

Ýmis þjónusta við íbúa sveitarfélagsins, ss. garðsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja.

Eftirlit með hunda- og kattahaldi.

Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar

Núna eru 4 fastráðnir heilsársstarfsmenn, en í vor voru þeir 6 með starfsmanni sem sá um gámvöllinn, þar að auki var umsjónarmaður grænna og opinna svæða sem var ráðinn tímabundið frá miðjum apríl til loka september en hún óskaði eftir að fá að hætta 15. ágúst vegna þess að hún var búin að fá heilsársstarf annars staðar. Í sumar störfuðu í Þjónustumiðstöðinni 6 ungmenni á aldrinum 17 – 21 árs við slátt á grasi og lúpínu auk annara tilfallandi verkefna sérstaklega þegar rigndi mikið

sem var því miður ansi oft í sumar. Þar að auki störfuðu í Þjónustumiðstöðinni 7 ungmenni við ýmis garðyrkjustörf og annað tilfallandi. Sum þessara ungmenna voru með skerta starfsgetu og var hluti þeirra ráðinn í gegn um félagsþjónustuna. Hluti þess samkomulags var að félagsþjónustan útvegaði flokksstjóra sem væri vanur/vön að vinna með börnum með sérþarfir. Ekki náðist að ráða slíkan starfsmann. Við Vinnuskólan sem rekinn var undir Þjónustumiðstöðinni störfuðu í sumar 4 flokkstjórar og rúmlega 30 börn og ungmenni í mislangan tíma. Mjög brýnt er að skýr stefna verði tekinn í starfsmannahaldi hjá Þjónustumiðstöðinni t.d. hvaða verkefnum á hún að sinna. Ákvarða þarf hversu marga starfsmenn þarf til að sinna þeim verkefnum og hvernig á sumarafleysingu að vera háttað svo eitthvað sé nefnt.

Aðstaða

Búið er að gera sérstakt svæði fyrir lager og m.a. hólfa það fyrir lager vatnsveitu, enda þarf að aðgreina lagervörur fyrir vatnsveituna t.d. frá vörum sem notaðar eru fyrir fráveitu.

Áhöld og tæki við vatnsveitu eiga að vera aðgreind frá tækjum sem notuð eru við fráveitur. Eftir er að klára þessa lagfæringu.

Í samvinnu við slökkvilið, þarf að koma upp útsogskerfi fyrir útblástur úr bílum, ekki er verið að taka um mjög fullkomið kerfi.

Fasteigna viðhald

Þjónustumiðstöð, á þessu ári var áætlað að mála húsið að utan en bæði vegna óhentugs veðurfars og mannskapsleysis, Davíð Harðarson hætti í vor, ekki var ráðinn maður í sumarafleysingar og mikill tími fór í að reyna að halda sláttutækjunum í gangi, því náðist ekki að gera neitt í málningarvinnu. Einnig voru fyrirhugaðar framkvæmdir innandyra t.d. að útbúa aðstöðu til að geyma efni og varahluti fyrir Vatnsveituna, en það er hluti af hreinlætiskröfum sem gerðar eru, þessar framkvæmdir eru ekki komnar af stað (of mörg verkefni fyrir þann mannskap sem við höfum og áætlunin leyfir ekki að ráðnir séu verktakar í verkið), en ef hægt er þá verður farið af stað með þetta í vetur, en útlitið er ekki of gott því starfsmenn eru aðeins fjórir og mörg verkefni í gangi og því til viðbótar þarf að manna gámavöll því starfsmaðurinn sem var þar hætti í sumar.

Framtíðarsýn

Starfsmannamál: Til að Þjónustumiðstöðin geti sinnt snjómokstri og annari vetrarþjónustu svo að vel sé þarf a.m.k. að ráða einn heilsársstarfsmann í viðbót auk þessa að gera starf umsjónarmanns grænna- og opinna svæða að heilsársstarfi. Til að sá starfsmaður sem ráðinn verður nýtist sem best er nauðsynlegt að hann sé með iðnmenntun helst í pípulögnum auk þess að vera með meirapróf og vinnuvélaréttindi, því að í mörgum stofnunum Sveitarfélagsins er mjög flókinn og sérhæfður lagnabúnaður, sérstaklega í Íþróttamiðstöðinni (lagnakjallara sundlaugarinnar), einnig myndi sparast mikil aðkeypt vinna fyrir stofnanirnar ef ráðinn yrði rafvirkir. Það að ráða umsjónarmann grænna- og opinna svæða í tímabundna stöðu hefur ekki reynst nógu vel, í bæði skiptin sem þetta hefur verið reynt þá hættu starfsmenn um miðjan ágúst, þó að ráðningartíminn hafi verið út september, bæði Sunna og Elín voru góðir starfsmenn og skiluðu sínu með ágætum, en þar sem þær voru að koma nýjar að þessum málum þá fór mikill tími hjá þeim í undirbúning fyrir vinnuskólann í maí og júní, en það er tími sem hvað mikilvægastur til að hlúa að trjám og öðrum gróðri. Ef þetta væri heilsársstarf þá gæti undirbúningurinn farið fram í janúar, febrúar og mars, ásamt öðrum tilfallandi verkefnum og þá væri hægt að nota apríl, maí og júní til gróðursetningar, í að snyrta og gera bæinn enn fallegrri fyrir sumarið, og þá mundi sparast aðkeypt vinna t.d. fyrir trjáklippingar. Meðfylgjandi er skýrsla sem Elín skrifaði um sína sýn á starfið áður en hún hætti og skýrsla sem Pálmi yfirflokkstjóri vinnuskólans skrifaði.

Verkfæri og tæki: Það að endurnýja gröfu Sveitarfélagsins er mjög brýnt, þó að núverandi grafa hafi fengið gott viðhald, þá er komið að mjög kostnaðarsömu viðhaldi, því bremsurnar á henni eru ornar mjög slitnar, búið að herða uppá eins og hægt er, og það að skipta um bremsubúnaðinn er mikil aðgerð því að hann er, eftir því sem mér er sagt, einhverskonar vökvabúnaður sem er inn í afturhásingunni miðri og rífa þarf gröfuna nánast í sundur til að komast að þessu.

Eins og áður segir þá er orðið mjög brýnt að endurnýja sláttuvélarnar og þegar þetta var til skoðunar kom upp hugmynd hvort ekki væri sniðugt að kaup/leigja fjölnota tæki sem nota mætti til fleiri hluta

t.d. sópa plön og gangstíg, dreifa sandi/salti til hálkuvarnar, moka snjó af plönnum og gangstéttum, ýmissa snúninga í kringum garðyrkjastörf, o.fl.

Meðfylgjandi er tilboð frá Vélaborg Landbúnaði í árs leigu með uppkauparétti á fjölnota tæki að gerðinni Avant 635 DLX (með húsi) ásamt viðtækjum (sópur með skúffu, sanddreifari með kastskífu, snjóplógur, sláttuvél með safnkassa og brettagaflar). Þessa er bara einn möguleiki en sennilega væri best að kaupa svona eða sambærilega vél, því leiguverðið virðist vera frekar hátt.

Huga þarf einnig að endurnýjun á sláttuorfum og handsláttuvélunum, auk þess sem fjárfesta þarf í ýmsum verkfærum og endurnýja önnur, því að það að hafa góð verkfæri auðveldar og flýttir allri vinnu.

B-HLUTA FYRIRTÆKI

B-hluta fyrirtæki sveitarsjóðs eru:

Þorlákshöfn


Vatnsveita Þorlákshafnar

Íbúðir eldri borgara

Uppgræðslusjóður Ölfuss


Félagslegar íbúðir

Fráveita Ölfuss



41. ÞORLÁKSHÖFN

Þróun tekna og gjalda Þorlákshafnar



Núverandi staða

Hafnarstjórn ásamt hafnarstjóra fer með málefni Þorlákshafnar í umboði bæjarstjórnar. Hjá Þorlákshöfn eru þrír starfsmenn auk hafnarstjóra; hafnsögumaður og tveir hafnarverðir. Þá er einnig einstaklingur á launaskrá í hlutastarfi vegna ræstingar.

Hafnarstjóri sinnir daglegum rekstri hafnarinnar auk þess að koma að vinnu við stefnumarkandi verkefni sem hafa það að markmiði að auka umsvif hafnarinnar. Starfsmenn hafnarinnar sjá um vigtun alls afla sem um höfnina fer auk vöruvigtunar, s.s. á vikri. Þeir sjá um móttöku skipa og báta og sjá um að raða þeim niður á stæði í höfninni. Haldið er utan um bókahald komu, legu og brottfara skipa. Þá veita starfsmenn ýmsa þjónustu, s.s. afgreiðslu á rafmagni og vatni til skipa og utan um hald á rafmagnsnotkun. Þrif og viðhald á hafnarsvæðinu er í verkahring starfsmanna en aðstaða til vetrarvinnu hefur verið af skornum skammt og því hefur veruleg þjónusta hin síðari ár verið aðkeypt.

Höfnin á og rekur lóðsbátinn Ölver. Hlutverk bátsins er að flytja hafnsögumann til og frá stærri skipum auk þess sem báturinn er til aðstoðar stærri skipum sem um höfnina fara, s.s. með að hjálpa þeim að og frá bryggju. Báturinn er einnig mikið öryggistæki fyrir sjófarendur við Suðurströndina. Auk fastráðinna starfsmanna við höfnina er í dag lausráðinn vélstjóri í áhöfn bátsins.

Í gildi er samningur milli sveitarfélagsins og Vegagerðarinnar þess efnis að Þorlákshöfn verði varahöfn Herjólfis. Vegagerðin greiðir fast gjald til hafnarinnar árlega til þess að viðhalda þeim mannvirkjum sem tengd eru komum Herjólfis auk hafnargjalda sem innheimt eru af komum skipsins og greidd eru af rekstaraðila skipsins. Gildistími þessa samnings er til loka ársins 2014.

Framtíðarsýn

Verkstæðisaðstaða

Verulegar fjárhæðir hafa verið greiddar í þjónustukaup hjá höfninni síðustu ár vegna endurnýjunar á dekkjum við viðlegukanta. Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum verði farið í aðrar eins framkvæmdir eða stærri. Stórum hluta þessarar vinnu gætu starfsmenn hafnarinnar sinnt ef þeir hefðu til þess aðstöðu og nauðsynlegan tækjabúnað. Mikilvægt er að fjárfest verði í verkstæðishúsnæði fyrir hafnarstarfsmenn. Með slíkri aðstöðu geta starfsmenn unnið að verkefnum sem tengjast viðhaldi og

rekstri hafnarinnar. Undanfarin ár hefur aðkeypt þjónusta verið nýtt til lausnar slíkra verkefna. Fjárfesta verður í nauðsynlegum búnaði í verkstæðisaðstöðuna, s.s. dekkjagatara (til að lokka dekk).

Mikil umferð er um hafnarsvæðið og nauðsynlegt er, bæði vegna öryggis og markaðssetningar, að koma upp myndavélaeftirlitskerfi við höfnina. Slíkt verkefni gæti verið unnið í samstarfi vegna myndavélavæðingar hjá sveitarfélaginu.

Efling hafnarinnar

Lengi hefur verið stefnt að því í Þorlákshöfn og á Suðurlandi að hafnaraðstaðan í Þorlákshöfn verði gerð nothæf til stórflutninga og sem slík hæf til að þjóna stóriðju sem reist yrði í hennar nágrenni. Með breyttum áherslum í atvinnuuppbyggingu á svæðinu, hafa áform um stækkun hafnarinnar ekki breyst í eðli sínu, heldur tilgangurinn. Nú er ekki lengur horft til stóriðju sem hina endanlegu lausn í atvinnumálum og ástæðu fyrir fjárfestingu í hafnarframkvæmdum. Miklu fremur er nú horft til þess að auka til muna þjónustuhæfni við þá atvinnustarfsemi sem þegar er til staðar á nær- og fjarsvæðinu á Suðurlandi og stór-Reykjavíkursvæðinu og að vaxa með þeirri starfsemi í samhæfðum áföngum. Enn fremur ber að taka tillit til framþróunar ívöruflutningum, flutningaskipin eru orðin stærri, stjórnækkin nákvæmari og þarfir viðskiptavina skipafélaganna eru sífellt að breytast t.d. vegna þróunar í umbúðum, kælitækni og neysluvenjum.

Hafnarstæðið er erfitt viðureignar af náttúrlegum ástæðum og því ráðlegt að þróa höfnina í áföngum með hliðsjón af því og þeim markaðsaðstæðum sem núverandi og væntanlegir notendur hafnarinnar búa við. Fyrirsjáanlegt er að erfitt verður að eiga við öldu- og sogahreyfingar innan hafnarinnar og í innsiglingunni ásamt ölduhæð utan hafnar og hönnun brimvarnargarða miðuð við það. Af þessum ástæðum er ekki hægt að draga upp nákvæma framtíðarsýn á hafnaraðstöðu í Þorlákshöfn til lengri tíma litið. Í þessari greinargerð verður farið yfir áætlaða næstu áfangaförum og þá möguleika sem sá áfangi kemur til með opna á. Þess ber að geta að þessi fyrsti áfangi felst að stórum hluta í eðlilegu og löngu tímabæru viðhaldi og endurnýjun núverandi hafnarmannvirkja.

Stækkun og viðhald

Mjög brýnt er orðið að leggja í viðhaldsframkvæmdir á hafnarmannvirkjum í Þorlákshöfn þar sem þau eru komin vel til ára sinna. Á Suðurvarargarði er steipt kerjabryggja frá árinu 1960 og Svartaskersbryggja var byggð árið 1974. Á elsta hluta Svartaskersbryggju eru þil bryggjunnar farin að tærast mikið og fylling farin að renna undan dekki hennar á nokkrum stöðum. Hætta er á að dekkið eða malbikið falli niður, þar sem holrúm hefur myndast undir bryggjunni.

Á grundvelli þessa ástands og hugmynda um hvernig auka megi notagildi og nýtingu hafnarinnar fyrir núverandi þjónustuþörf, hefur verið skoðað hvað hægt sé að framkvæma á tiltölulega skömmum tíma með viðráðanlegri fjárfestingu. Ef ráðist yrði í að vinna niður uppsafnað viðhald og samtímis þær nauðsynlegu framkvæmdir sem úttekt Vegarðarinnar tiltekur til að bæta öryggi hafnarinnar m.a. með því að dýpka og stækka höfnina svo hún geti tekið á móti stærri skipum en nú, myndi það nýtast öllu Suður- og Suðvesturlandi, fjölga störfum, auka þjónustu og tekjur á svæðinu auk þess sem höfnin yrði samkeppnisfær valkostur fyrir hafnsækna starfsemi og fyrirtæki.

Eftirfarandi lýsing byggir á greinargerð Vegagerðarinnar („Þorlákshöfn. Stækkun hafnar“, maí 2014) og endurskoðun þeirra tillagna sem þar koma fram með aukna nýtingu og þarfir hafnarinnar að leiðarljósi (sjá mynd á forsíðu til skýringar).

Til að bæta höfnina og stækka, þarf að endurnýja Suðurvarargarð og setja nýtt stálþil á Svartaskersbryggju. Auka þarf dýpi við Suðurvararbryggju og Svartaskersbryggju. Miða þarf við að hönnunardýpi verði 10 m. við Suðurvararbryggju. Enn fremur þarf að dýpka um 30 m. breitt svæði framan við báða kanta í 10 m. Við Svartaskersgarð þarf að auka dýpið í 9 m. á 50 m. breiðu svæði fyrir framan 10 m. svæðið. Með þessum breytingum geta stærri ferjur lagt við Svartaskersbryggju, t.d. ferjur á stærð við Norrænu sem er 160 m. löng, 30 m. breið og ristir um 6,3 m.

Rífa þarf og fjarlægja það sem eftir er af Norðurvararbryggju og láta dýpkunarsvæði ná alveg að Suðurvararbryggju og Austurgarði. Með því er snúningsrými skipa bætt þannig að það sé að hámarki 230 m, sem þýðir að hámarkslengd skipa sem þarna geta snúið, getur verið um 150-180 m háð stjórnhæfni.

Þessu til viðbótar þarf að hlaða öldudempandi fláa meðfram ströndinni frá Skarfaskersbryggju að Suðurvararbryggju. Gera má ráð fyrir að undirbúningsvinna taki 8-10 mánuði en að framkvæmdatími sé 18-24 mánuðir.

Bætt þjónusta, aukid öryggi og fjölgun atvinnutækifæra

Með framangreindum framkvæmdum, er áætlað að stærri skip geti athafnað sig innan hafnar sem opnar á möguleika á að fá inn stærri fragtskip en nú, skemmtiferðaskip sem alls ekki koma í dag og einnig stórar vöru- og fólksferjur. Auk þess sem þjónustugetan við núverandi viðskiptavinum myndi aukast verulega strax. Með og í þessum áfanga þarf og verða gerðar ítarlegar aðstöðurannsóknir og þannig lagður grunnur að raunsærri og skýrari framtíðarsýn á hafnaraðstöðuna, takmarkanir og möguleika. Enn fremur eru umbætur og stækkun hafnarinnar mikilvægt öryggismál því hún er sú eina á mjög stóru hafsvæði og verður að vera áreiðanlegur hlekkur í forvarnaráætlunum og björgunaraðgerðum.

Hér á eftir fer stutt yfirferð yfir þau skip sem hægt verður að þjónusta í Þorlákshöfn eftir þessa áfangastækkun hafnarinnar og dregnir upp þeir möguleikar sem það hefur í för með sér. Þær myndir sem hér eru dregnar fram eru grundvallaðar á viðræðum við rekstraraðila sem nýta höfnina í dag og aðra sem ekki geta það vegna aðstöðuleysis, en hafa sýnt því áhuga að koma til Þorlákshafnar ef hafnaraðstæður verða bættar.

Farþegaferjur

Nauðsynlegt verður fyrir Herjólf um ófyrirsjáanlega framtíð að hafa aðgang að ferjuaðstöðunni sem nú er í Þorlákshöfn. Ný ferja mun ekki breyta því þar sem Landeyjarhöfn er á kviku svæði árfarvega, sandburðar og sjávarstrauma. Enn fremur mun verða mögulegt að bjóða upp á beinar farþegaferjusiglingar milli Suðurlands og Evrópu þar sem hægt verður að taka á móti skipum af sömu stærð og stærri en Norræna er nú. Slíkar ferjusiglingar hafa komið til umræðu en alltaf „strandað“ á getuleysi hafnarinnar.

Komum skemmtiferðaskipa til landsins hefur fjölgað sem og þeim höfnum sem þau fara inn á. Það samræmist stefnu stjórnvalda, og ábendingum Ferðamálastofu, sem hvatt hafa til þess að álagi af ferðamönnum verði betur dreift um landið til að vernda viðkvæm svæði. Til að ná tengingu við ferðaskipuleggjendur, hefur höfnin í Þorlákshöfn gerst aðili að samtökunum Cruise Iceland. Í fundargerð aðalfundar samtakanna sem haldinn var 23. maí 2014 kom fram í erindi Ágústar Ágústssonar stjórnarmanns og markaðsstjóra Faxaflóahafna, að þau skemmtiferðaskip sem koma séu að verða minni og að þannig skipum komi til með að fjölga. Samhliða þessari þróun séu siglingar umhverfis Ísland að verða vinsælli og því muni samkeppnisstaða minni hafna um komur skemmtiferðaskipa, breytast þeim í hag. Með stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn, munu meðalstór skemmtiferðaskip geta lagst að hafnargarði. Með því væri kominn til nýr og mjög vænlegur viðkomustaður þannig skipa á Íslandi. Hægt verður að bjóða upp á nýja áfangastaði, eins og suðurströndina til Skóga og Víkur, auk þess sem stutt er í vinsælustu viðkomustaði á Suður- og Suðvesturlandi, hinn svonefnda Gullna hring, Suðurnesin og Bláa lónið.

Vöruflutningar

Áhugi er á að koma á vöruferjusiglingum og hafa aðilar sem sigla frá Danmörku og Bretlandi sýnt áhuga að beina sínum ferjum til Þorlákshafnar á grundvelli styttri siglingatíma og fleiru. Með vöruferjusiglingum frá Þorlákshöfn til Evrópu á miðvikudagskvöldi væru vörur komnar á markað í Evrópu á mánudagsmorgni sem hentar sívaxandi eftirspurn eftir ferskvöru og lengir hillulíf. Enn fremur hafa bílaumboð og aðilar sem flytja stærri vélar og tæki milli landa, áhuga á að koma þeim í vöruferjur frekar en gámaskip, eins og gert er nú, sem skapar óhagræði og kostnað við flutning stærri tækja og véla. Með ferjusiglingum, s.k. RO/RO, væri hægt að keyra tæki og vélar beint að og frá borði.

Sjávarútvegur

Fiskútflutningsfyrirtæki í Þorlákshöfn og Grindavík sjá mikla möguleika í stækkun hafnarinnar og sú hagkvæmni sem af því leiddi myndi gera það að verkum að umsvif þeirra í Þorlákshöfn ykjast. Einnig opnuðust fleiri möguleikar og tækifæri sem ekki koma til tals nú vegna aðstöðuleysis. Fiskmarkaðurinn

og Ísfélagið í Þorlákshöfn mun njóta góðs af auknum viðskiptum við fleiri og stærri skip sem vænta má að kæmu inn til löndunar á útskipunardegi til að hámarka ferskleika og minnka þannig akstur með afla. Einnig opnar þessi valkostur á að stærri frystitogarar geti umskipað í höfninni, til að mynda þau sem stunda veiðar á Reykjanes hrygg og skip Ramma hf.

Flutningaskip

Með stækkun hafnar opnast möguleiki fyrir komu stærri gámaflutningaskipa. Mikil eftirspurn er eftir gámaflutningum m.a. vegna fiskútflutnings. Með útflutningi frá Þorlákshöfn í stað Reykjavíkur sparast aksturskostnaður fyrir þá sem keyra að austan og að vestan frá Reykjanesi og styttest tíminn frá fiskiskipi til útskipunar. Þannig verða ferskvörur verðmætari og hillutíminn lengri. Mikill áhugi er á auknum vatnsútflutningi úr Ölfusi, en þau áform sem rædd hafa verið, útheimta meðal annars þær breytingar á höfninni sem stefnt er að. Ekki er nokkur vafi á því að bætt hafnaraðstaða í Þorlákshöfn verður til hægðarauka fyrir stærsta landbúnaðarsvæði landsins sem er í næsta nágrenni, mikinn jarðfenaútflutning, sem nú þegar er stundaður á svæðinu, þau fyrirtæki sem hyggja á fjölbreyttari jarðfenaútflutning á næstu árum og vaxandi fiskeldi á svæðinu.

Fjölbreyttari atvinna og þjónusta

Sveitarfélög á Suðurlandi haf lengi, líkt og í öðrum landshlutum, leitast við að laða að fyrirtæki til að fjölga störfum, auka fjölbreytni í atvinnulífinu, bæta íbúabjónustuna og fjölga íbúum. Stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn gæti orðið stökkpallur í þá átt að fjölga fyrirtækjum á svæðinu í kring og styrkja þau fyrirtæki sem þar eru fyrir. Aukin umsvif við höfnina og móttaka stærri skipa eykur eftirspurn eftir margskonar þjónustu og fjölbreyttari en nú er. Þjónusta við skemmtiferðaskip styrkir stoðir ferðaþjónustunnar á svæðinu, vöruflutningaskip kalla á þjónustu og bjóða upp á möguleika fyrir fyrirtæki sem gætu nýtt sér fleiri kosti þess sem svæðið býr yfir líkt og þær náttúrulegu auðlindir sem þarna eru; gríðarlegt magn af köldu vatni, heitt vatn og gufa, auk þjónustu í nær- og fjarsamfélagi.

Kostnaður og virðisauki

Í skýrslu Vegagerðarinnar, sem fyrst og fremst er frumútgáfa og drög sem ákveðið var að vinna til að fá gróft mat á þær tillögur sem lagðar voru til grundvallar, kom í ljós að þær tillögur eru mjög raunsæjar og hentugar sem fyrsti áfangi og uppfærsla á viðhaldi hafnarviðlegustæða. Endurskoða þarf kostnaðar- og framkvæmdaáætlunina sem fram kemur í skýrslunni og sett er fram hér á eftir. Þarna er ekki reiknað með þeirri dýpkun sem nú er komið í ljós að verður að vera, þ.e. einn meter í viðbót við það sem fram kemur í skýrslu Vegagerðarinnar og sú dýpkun sem stuðst er við til að geta tekið á móti þeim skipum sem hér hefur verið rætt um.

Kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar

Verkafangi	Kostnaður (m.kr.)
Undirbúningur, rannsókn, hönnun, umhverfismat o.fl.	55,-
Dýpkun snúningssvæðis við Suðurvararbryggju og rif Norðurvarargarðs 130 þ. m ³	747,-
Endurbýgging Suðurvararbryggju 200 m.	484,-
Dýpkun Svartaskersbryggju 16 þ. m ³	161,-
Endurbýgging Svartaskersbryggju 250 m.	458,-
Samtals framkvæmdakostnaður	1.904,-


Í þessum kostnaðarliðum er gert ráð fyrir 9 m. dýpi við viðlegukanta og 8 m. dýpi annarsstaðar í höfninni, s.s. í innsiglingu. Það er hins vegar eðlilegt að horfa til þess að hafa þessa dýpt meiri þegar farið er af stað í slíkar framkvæmdir þar sem henni verður ekki breytt eftir á. Aðal málið er að stálþilin verði rekin það langt niður að hægt verði, þó síðar verði, að dýpka í 10 m. við viðlegukanta og 9 m. annarsstaðar í höfninni. Slík breyting hefur óveruleg áhrif á kostnað við framkvæmdina miðað við heildarmyndina en felur í sér verðmæt tækifæri. Gera má ráð fyrir að kostnaðaraukinn sé um 10% en fjárfestingaráætlun gerir ráð fyrir 2.200 m.kr., þ.a. hlutur Þorlákshafnar 550 m.kr.

Eins og fram hefur komið er löngu kominn tími á viðhald hafnarmannvirkja í Þorlákshöfn. Þær aðgerðir, sem eru óhjákvæmilegar, eru um 60% af frumáætlun á heildarkostnaði við stækkun hafnarinnar. Með því að horfa fram í tímann og skoða kosti þess að stækka höfnina, ekki einungis fyrir Þorlákshöfn og Ölfusið, heldur líka til hagsbóta og virðisauka fyrir fyrirtæki á Reykjanesinu og stórum hluta Suðurlands, verður að horfa til þeirra margfeldisáhrifa sem aukin umsvif við höfnina munu hafa.

Ekki er horfið frá þeirri framtíðarsýn að byggð verði stórskipahöfn í Þorlákshöfn, en sú stækkun sem hér hefur verið lýst, er lítið skref í þá átt. Þetta litla en mikilvæga skref mun þó strax leiða til mikilla breytinga á þjónustugetu hafnarinnar. Kostnaður verður ekki slíkur að hætta sé á ofpenslu vegna þeirra framkvæmdaáhrifa sem vara meðan á framkvæmdum stendur og er í raun agnarsmár miðað við mörg önnur samgöngumannvirki á landinu.

Háværar raddir hafa heyrst á Suðurlandi um að farið verði í atvinnuskapandi aðgerðir sem nýtist svæðinu beint. Með stækkun hafnarinnar í Þorlákshöfn er stigið mikilvægt skref í þá átt að laða að fyrirtæki og skapa möguleika til atvinnuuppbyggingar fyrir allt Suðurland og Suðurnesin.

43. VATNSVEITA

**Vatnsveita Þorlákshafnar**

Rekstur vatnsveitunnar hefur verið frekar erfiður þann tíma sem liðinn er að árinu, mikið um bilanir, bæði á lagnakerfinu, á búnaði við dælurnar og í vöktunarkerfinu, t.d. var ca. 10 l/sek. leki undir götunni í Svartaskeri sem ekki kom upp en uppgötvaðist fyrir tilviljun, í Óseyrarbrautinni var svipaður leki sem kom heldur ekki upp, en uppgötvaðist vegna þess að sig kom í götuna, þessir lekar geta hafa verið gamlir þar sem þeir gerðu lítið vart við sig. Aðrir lekar sem skiluðu sér upp á yfirborðið og voru þá væntanlega nýir voru t.d. í Knarrarberg, tveir í Básahrauni, við Selvogsbraut 17, við Kléberg 15 og á Óseyrarbrautinni. Hraðabreytirinn fyrir dælu 2 á Hafnarsandi bilaði í vor og var dæmdur ónýtur enda orðinn gamall og lítið til af varahlutum í hann, þegar þetta gerðist þá kom í ljós að hraðabreytirinn fyrir dæluna í Unubakka var óvirkur, hefur sennilega verið það lengi, en það tókst að lokum að koma honum í gang, en þó er hann ekki að virka eins vel og við hefðum vonað en það lagast vonandi þegar við getum farið að láta nýja vöktunnar og stjórnkerfið stýra honum. Vöktunarkerfið bilaði í byrjun sumars og þar sem það stóð til að endurnýja það var ákveðið að reyna ekkert að laga það heldur reyna að hraða vinnu við uppsetningu á nýja kerfinu en það gekk frekar erfilega bæði vegna sumarleyfa og vegna mikilla annara verkefna hjá bæði Rafvör og hjá Raftákn, en núna er þessi vinna vel á veg kominn þó að upp hafi komið ýmis vandamál sem leysa þurfti.

Vatnsveitumál

Vatnsveitan, sem var við brunninn við Kiwanishúsið, var tengd við dælu í kjallaranum að Oddabraut 3. Þetta var gert haustið 1952 og byrjað að nota vatnið þaðan til neyslu í fyrstu húsunum það haust, og í byrjun janúar 1953, var svo endanleg tenging komin á fyrstu húsin.

Fyrir liggur hjá bæjarfélaginu samþykkt að Vatnsveita Þorlákshafnar haldi áfram í sínu forystu hlutverki vatnsveitna á Suðurlandi og eins að taka þátt í námstefnum um vatnsmál. Til að viðhalda vottun vatnsveitunnar þarf að vera stöðug þjálfun á þeim starfsmönnum sem eiga að vinna við vatnsveituna. Gera þarf ákveðnari stefnu um mannskapsfjölda til þeirra mála sem sveitarfélagið hefur tekið að sér að sinna, s.s. vatnsveitumálum.

Setja þarf skýr markmið og áætlun hverir sinni þeim málum við viðgerðir og hvernig þeirra þjálfun er háttað.

Gott vatn er grunnur búsetu, góðrar heilsu, framleiðslu og. fl. Gott vatn = Heilbrigði / Menning / Atvinna. Gagnsemin til framtíðar, kynningar- og fræðslugildið t.d. til atvinnuþróunar, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu gæti orðið veruleg.

Viðurkenningar

Lagt er til að veita Grunnskólanum peningaframlag frá Vatnsveitunni, til kaupa á tækjum í raun- og eðlisfræðigreinum. Grunnskólin muni halda sýningar á verkefnum er tengjast vatni með ákveðnu árabili.

Einnig lagt til að framleiða vatnsbrúsa merka, sem árlega er gefinn ákveðnum bekk, aldurstigi. Hvatning með brúsunum er að hollara og ódýrara er að drekka vatn en að kaupa sér gosdrykki. Þetta hefur verið gert víða um Norðurlöndin, með þessu markmiði og hvatningu um að vatn sé holt og ódýrt.

Allt kostar þetta peninga sem við gerð fjárhagsáætlunar þarf að setja fram. Vatnsveitu Þorlákshafnar er með vottun, GÁMES, sem vatnsveita með gæðavatn, þarf að kynna vel og þá sérstaklega hjá utanríkis- og iðnaðarráðuneytinu. Þegar þessi ráðuneyti, eða stofnanir á þeirra vegum, eru að kynna kosti landsins eða fá fyrirspurnir um möguleika til að setja upp matvælaíðnað eða iðnað sem þarf á vottuðu vatni að halda, þá sé Þorlákshöfn einn af þeim stöðum sem eru kynntir. Sveitarfélagið léti e.t.v. vinna kynningarblað um þá kosti sem kynna skal, s.s. Vatnsveituna.

Lög sem tóku gildi í desember 1995, skilgreina vatn sem matvöru og meðhöndla bera það samkvæmt lögum um matvæli. Í þessum lögum segir að sveitarfélög skulu koma upp gæðaeftirliti á rekstri vatnsveitunnar. Gera þarf úttekt á vatnsveitunni í heild og dreifikerfi hennar. Einn þátturinn er m.a. innra eftirlit sem tekur á hvornig lagnir eru lagðar, hvornig er gert við þær, um umhirðu á efni sem notað er við nýlagnir eða viðhald, þjálfun stafsmanna og fl.

Þessi vinna hefur farið fram en námskeið fyrir starfsmenn, símenntun, þarf að vera á hverju ári.

Eins þurfum við að hafa á hreinu hjá okkur hvert er okkar vatnsverndarsvæði. Við endurskoðun á Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022, verði unnið yfirlitskort og skýrsla um vatnsverndarsvæði innan Ölfuss. Einnig þá að skoða með orkustefnu Sveitarfélagsins Ölfuss.

Fjárveitingarþörf til vatnsveitu

Við fyrirhugaðar framkvæmdir við höfnina og nýtingu landsins norðan við Unubakka og gerð Suðurstrandarveggar, þurfum við að færa borholuna sem er í Unubakkanum s.s. vegna nálægðar við byggð og borholurnar vestur í hrauni. Þetta kemur fram í Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022. Eins er það með legu stofnsins til bæjarins, hann liggur um Eyjahraunið. Þetta er mjög óheppilegt s.s. vegna þrýstings á vatni þar og ef þarf að gera við lagnir þar þá þarf að loka fyrir bæjarkerfið. Núna er stærðin á dælunum þannig, vestur í hrauni, að ekki er hægt að dæla meiru upp en nemur 4 kg þrýstingi, sem að vísu er ágætt en oft er kallað á meiri þrýsting. Frá borholum til neitanda er enginn staður á leiðinni með þrýstimminkara, þannig að hægt væri að vera með fullan þrýsting á lögninni að fyrirtækjum en minnka þrýsting að íbúðarhverfum. Það þarf að gera úttekt á vatnsveitunni, dreifikerfinu til bæjarins, um legu þess núna og hvað kostar að koma með aðalstofninn inn í bæinn nær miðbænum og greina dreifikerfið þaðan.

Fjárveiting fyrir starfsmenn veitunnar að sækja námskeið, endurmenntun vegna innra eftirlits og til kynningarstarfa.

Almennt eftirlit og viðhald.

Setja þarf upp mælirbrunna á kerfið. (Út frá áfangaskýrslunni komi ákvörðun um fjölda sem um er rætt hér að framan).

Kranar á lagnirnar, verða settir upp kerfisbundið árin 2006 til 2008, svo hægt sé að loka fyrir ákveðin svæði við t.d. viðgerðir eða þegar leitað er af leka á lögninni.

Endurnýjun lagna í götum er alltaf einhver á hverju ári. Það sem þarf að gera stórt í þeim málum er endurnýjun lagna s.s. í Reykjabraut og Oddabraut. Þar eru gamlar járnlagir, sem enginn veit reyndar neitt um, hvar liggja eða ástand þeirra. Allar heimæðar þarf að endurnýja.

Dælur sem hafa verið notaðar vestur í hrauni eru um 30 ha og 55 ha. Sumarið 1998 var mikill niðurdráttur á vatninu og mun 30 ha dælan líklega hafa bilað við það, gengið þurr þar sem þá var enginn viðvörunarbúnaður. Eins bilaði stærri dælan líka hjá okkur á svipuðum tíma. Áhættan er allt of mikil að keyra á þessum dælum, að vera ekki með varadælur. Best er að vera með tvær svipaðar dælur, þá tvær 55 ha dælur.

Rafstöð sem núna er á staðnum við vatnsveituna er olústöð um 50 kw sem nægði til að keyra 30 ha dæluna sem var, eða minni dæluna. Ekki var hægt að keyra stærri dæluna á henni og því ekki hægt að afhenda örugglega nægt vatn. Keypt var rafstöð, (um 165/132, kva/ kw) sem fer í gang við spennufall á rafmagni. Stöðin er í sérsníðuðum gám, með öllum búnaði í. Verði rafmagnsleysi afkastar þessi rafstöð ekki nægu vatni til bæjarins til að hægt sé að afhenda vatn til íbúa og fyrirtækja. Keyra þarf með varaafli og þyrfti að vera til eða aðgengi að færanlegri rafstöð sem hægt væri að koma með á staðinn.

Vatnsveitan Berglind

Rekstur á Berglindi hefur gengið stóráfallalaus á árinu en ekki hefur verið farið í þær nauðsynlegu úrbætur sem fyrirhugaðar voru þar, eins og að kaupa varadælu, mála og laga dæluhúsið að innan til að hægt sé að uppfylla hreinlætiskröfur. Ástæða þess er bæði að mikið hefur verið um óvæntar upptakomur og kostnað við vatnsveituna í Þorlákshöfn og eins höfum við ekki komist yfir öll þau verkefni sem okkur eru ætluð með þeim mannskap sem Þjónustumiðstöðin hefur yfir að ráða. Mjög brýnt er að gera áætlun um það hvernig sveitarfélagið ætlar að bregðast við og standa að sverun lagna og hækkan á þrýstingi í Berglindi til að hægt sé að mæta þörfum á neysluvatni og uppfylla skildum um að skaffa slökkvivatn því að á svæði Berglindar hefur verið mikil uppbygging og frekari uppbygging er fyrirhuguð þar.

Brunahanar og lagnir að þeim. Hér þarf líka að skoða ný brunavarnarlög, sem tóku gildi 1. janúar 2001, er gera ráð fyrir að sveitarfélög sjái um brunavatn í sveitarfélaginu. Gömlu lögin sögðu að sjá ætti um brunavatn í þéttbýli, en nú er allt sveitarfélagið komið undir. Ekki hafa verið settir kerfisbundnir upp brunahanar í sveitarfélaginu. Bændaveitur, sem þá eru utan reksturs hjá sveitarfélaginu eru með frekar grönnum lögnum, sem ekki eru hannaðar fyrir að á þær séu settir brunahanar. Við mælingu á brunahana við Kotstrandarkirkju, mældist þar brunahaninn ónothæfur fyrir brunavarnir, vegna kraftleysis á vatni. Út frá umræddum lögum þarf að móta stefnu fyrir allt sveitarfélagið í þessum málum. Stefna sveitarfélagsins er að uppbygging geti verið í dreifbýlinu. Anmarkar eru á þessari stefnu að ekki er fylgt eftir með að svera lagnir og tryggja að nægt vatn sé í neysluveitur og brunavatn.

Lögnin frá Berglindi er of grönn. Í fjárhagsáætlun fyrir 2015 er sett inn framkvæmdaáætlun að svera hana að gatnamótum við Gljúfurárholt. Eldri lagnir í Bakkárholtveitunni og gömlu Berglindi eru of grannar og þarf einnig að svera þær.

Skoða þarf með hvort kostur er að koma með lögn vestar í dreifbýlinu, frá lindum ofan við Ölfusborgir, í landi Reykja, og vera með lögn þar á móti lögninni frá Berglindi.

Mikilvægt er að sinna vatnsveitunni vel og gæta þess að missa ekki þá vottun sem komin er á hana. Þjálfun á föstum starfsmanni er sér um skráningu og eftirlit á vatnsveitunni og sækir námskeið þar um, er nauðsynlegt að koma á sem fyrst.

53. ÍBÚÐIR ELDRI BORGARA

Eignir sem falla undir íbúðir eldri borgara


Eftirtaldar íbúðir heyra undir stofnunina og eru skráðar á Egilsbraut 9.

Hús	Stærð	Byggingarár
Egilsbraut 9	73,9	2001
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	62,0	1988
Egilsbraut 9	67,6	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	64,1	1988
Egilsbraut 9	75,7	1988
Egilsbraut 9	62,8	2001

Í árslok 2013 samþykkti bæjarstjórn nýjar reglur um úthlutun íbúða á Egilsbraut 9, samkvæmt tillögu félagsmálastjóra (sem nú er forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfða). Í tillögunum er gert ráð fyrir því að íbúðir verði leigðar út í framtíðinni án greiðslu búseturéttar. Búseturéttir sem þegar hafa verið greiddir munu verða greiddir út þegar viðkomandi íbúar skila inn sinni íbúð.

Markmið með úthlutun íbúðanna er að koma til móts við þarfir aldraðra/öryrkja íbúa í Sveitarfélaginu Ölfusi sem sökum félagslegra- og heilsufarslegra aðstæðna geta ekki búið áfram og séð um sig sjálfa í eigin húsnæði. Íbúðunum er ætlað að vera hentugur búsetukostur þar sem einstaklingar geta haldið eigið heimili sem lengst við sem bestar aðstæður.

Þróun reksturs Íbúða aldraðra



Fjárfestingaáætlun – Langtímaáætlun – Egilsbraut 9 – Hjúkrunarrými

Forsendur til að gera breytingar á Egilsbraut 9, er að Heilbrigðisráðuneytið samþykki að veita daggjöld til rekstur 4ra hjúkrunarrýma, þ.e. rekstarleyfi. Síðan þarf að sækja um í Framkvæmdasjóð aldraðra styrk til að greiða kostnað vegna breytinga á húsnæði. Ef framkvæmdasjóður samþykkir styrkveitingu þá er kostnaður 15% á sveitarfélag og 85% á ríkið.

Fyrirséðar breytingar á viðbyggingu að Egilsbraut 9, ef af verður, eru eftirfarandi: Breyta tveimur 2ja herbergja íbúðum í tvö hjúkrunarrými. Gera tvö herbergi, taka eldhús og breyta í baðherbergi. Kostur ef hægt væri að hafa herbergin jafnstór þá þarf að færa vegg. Núna eru íbúar í þessum íbúðum og farið verði af stað með breytingar þegar íbúðirnar losna, þeim ekki úthlutað. Viðbygging verði lokuð af. Hellulögn sem nú er á ganginum verði tekin og sett gólf í staðinn, sett þak yfir pott og innkot sem er núna á milli viðbyggingar og eldri hluta Egilsbrautar og þar verði gerður salur fyrir þjálfunartæki.

55. UPPGRÆÐSLUSJÓÐUR

Uppgræðsluverkefni í Sveitarfélaginu Ölfusi

Síðari umræða um samþykktir um framtíðarfyrirkomulag við styrkveitingar til uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi og úthlutunarreglur var tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar 19. júní 2014 – fyrri umræða hafði farið fram á fundi bæjarstjórnar 23. maí 2014 þar sem Uppgræðslusjóður Ölfuss var formlega lagður niður.

Megin inntak samþykktanna er samþykki bæjarstjórnar fyrir því að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Tilgangurinn er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Styrkveitingarnar munu fara fram í gegnum uppgræðslusjóðinn þar til hann hefur að fullu verið afskrifaður.

Samþykktir vegna uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi

1. gr. Með tilvísun í 5. gr. samþykta fyrir Uppgræðslusjóð Ölfuss, sem staðfestar voru af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 2. apríl 2014, ákveður bæjarstjórn að leggja niður Uppgræðslusjóð Ölfuss og ráðstafa því fjármagni sem honum tilheyrði til annarra verkefna hjá Sveitarfélaginu Ölfusi án skilyrða.
2. gr. Bæjarstjórn samþykkir að verja á næstu 15 árum sambærilegu fjármagni ár hvert til uppgræðslu- og skógræktarverkefna og gert var á forsendum Uppgræðslusjóðs Ölfuss. Miða skal þá fjárhæð sem ráðstafað er til slíkra verkefna í fjárhagsáætlun fyrir komandi ár við ígildi ársávöxtunar 75 m.kr. höfuðstóls. Þau vaxtakjör sem miðað skal við eru uppgæfnir ársvextir á óverðtryggðum sparireikningi sem sveitarfélaginu býðst með binditíma til 12 mánaða hjá viðskiptabanka þess, á þeim tíma sem fjárhagsáætlun fyrir næsta ár er staðfest.
3. gr. Tilgangur þessarar samþykktar er að efla uppgræðslu innan Sveitarfélagsins Ölfuss. Haft verður í huga við mat á umsóknum vegna slíkra verkefna, að markmið viðkomandi verkefnis sé það að landið verði grætt með varanlegum hætti og að unnið verði gegn losun gróðurhúsalofttegunda.
4. gr. Á hvert, fyrst árið 2015, skal skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd (SBU) Sveitarfélagsins Ölfuss auglýsa styrki til úthlutunar, að lágmarki tveimur vikum fyrir lok umsóknarfrests. Umsóknarfrestur er til 1. mars ár hvert og skal umsóknum skilað inn á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Með umsókninni skal fylgja greinagóð lýsing á verkefninu með verkáætlun, tímaáætlun og kostnaðaráætlun.
5. gr. Hlutfall styrkja getur numið allt að 2/3 af áætluðum heildarkostnaði, þ.e. kostnaði við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, við það verk sem sótt er um styrk fyrir en þó aldrei meira en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni skv. 2. gr. SBU metur umsóknir og úthlutar styrkjum og skal úthlutun styrkja vera lokið fyrir lok apríl mánaðar. Styrkjum er úthlutað að verki loknu en heimilt er að greiða út styrkfjárhæð eftir framgangi verks.
6. gr. Að verkefni loknu skal viðkomandi styrkþegi gera SBU grein fyrir ráðstöfun fjárens og árangri verkefnisins.
7. gr. Sveitarfélagið Ölfus áskilur sér rétt til að skýra opinberlega frá viðkomandi verkefni, stuðningi sveitarfélagsins og árangri verksins, en að öðru leyti eignast Sveitarfélagið Ölfus engan rétt vegna styrkveitingarinnar.

Úthlutunarreglur vegna uppgræðsluverkefna í Sveitarfélaginu Ölfusi

Við ákvarðanir um styrkveitingu vegna uppgræðsluverkefna ber að taka mið af framkvæmdaáætlun þar sem landbótaverkefnum í sveitarfélaginu hefur verið raðað í forgangsröð.

Við röðun verkefna í forgang ber að taka mið af hagsmunum íbúa sveitarfélagsins, þ.e. með hvaða landbótaverkefnum má helst stuðla að auknum lífsgæðum íbúanna og auknum land- og vatnsgæðum í sveitarfélaginu.

Styrkir

Skipulags-, byggingar- og umhverfisnefnd Ölfuss (SBU), sem fer með úthlutun styrkja til landbóta, er heimilt að veita landeigendum, Sveitarfélaginu Ölfusi, félagasamtökum og öðrum umráðahöfum lands, styrki til landbótaverkefna. Einnig er heimilt að styrkja einstaklinga og hópa sem tekið hafa að sér umsjón afmarkaðs landsvæðis til uppgræðslu eða skógræktar. Upphæð styrks getur numið allt að 2/3 hluta kostnaðar við vinnu, tæki og kaup á aðföngum, en þó ekki meiru en sem nemur 10% þess fjár sem til úthlutunar er hverju sinni.

Ábyrgð

Þau verkefni sem styrkt eru verða undir forsjá og á ábyrgð styrkþega og eru þeir framkvæmdaaðilar. Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins Ölfuss mun hafa eftirlit með þeim verkefnum sem styrkt eru, fylgjast með framvindu og meta árangur.

Umsóknir

Auglýst er árlega eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Auglýsing skal birtast fyrir 15. febrúar og er umsóknarfrestur til 1. mars. Umsækjendum ber að fylla út umsóknareyðublað en umsóknum verða að fylgja eftirfarandi upplýsingar:

- Nafn og heimili umsækjanda.
- Kennitala og bankareikningur umsækjanda.
- Ábyrgðarmaður verkefnisins.
- Heiti verkefnis og staðsetning.
- Lýsing á verkefni; markmið, aðgerðir, tímaáætlun, kostnaður.
- Upplýsingar um mótframlög og aðra styrki.
- Landgræðslu- og landnýtingaráætlun, hafi hún verið gerð.
- Að umsækjandi sýni fram á getu sína til að vinna verkefnið.

Styrkhæf verkefni

Við ákvörðun um styrkveitingar er einkum lögð áhersla á:

- Að fyrir liggi framkvæmda- og kostnaðaráætlun vegna þess verkefnis sem styrkumsókn lýtur að.
- Landbætur sem stuðla að auknum lífsgæðum íbúa sveitarfélagsins.
- Stöðvun hraðfara jarðvegsrofs og gróðureyðingar.
- Endurheimt gróðurs og jarðvegs.
- Verkefni sem stuðla að auknum land- og vatnsgæðum í sveitarfélaginu.
- Að landnýting verði sjálfbær eins og kostur er.
- Bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi.

Einstök verkefni geta hlotið vilyrði um styrk til allt að þriggja ára, enda fylgi umsókn tímasett kostnaðar- og verkáætlun. Styrkþegi þarf að skila áfangaskýrslu og endurskoðaðri áætlun í lok hvers árs á styrktímabilinu til að mögulega verði um framhald á styrkveitingum að ræða.

Forgangsröðun umsókna

Við forgangsröðun umsókna er áskilið að verkefni falli að áherslum, markmiðum og forgangsröðun Sveitarfélagsins Ölfuss. Við forgangsröðun umsókna ber að líta til eftirtalinna atriða:

- Að unnin hafi verið framkvæmdaáætlun fyrir aðgerðarsvæðið.
Traktorsgrafa	7.000				7.000					
Slátturtraktor	3.750	500			4.250					
Baklóð, girðing					0					
					0					
					0					
Samtals 33	10.750	500	0	0	11.250	0	0	0	0	
41 - Hafnarsjóður/Þorlákshöfn										
Lóðarframkvæmdir hafnarhúsi				10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	100.000	
Stækkun hafnar	27.500	110.000	165.000	247.500	550.000					
Verkstæðishúsnæði	8.000				8.000					
Áhöld og tæki	3.000				3.000					
Samtals 41	38.500	110.000	165.000	257.500	571.000	10.000	10.000	10.000	100.000	
43 - Vatnsveita										
					0					
Fjölgun á stofnlokum og lekaleit	1.000	1.000	1.000		3.000					
Færsla á vatnsbóli	500	1.000	4.500	10.000	16.000	10.000	10.000			
Berglind	1.500	8.000	8.000	8.000	25.500	5.000	5.000		20.000	

	Samtals 43	3.000	10.000	13.500	18.000	44.500	15.000	15.000	0	20.000
53 - Íbúðir eldri borgara										
Egilsbraut 9						0				67.500
	Samtals 53	0	0	0	0	0	0	0	0	67.500
57 - Félagslegar íbúðir										
Nýfjárfesting í félagslegu húsnæði						0				
	Samtals 57	0	0	0	0	0	0	0	0	0
61 - Fráveita										
Lenging á útrás fráveitu/nýtt fráveituhús		1.500	3.000	10.000	15.000	29.500	50.000	25.000		
Nýfjárfesting í fráveitulögnum		3.000	3.000	3.000	3.000	12.000				100.000
						0				
	Samtals 61	4.500	6.000	13.000	18.000	41.500	50.000	25.000	0	100.000
Alls fjárfesting		138.850	245.450	280.600	400.800	1.049.700	111.800	58.800	18.800	1.347.500

* Málaflokkar 04-13 falla undir efnahag Eignasjóðs 32 í ársreikningi

** Rauður hluti skjalsins er ekki hluti samþykkrar áætlunar en er hugsaður til skýringa og einföldunar við framtíðaráætlunargerð

SKÝRINGAR FJÁRFESTINGA

Áætlun fjárfestinga (skýringar)

04 - Fræðslu- og uppeldismál

Leikskólinn Bergheimar elsta bygging: Aldursinntökuviðmið í Leikskólann Bergheima verða færð niður í 18 mánuði úr 24 mánaða aldri þegar endurbótum á elsta hluta leikskólans er lokið. Stefnt er að því að endurbætur fari á húsnæðinu fari fram árið 2016. Heildarkostnaður fullnaðar hönnunar og framkvæmdar á því ári er áætlaður 50 m.kr. Gert er ráð fyrir að lágmarksbreytingar verði gerðar á húsinu en allar nauðsynlegar endurbætur framkvæmdar.

Áætlað er að heildarkostnaður við endurbætur á húsnæðinu sé um 50 m.kr. Endanleg kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir en forsenda þess að ná þessu innan þessarar fjárhæðar er að ekki verði farið í jarðvegs eða sökkulframkvæmdir.

Grunnskólinn í Hveragerði: Hveragerðisbær er með á framkvæmdaáætlun sinni að byggja eldhús við Grunnskólann í Hveragerði. Áætlaður hlutur Sveitarfélagsins Ölfuss í þessari fjárfestingu er 4,2 m.kr.

Leikskólar í Hveragerði: Samþykkt hefur verið að fjárfesta í 9% hlut í leikskólum Hveragerðisbæjar og er kaupverð 32 m.kr. Börn með lögheimili í deifbýli Ölfuss munu eftir þessi kaup hafa sama aðgang að leikskólum í Hveragerði og börn með lögheimili í Hveragerðisbæ.

Grunnskólinn tónlistarálma: Klárað á árinu 2014.

05 - Menningarmál

Áhorfendapallar í Ráðhúskaffi: Áhorfendaaðstaða á leiksýningum í Ráðhúskaffi er ekki góð. Á leiksýningum hafa verið útbúin áhorfendastæði úr vörubrettum og er það bæði fyrirferðarmikið og stenst vart kröfur um brunavarnir. Stefnt er að því að bæta úr þessu á eins hagkvæman hátt og kostur er á árinu 2015.

Húsvörður segir að ekki sé pláss til að geyma slíkt áhorfendastæði, nema tekinn sé hluti af salnum undir slíkt.

Borð og búnaður í Ráðhúskaffi: Borð, stólar og ýmis búnaður er orðinn úr sér genginn. Nauðsynlegt er talið að fjárfesta verði í borðum og setur á stóla fyrir X m.kr. (Barbara er með kostnaðartölur). Til eru ca. 350 stólar en borð eru einungis til fyrir ca. 250 manns. Salina væri hægt að dúka upp fyrir rúmlega 300 manns. 12 borð kr. 700 þús.

Borðvagn kr. 100 þús.

Eldvarnagardína á vegg á sviði kr. 200 þús.

Hljóðkerfi og fjarfundabúnaður eru hlutir sem áætlaðir eru í rekstraráætlun undir lykli 0561-2853 minniháttar tæki.

Fjarfundabúnaður og fundasími: Í þó nokkur skipti hefur verið spurt um fjarfundaaðstöðu í Versölum. Mikilvægt fyrir starfsemi Versala að geta boðið uppá slíka aðstöðu og eins þarf að vera með fundasíma í húsakynnum á Hafnarbergi 1.

Fjarfundabúnaður kr. 200 þús.

Fundasími kr. 50 þús.

Þetta er fært undir búnaðarkaup í rekstri.

Herdísarvík: Árið 2014 er 150. árstíð skáldsins Einars Benediktssonar sem átt og bjó í Herdísarvík í Ölfusi. Áhugasamir aðilar hafa unnið að hugmynd að menningartengdri starfsemi í Herdísarvík en jörðin er í eigu Háskóla Íslands.

EKKI verður tekin afstaða til þátttöku í þessu verkefni fyrr en hugmyndin hefur verið mótuð.

06 - Æskulýðs- og íþróttamál

Íþróttamiðstöð tæki: Mikilvægt er að viðhalda búnaði í íþróttamiðstöð svo rekstur hennar sé með sóma. Í samningum við íþróttafélögin, sem undirritaðir voru 13. desember 2012 og gilda til ársloka 2016, segir að Sveitarfélagið Ölfus muni árlega veita fjármunum til tækjakaupa í íþróttamannvirki. Ekki liggur fyrir tillaga um ráðstöfun en samkvæmt samningunum mun íþrótt- og æskulýðsfulltrúi sjá um meðferð þess fjár sem áætlað er í samráði við íþróttafélögin og íþrótt- og æskulýðsnefnd. Gert er ráð fyrir þessu í rekstraráætlun.

Loftræstikerfi íþróttahús: Það hefur alltaf verið vitað að engin loftræsting er í íþróttahúsinu en nú er Heilbrigðiseftirlit farið að gera við þetta alvarlegri athugasemdir auk þess sem dómarrar í efstu deild karla í körfubolta hafa kvartað undan loftleysi. Verkefnið rúmast ekki innan fjögurra ára áætlunar en verður skoðað í náinni framtíð. Sjá nánar hugmyndafræðina í tengslum við fimleikaaðstöðu en verði fimleikaaðstöðu frestað fram yfir árið 2020 verður að horfa til þess að setja upp loftræstikerfið í íþróttahúsið. Heildarkostnaður vegna nýrrar loftræstisamstæðu í íþróttahúsið er áætlaður 22 m.kr. og lagfæring á tæknirými í samræmi við brunavarnakröfur 2 m.kr. Skoða þarf sérstaklega hvort pláss er fyrir stjórnkerfi loftræstingar inni í íþróttahúsinu en slíkur búnaður þarf að vera í rými sem stenst brunavarnir. Hagkvæmast er að loftræstikerfi fyrir íþróttahúsið og aðstaða fyrir heitan pott (sjá skýringu að neðan) verði skoðað/hannað á sama tíma.

Íþróttamiðstöð, nýi hluti, tækjasalur o.fl.: Bæta þarf loftgæði í tækjasal. Hægt er að skipta út stórum rúðum sem snúa út að sundlaug og síðan loftræsting sem gæti verið nýr blásari til þess að koma fersku lofti inn. Mjög líklegt er að kaupa verði nýja loftræstisamstæðu fyrir líkamsræktarsalina eða nýta aflagða samstæðu frá tæknirými sundlaugar. Hefja skal undirbúning að þessu, þ.e. filmur á rúður og úttekt á loftræstibúnaði, á árinu 2015. Áætlað 800 þús. kr. Kaup og uppsetning samstæðunnar gæti kostað um 8 m.kr. Tækjakaup kr. 3.200.000,- Samningur við Örninn hf. Loftræstisamstæðan er sett á árið 2017, áætlaður kostnaður 4 m.kr.

Fimleikaaðstaða: Lengi hefur verið talað um að byggja við íþróttahúsið fimleikaaðstöðu en eftirtektarverður árangur hefur náðst í fimleikum í Þorlákshöfn á síðustu árum. Þá hefur einnig verið bent á að áhaldageymslur séu engar í íþróttahúsinu og væri hugsanlegt að slá tvær flugur í einu höggi með slíkri byggingu. Áætlaður kostnaður við slíka framkvæmd, þ.e. af því gefnu að húsið sé um 400 fm. að stærð er um 120 m.kr. með nauðsynlegum búnaði og loftræstikerfi í þennan hluta hússins. Gert er ráð fyrir því að verkefnið hefjist á árinu 2017 og verði klárað á árinu 2018.

Yfirbyggður knattspyrnuvöllur: Erindi sem barst frá Knattspyrnufélaginu Ægi til Íþrótt- og æskulýðsnefndar var tekið fyrir 8. apríl 2013 og í fundargerð nefndarinnar var því vísað til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn tók það fyrir á fundi nr. 198 þann 2. maí 2013 og þar var því vísað til fjárhagsáætlunar. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi minntist á þetta á fundinum um fjárhagsáætlun sem hann átti með bæjarráði haust 2013. Erindi bréfsins var tvíþætt: Annarsvegar um áhuga á að Knattspyrnufélagið Ægir fengi úthlutað svæði til að setja á fót knattspyrnugolfvöll (sem var settur hér upp fyrir tveimur árum út í Nesi af einkaaðilum), hins vegar var könnun á því að byggja yfir gervigrasvöllinn og stækka íþróttahúsið. Þetta er hugsað sem hluti framkvæmdar við fimleikaaðstöðuna. Gera má ráð fyrir því að þörfin sé að lágmarki 4500 fm. og miðað við 200 þús. kr. pr. fm. er þetta verkefni upp á 900 m.kr. Ljóst er að þetta verkefni er mun stærra en svo að það rúmist innan fjögurra ára áætlunar en mikilvægt að hugað sé að hugmyndafræðinni og að hugsanlega verði settur á fót starfshópur sem skili álit til bæjarstjórnar.

Knattspyrnuvelli og íþróttasvæði: Nauðsynlegt er að deiliskipuleggja svæði U-3. Þarna er um að ræða knattspyrnuvelli og svæðið þar í kring. Nauðsynlegt er að huga m.a. að nýrri aðkeyrslu, bílastæðum, snyrtingum og annarri aðstöðu við velli. Stækka þarf grassvæðið með því að þökuleggja svæðið milli vallanna. Þegar kemur að því að okkur verði falið að sjá um framkvæmd unglingslandsmóts þarf stærra svæði fyrir knattspyrnu. Íþrótt- og æskulýðsnefnd hefur gert um þetta tillögu en þessu hefur ekki verið fundinn farvegur. Áætlaðar er að frumhönnun vegna þessa gæti kostað um 1,5 m.kr. Inni í þessari hönnun er svæðið í heild skoðað, s.s. rýmisþörf vegna íbúðabyggðar og gatna. Framkvæmdakostnaður hefur ekki verið áætlaður og er ekki innan fjögurra ára áætlunar. Þetta myndi að mestu verða hluti af endurskoðun aðalskipulags en mögulegt væri að vinna deiliskipulag fyrir svæðið samhliða aðalskipulagsvinnunni.

Strandblakvöllur: Mikill áhugi hefur verið hjá ungu fólki á því að koma upp strandblakvelli enda er um vaxand íþrótt og afþreyingu að ræða. Ungmennaráð hefur skorað á bæjarstjórn að beita sér fyrir því að koma upp slíkri aðstöðu og af þeirra hálfu var rætt um að hún yrði ekki á skólalóðinni heldur t.d. hluti af skrudgarði. Ljóst þykir að völluminn passar ekki inn í skipulag skrudgarðsins en eðlilegt þykir að horfa til annarra svæða innan þéttbýlisins með staðsetningu, s.s. innan svæðis U3 sem fara verður í hönnun á. Kostnaður hefur ekki verið metinn en hugað verður á þessu á næstu árum.

Aðstaða á tjaldsvæði: Íþrótt- og tómstundafulltrúi hefur haldið utan um rekstur tjaldsvæðis og gert það með sóma. Hann hefur haft áhuga fyrir uppbyggingu þar og reist var þar "grillhús" árið 2014. Áformað er að setja upp upplýsingaskilti um sveitarfélagið, s.s. gönguleiðir innan bæjar og lengri gönguleiðir árið 2015. Kostnaður við upplýsingaskilti er áætlaður 500 þús. kr., hönnun og uppsetning og er settur á árið 2015. Þá hefur verið rætt um það að halda áfram uppbyggingu á tjaldsvæðinu og á hverju ári, næstu árin, verði veitt um 1,5 m.kr. til nýframkvæmda. Hugmyndir eru uppi um það að bæta enn frekar grillhúsið á árinu 2015. Ljúka grillaðstöðu. Eftir að setja í 8 glerrúður og bæta við 4 veggjum Uppýsingaskilti. Koma þarf upp skilti með upplýsingum um gönguleiðir og fl. Lóð. Hellulögn/Malbik. Snyrta umhverfi salernishúss og ruslaports með hellulögn eða malbiki. Bæta aðstöðu fyrir losun úrgangs á húsbílum.

Golfvöllur: Sveitarfélagið á golfvöllinn í Þorlákshöfn en hann hefur notið vaxandi vinsælda á síðustu árum. Stjórn golfklúbbsins hefur áhuga fyrir því að gera breytingar á vellinum á næstu árum, leggja af brautir sem erfitt er að viðhalda vegna ágangs sands. Á fundi bæjarráðs 3. apríl 2014 var eftirfarandi bókað: "Golfklúbbur Þorlákshafnar óskar eftir aðstoð við framkvæmdir vegna mikils sandburðar á Þorláksvelli. Fyrir liggur tillaga og kostnaðaráætlun frá Edwin Roald golfvallahönnuði vegna framkvæmdanna. Bæjarráð samþykkir samhljóða að vinna að uppbyggingu og endurbótum á golfvellinum í samræmi við skýrslu Edwins Roald. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar 2015." Kostnaðaráætlun fyrri áfanga: 10,3 m.kr. Kostnaðaráætlun seinni áfanga: 4,2 m.kr. Alls áætlað 14,5 m.kr. Gera þarf tímasetta framkvæmda- og greiðsluáætlun. Upphafleg áætlun fyrri áfanga var 10,3 m.kr. en gera má ráð fyrir í raun að kostnaðurinn verði lægri. Stefnt er að því að klára fyrsta áfanga að mestu á árinu 2015 og að fullu árið 2016. Gera má ráð fyrir 5 m.kr. árið 2015 og 3,5 m.kr. árið 2016. Ákvörðun verður tekin um seinni áfanga á næsta ári en kostnaði skv. áætlun er deild á 2017 og 2018.

Aðstaða fyrir brimbrettaiðkun: Sjórinn undan ströndum Þorlákshafnar þykir sá albesti á landinu og þótt víðar væri leitað til sjóbrettaiðkunar. Búnings- og sturtuáðstaða fyrir ferðafólk gæti laðað að stóran hóp ferðamanna til Þorlákshafnar á hverju ári. Ekki liggur fyrir þarfagreining vegna slíkrar aðstöðu. Horft verður til þessarar aðstöðu innan fjögurra ára áætlunar. Hugmyndafræðilega er þetta spennandi hugmynd en rekstrarlega getur þetta orðið mjög erfitt og þarf að útlista þetta vel áður en farið verður í framkvæmdir. Skoða verður sérstaklega hvort sjóðir og einkaaðilar geti lagt fjármagn til slíkrar framkvæmdar en forsvarmenn brimbrettafólks segja að verið sé að stofna samtök og fólk sé tilbúið til að koma að vinnu og reksturs aðstöðunnar með einhverjum hætti. Ekki hefur borist formlegt erindi frá þessum aðilum. Gert er ráð fyrir 1,5 m.kr. til slíkrar aðstöðu á árinu 2015 en aðstaðan getur nýst öllum þeim sem útvíst stunda á þessu svæði, s.s. kajak ræðurum og sjósundsfólki.

Heitur pottur við sundlaug: Farið verður í forhönnun árið 2015 vegna staðsetningar og búnaðar að pottinum. Skoða þarf hvort tæki og búnaður í tæknirými geti borið þennan pott. Þessi þáttur verði unninn samhliða skoðun á loftræstibúnaði fyrir íþróttahúsið. Áætlun í hönnun 1 m.kr. en niðurstaða þeirrar skoðunar á að gefa hugmynd um hugsanlegan kostnað og leiðir sem hægt væri að fara. Ef rýmið ber pottinn er stefnt að því að fara í fjárfestinguna eins fljótt og kostur er.

Bætt aðstaða í tæknirými sundlaugar:

Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður vegna þessa nemi um 9 m.kr. árið 2015 en síðar verði að fjárfesta frekar í loftræstibúnaði ca. 7 m.kr. en kæliraftar kosta um 3 m.kr. og ný loftræstisamstæða um 4 m.kr. Með þessu móti fæst kaldara og ferskara loft sem kemur í veg fyrir klórlykt og mengun. Aflögð samstæða gæti nýst í tækjasal en samstæðan þar er of lítil fyrir starfseminu í dag.

08 - Hreinlætismál

Gámavöllur: Þungar kröfur eru frá Heilbrigðiseftirlitinu um úrbætur á gámavelli. Í aðalskipulagi hefur nýjum gámavelli verið fundinn staður en til umræðu hefur verið að flytja hann á lóð áhaldahúss. Mikil samlegðaráhrif gætu orðið af slíkum flutningi en þegar er búið að ganga frá plönnum að hluta við áhaldahúsið og ekki verður þörf á að byggja sérstaka starfsmannaastöðu svo eitthvað sé nefnt. Hvorki liggur niðurstaða um staðsetningu né kostnaðaráætlun við uppbyggingu nýs vallar fyrir við samþykkt fjárhagsáætlunar. Þær kostnaðartölur sem settar eru inn á næstu árum eru tengdar jarðvinnu, yfirborðsfrágangi og mannvirkjum sem ætlað er að komi á svæðið. Eðlilegt að horfa til þess að gera þarfagreiningu fyrir gámavöll í samvinnu við þann aðila sem þjónusta mun sveitarfélagið með sorphirðu. Staðsetning verður ákveðin samhliða endurskoðun aðalskipulags.

Flutningur á geymslusvæði: Geymslusvæði við Nesbraut verði flutt á svæði sunnan núverandi gámavallar. Það sem gera þarf er jarðvinna og hugsanlega girðing. Svæðið er ætlað til geymslu á geymslugámum en ekki er ætlunin að útvega geymsluhlátt fyrir lausa muni. Lausum munum er ætlað að vera á afgirtum svæðum fyrirtækja/einstaklinga. Þessi flutningur er hugsaður sem millibilsástand því mikilvægt er að flytja svæðið af Nesbraut. Framtíðarstaðsetning verði ákveðin við endurskoðun aðalskipulags. Kostnaður við flutning áætlaður um 2,5 m.kr.

Flokkunar-, endurvinnslu- og afsetningarsvæði: Í aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 kafla 3.2.6 "Sorpörgunarsvæði", stendur eftirfarandi:

Markmið:

- Leitað verði leiða til að bæta fyrirkomulag söfnunar og förgunar úrgangsefna í anda staðardagskrár 21, m.a. til að draga úr urðun sorps.
- Íbúum verði gert auðveldarar fyrir með flokkun sorps.
- Lögð er áhersla á endurvinnslu og endurnýtingu þar sem það er mögulegt.
- Sorphirða og förgun sorps á nýjum íbúðasvæðum í dreifbýli verður með sambærilegum hætti og er á býlum í dreifbýli.

Leiðir:

- Sveitarfélagið finni hagkvæmustu lausn á sorpeyðingarmálum.
- Komið verði á flokkun úrgangs á heimilum og skapaðir möguleikar fyrir íbúana að koma frá sér flokkuðum úrgangi
- Vegna endurvinnslu sorps verða starfræktar móttökustöðvar á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið Ölfus er aðili að Sorpstöð Suðurlands (SOS) sem er byggðasamlag flestra sveitarfélaga á Suðurlandi. Unnin hefur verið svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem er samstarfsverkefni Sorpu bs., Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. og Sorpurðunar vesturlands hf. Stefna um sorpförgun er háð útfærslu skv. svæðis- og landsáætlanagerð um meðhöndlun úrgangs og skal framfylgd sorpförgunar vera í samræmi við þær áætlanir.

Í Ölfusi er gert ráð fyrir eftirfarandi sorpförgunarsvæði:

(U1 - Sandur 3 - Nesland) Um 15 ha svæði sem ætlað er fyrir móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang. Á svæðinu verður aðstaða til móttöku, umhleðslu og flokkunar á úrgangi og endurvinnsluefnum sem þjónað getur sveitarfélögum á Suðurlandi. á svæðinu er gert ráð fyrir urðun á því sem ekki verður endurnýtt eða flutt burt.

Hvorki liggur fyrir tímasett framkvæmdaáætlun né kostnaðaráætlun. Tveir kostir eru í stöðunni; a) að SOS sameinist SORPU og farið verði í uppbyggingu á Neslandinu eða b) SOS fari í uppbyggingu á Neslandi.

Aðeins verður farið í uppbyggingu á Neslandi skv. þeim skilyrðum sem að framan eru talin.

Samhliða þessu verður að skoða með afsetningu á Seyru en frá og með næstu áramótum 2014/2015 hættir SORPA að taka á móti Seyru. Losun á seyru. Í skoðun er verkefni sem 6 sveitarfélög (með þá Ölfus) myndu standa að. Keypt væru tæki til að meðhöndla seyru. Tæki og aðstaða þar sem tekið væri á móti henni, gæti verið um 30 m. kr. sem skiptist á sveitarfélögin. Síðan bætist við akstur á seyru að móttökustað.

10 - Umferðar- og samgöngumál

Öryggismyndavélar: Til umræðu hefur verið að setja upp öryggismyndavélar á hringtorg við innkeyrslu í Þorlákshöfn, sem hefðu bæði fælingarmátt á óæskilega umferð í bæinn og nýst gætu til að upplýsa glæpamál. Einnig hefur verið rætt um að setja upp myndavélar við stofnanir sveitarfélagsins og hafa þær tengdar í miðlægu kerfi, s.s. höfn, grunnskóla, leikskóla, ráðhús og e.t.v. fleiri staði.

Nýfjárfesting í götum: Fyrirsjáanlegt er í næstu framtíð að fjárfesta þurfi í gatnakerfi þéttbýlisins, s.s. lenging Hafnarbergs til suðurs til að tengja íþróttasvæðið en gert er ráð fyrir að tengingin næði að fyrirhugaðri Nesbraut. Á svæðum í þéttbýlinu er gert ráð fyrir götum í aðalskipulagi, s.s. svæði norðan Selvogsbrautar o.fl. Uppbygging er í hesthúshverfi við Faxabraut skv. samþykktu deiliskipulagi og hefur lóðum þegar verið úthlutað skv. því. Halda þarf áfram með götuna á næstu árum. Gatnagerð hangir að öllu leyti saman við eftirspurn eftir lóðum og fylgir framkvæmdum við fráveitu. Búðahverfi. Eftir er að steypa kantstein og malbika gangstéttar. Heildin er að upphæð kr. 21.437.000,-. Ekki er búið að byggja hverfið nema að hluta. Í heild fyrir kantstein er ekki tekið tillit til niðurtekna þar sem heimkeyrsla er að húsum. Skipting þannig: Ísleifsbúð að norðanverðu, kantsteinn 384.000,- snum 2, þá beggja vegna. Gangstétt öðru megin 985.000,-. Ísleifsbúð að sunnan verðu (ekkert hús komið þar), kantsteinn 265.000,- snum 2 beggja vegna. Gangstétt 810.000,-. Klængsbúð að norðanverðu, kantsteinn 508.000,- snum 2, beggja vegna. Gangstétt öðru megin 1.350.000,-. Klængsbúð að sunnan verðu, kantsteinn 420.000,- snum 2, beggja vegna. Gangstétt öðru megin 1.290.000,-. Pálsbúð að norðanverðu, kantsteinn 608.000,- snum 2, beggja vegna. Gangstétt öðru megin 1.580.000,-. Pálsbúð að sunnan verðu, kantsteinn 575.000,- snum 2 beggja vegna. Gangstétt öðru megin 1.770.000,-. Eftir að klára aðalgötuna, Biskupabúðir. Kantsteinn 196.000,-. Gangstétt 830.000,-. Tengigata á milli norður og suðurhverfis. Kantsteinn er beggja vegna 945.000,-. Gangstétt beggja vegna 2.730.000,-. Tengigata sunnan við hverfið, kantsteinn 560.000,- snum 2 beggja vegna, gangstétt öðru megin 1.650.000,-. Stígar á milli nýja og eldra hverfis og inn að opnu svæði, 4.015.000,-. Tillaga að á árunum 2015-2016 verði Pálsbúð og Klængsbúð að hluta tekna með kantsteini og gangstétt. 5,5 m.kr. 2015 og 2,7 m.kr 2016. Árið 2016 verði tengigötur tekna, 4,8 m.kr., þ.e. alls 7,5 m.kr. árið 2016. Árið 2017 verði Vesturbakki kláraður fyrir utan gangstétt og kantstein, alls 12,5 m.kr. Árið 2018 verði Unubakki kláraður, 3,7 m.kr. Vesturbakki. Gatan er tilbúin fyrir efra og neðra jöfnunarlag og malbik. Gatan er um 12.500.000,-. Kantsteinn um 1 m.kr. og gangstétt um 2.700.000,-. Alls áætlað kr. 16,2 m.kr. Unubakki 42-50. Teljum að gatan sé með burðarlagi og niðurföllum. Gatan hefluð, eldri klæðning og sett nýtt efra burðarlag og malbik. Áætlun um 3.700.000,-. Slitlag var lagt á 400 m. kafla á Laxabraut árið 2013 en eftir eru 200 m. Áætlaður kostnaður er 2 m.kr. Af hagkvæmnissástæðum væri gott að taka stút/vegamót að gróðuræktarsvæði neðan vegamóta við Eyrarbakkaveg samhliða Laxabraut. Áætlaður kostnaður er 500 þús. kr.

Heimreiðar á lögbylum: Föst fjárhæð 2,5 m.kr. áætluð til úthlutunar skv. reglum sveitarfélagsins um styrki til lagningar slitlags á heimreiðar.

Göngustígar: Brynt að setja gangbaut á Selvogsbraut til móts við Unubakka og göngustíg að Unubakka 4. Áætlaður kostnaður er 2,5 m.kr. Þetta hangir saman við hugmyndir um staðsetningu gáavallar og þar með endurskoðun aðalskipulags. Áætlaður kostnaður við göngustíg meðfram Hafnarbergi, frá leikskóla út að Búðahverfi, er um 2 m.kr., áætlað árið 2015. Þessu fylgir meiri framkvæmd en gert er ráð fyrir því að lögð verði gangbraut yfir Hafnarberg við gatnamótin við Biskupabúð. Þessi gangbraut kostar 550 þús. kr., áætlað árið 2015. Þessar breytingar kosta breytingu á bílastæði við íþróttamiðstöðina og er hugmyndin að á móti skerðingu á bílastæði verði opnað inn á malarstæði sunnan bílastæðis við íþróttahúsið. Þessi framkvæmd er áætluð 1,5 m.kr. og framkvæmist árið 2015. Ýmsir göngustígar innan hverfa og göngustígar sem tengja saman hverfi eru á skipulagi og til eru kostnaðaráætlanir fyrir. Lagt er til að göngustígar nyrst í Básahrauni á milli botnlanga verði kláraðir árið 2015 ca. 100 m. eða kr. 650 þús. Lagt er til að göngustígar milli gatna í Búðahverfi verði kláraðir árið 2016 eða um 4 m.kr. Göngustígur að vita frá útsýnisskífunni er verkefni sem lengi hefur verið í umræðunni, er dýrt en gæti orðið mjög skemmtilegt. Fyrirséð að þetta verkefni rúmist ekki innan fjögurra ára áætlunar. Að öðru leyti eru gangstéttar í hverfum listaðar upp undir nýfjárfestingu gatna.

Lýsing á Nesbraut: Mikilvægt verkefni út frá öryggissjónarmiðum en aðrir hafa bent á að þessu fylgi ljósmengun. Vegalengdin sem um ræðir er ca. 2,1 km. og búast má við að þörfin sé 80 staurar þar sem 40 m. eru áætlaðir á milli staura. Kostnaður pr. staur er áætlaður 300 þús. kr. og því alls um 24 m.kr. Ekki er hægt að koma þessari framkvæmd inn á fjögurra ára áætlun.

Ljósleiðari í dreifbýli: Klárað 2014.

11 - Umhverfismál

Skrúðgarður: Endurbætur á skrúðgarðinum hafa staðið yfir frá árinu 2014 en þá voru 40 ár liðin frá því kvenfélagskonur í Þorlákshöfn hófu vinnu við gerð skrúðgarðsins. Áætlað er að endurbótum á garðinum ljúki árið 2016. Árið 2015 verði hellulagðir stígar og torg, grjóthleðslur settar upp og gróður áfram settur niður. Árið 2016 verði sett lýsing á stíga og haldið áfram með gróðursetningu.

Fegrun á innkomu í bæinn: Tillaga hönnuðar, sem hannar skrúðgarðinn og innkomu í bæinn, gerir ráð fyrir hleðslu og gróðri á nokkrum stöðum til að forma eyjar. Á árinu 2014 var gert ráð fyrir að hönnun yrði kláruð og byrjað á fyrsta áfanga úti við götuljósin og haldið síðan til Norðurs út Ölfusbraut. Verk- og kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

Framlag vegna framkvæmda í Reykjadal: Gríðarleg ásókn ferðamanna er í Reykjadal en tugur þúsunda ferðamanna koma þarna ár hvert og flestir yfir sumartímann. Ferðaskrifstofur gera út á ferðir í dalinn, s.s. með hesta-, göngu og hjólaferðir. Dalurinn þolir ekki þessa umferð m.v. núverandi ástand og mikið hættuástand hefur skapast í kringum hver í dalnum. Neikvæð fjölmiðlaumræða hefur verið um það ófremdarástand sem ríkir og mikilvægt að halda áfram úrbótum á næsta ári. Mjög mikilvægt er að sækja fjármagn til hagsmunaaðila og sjóða því sveitarfélagið getur ekki staðið undir þeirri fjárfestingu sem þörf er á þarna. Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerðisbær og Eldhestar hafa fjármöggnuðu verkefnið á síðasta ári ásamt Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Vonast er til þess að hægt sé að halda verkefninu áfram og gert er ráð fyrir að lagt verði til þess 2 m.kr. á árinu 2015 svo framarlega að hagsmunaaðilar leggi fjármagns á móti en kostnaðarpátttaka sveitarfélagsins minnki svo verulega á næstu árum. Inni í þessari tölu er vinna starfsmanna við undirbúning o.fl. Landeigandi, þ.e. ríkið eða Landbúnaðarháskóli Íslands, hefur ekki lagt fjármagn til verkefnisins.

Þessi liður verður færður undir rekstur.

Bætt aðgengi í Skötubót: Rétt austan við Þorlákshöfn, sunnan golfvallar er sandströnd sem er vinsæll viðkomustaður íbúa og þeirra sem til þekkja. Ekki hefur verið leitast við að kynna svæðið, þar sem erfitt er að komast ofan í fjöruna. Sandfjaran hefur gengið undir heitinu „Skötubót“, þó strandsvæðið sem örnefnið á við, sé ekki lengur til í kjölfar landfyllingar vegna breytinga á hafnarsvæðinu. Íbúar tengja heitið Skötubót við svæði sem þeim er ljúft að sækja með fjölskyldu og vinum. Þarna viðrar fólk hundana sína, þarna leika börnin í sandinum og undanfarið hefur svæðið sem um ræðir verið vinsæll útivistastaður fyrir brimbrettaiðkendur og jafnvel verið notað af fyrirtækjum sem eru með námskeið í brimbrettaiðkun. Vegna mikillar aukningar ferðamanna til landsins og uppbyggingar ferðabjónustu í Þorlákshöfn, hafa forystumenn sveitarfélagsins áhuga á að bæta aðgengið í sandfjöruna og auka þar með þá möguleika sem gestum og íbúum í Ölfusi bjóðast til að njóta náttúrunnar og eyða tíma saman. Ennfremur hjálpar það við að bæta þá aðstöðu og möguleika sem þarna eru fyrir brimbrettaiðkendur, þar sem með bættu aðgengi, myndast góð tenging milli golfskála og sandfjöru.

Verkefnið miðar að því að skipuleggja svæðið þannig að komið verði til móts við þá sem vilja njóta strandarinnar. Fyrirhugað er að setja stiga niður í sandfjöruna, frá bílplaninu sem er við Golfskála Þorlákshafnar. Hæðarmundur frá kambni niður í fjöruna er um 12 m.

Tilgangurinn er að auðvelda aðgengi að fjörunni. Byrjað væri með að steypa pall uppi, þaðan sem stiginn gengi frá og festist við að ofan. Nokkur þrep komi upp á pall sem næði fram yfir kambinn. Nokkrar tröppur koma niður á millipall. Stiginn fer síðan í 90° frá millipallinum samsíða kambinum niður á annan millipall. Þaðan fer stiginn í 180° samsíða kambinum niður á steiptan platta sem heldur stiganum föstum.

Með þessu verður hægt að beina gestum og ferðamönnum í sandfjöruna og bjóða íbúum að komast ofan í sandfjöruna, líka þeim sem eiga erfitt um að komast leiðar sinnar í djúpum sandi.

500 þús. kr. styrkur fékkst frá EBÍ árið 2014 vegna þessa verkefnis.

Hverfisverndarsvæði: Stefnt er að því að halda áfram vinnu við uppbyggingu hverfisverndarsvæðisins, en það er svæðið sunnan við Egilsbraut. Næsti áfangi í uppbyggingu svæðisins er undirbúningur göngustígs. Farið verður í að vinna undirlagið fyrir stíginn og gera hann tilbúinn fyrir malbikun.

Heilsustígar: Klárað 2014

13 - Atvinnumál

Fjárréttir: Fjallskilanevnd Ölfuss hefur óskað eftir fjármagni í endurgerð réttar í Ölfusdal í mynni Reykjadal. Á fundi nefndarinnar 29. okt. 2013 var eftirfarandi bókað: "Í tímans rás hafa búskaparhættir breyst þannig að nú vilja bændur leggja niður starfsemi í Ölfusréttum sem raunar þarfnast verulegra lagfæringa. Þannig vill fjallskilanevnd að núverandi réttaraðstaða í Reykjadal verði lagfærð og gerð þannig að hún myndi þjóna þeirri starfsemi sem þar yrði eftir tilfærslu úr Ölfusréttum. Til fundarins kom byggingarfulltrúi sveitarfélagsins, Sigurður Jónsson og fór yfir málið með nefndinni. Lögð voru fram gögn er varða lagfæringar á réttinni í Reykjadal með teikningum og kostnaðaráætlun. Fjallskilanevnd óskar eftir því við bæjarstjórn að mál þetta verði tekið inn í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2014." Skv. framlagðri lauslegri kostnaðaráætlun fjallskilanevndar er kostnaður áætlaður 4 m.kr. Gert ráð fyrir að verkið verði unnið á árinu 2015. Ekki er gert ráð fyrir neinni veglagningu í þessari áætlun.

33 - Þjónustumiðstöð

Traktorsgrafa: Sýnt þykir að sveitarfélagið geri út gröfu vegna ýmissa framkvæmda á þess vegum á næstu árum. Núverandi grafa er komin til ára sinna, árgerð 2001. Í áætluninni er gert ráð fyrir að grafan verði endurnýjuð á árinu 2015.

Sláttutraktor: Í eigu áhaldahúss er einn öflugur sláttutraktor og tveir minni sem eru nánast ónothæfir. Sláttusvæði sveitarfélagsins hafa stækkað mikið á síðustu árum og sýnt að áframhald verði á þeirri þróun. Þörf er þegar fyrir öðrum traktor en það er einnig áhættuþáttur að vera bara með einn nothæfan. Stefnt er að því að kaupa nýjan traktor árið 2015 og er kaupverð áætlað 3 m.kr.

Þéttbýlið hefur stækka mikið á síðasta áratug og vaxandi þörf er fyrir stærri traktor með grassafnara. Slíkt tæki væri hægt að nota við snjómokstur á vetrum og eins til að sópa götur. Einnig þarf að fjárfesta í nýjum sláttuorfum. Fyrir árið 2015 kæmu 3 orf, hvert kostar um 250 þús. kr eða alls 750 þús. kr. Fyrir 2016 kæmu 2 orf, 500 þús. kr, og síðan eitt á ári eftir það, eða 250 þús. kr. en þá verður þetta fært undir tækjakaup undir 3321-2811

Baklóð, girðing: Þetta verkefni gæti haldist í hendur við gámavöllinn og því ekki sett á þetta tala hérna. Að gámavellinum slepptum þá er þetta fyrst og fremst spurning um að gera snyrtilegt í kringum þjónustumiðstöðina. Þegar snyrtilegt er orðið við þjónustumiðstöðina er alvöru forsenda fyrir því að krefja aðra lóðarhafa í iðnaðarhverfum um að girða af þá hluti sem geymdir eru á lóðunum.

41 - Hafnarsjóður/Þorlákshöfn

Lóðarframkvæmdir hafnarhúsi: Gengið hefur verið frá flotbryggjum og ekki fyrir séð að meira verði gert þar á næstu árum. Búið er að skipta um dekk á Svartaskeri og mun sú aðgerð nýtast þegar farið verður í endurbætur á þilinu. Ekki er fyrir séð að á næstu árum verði farið í malbikun plana vegna annarra stórra verkefna, en þó verður að gera ráð fyrir því að á einhverjum tímapunkti verði að malbika geymsluþlön fyrir áburð og hugsanlegur er frágangur ofan smábátahafnar. Þessar framkvæmdir verður þó aðeins farið í ef brýna nauðsyn krefur.

Stækkun hafnar: Horft er til þess að fara í viðhaldsframkvæmdir á gömlu kerjabryggjunni á Suðurvarargarði og viðlegukanti Svartaskersbryggju, en elsti hluti hennar er frá árinu 1974. Þil bryggjunnar eru farin að tærast mikið og fylling er farin að renna undan dekki hennar á nokkrum stöðum. Með því að laga bryggjurnar, dýpka svæðið fyrir framan þær, fjarlægja það sem eftir er af Norðurvararbryggjunni og hlaða öldudempandi fláa, fæst örugg höfn sem getur tekið á móti allt að 180 m. löngum skipum, en í dag eru lengstu skipin sem koma í höfnina um 120 metra löng.

Frumkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar gerir ráð fyrir tæplega tveggja milljarða króna kostnaði við heildarframkvæmdina. Af þessari fjárhæð má ætla að ekki minna en 60 prósent sé vegna viðhalds sem nauðsynlegt er að fara í sem allra fyrst til að tryggja öryggi hafnarinnar. Samkvæmt þessari frumkostnaðaráætlun Vegagerðarinnar gæti hönnun hafnarinnar kostað um 60 m.kr.

Áætlað er að heildarframkvæmdin muni kosta um 2,2 milljarða kr. og um 75% af þeirri fjárhæð muni verða kostuð að ríkinu, það sem eftir stendur verður fjármagnað af Þorlákshöfn eða um 550 m.kr. Áætlað er að framkvæmdin verði hönnuð á árinu 2015 ásamt því að framvæmd verði nauðsynleg dýpkun alls um 5%, 20% á árinu 2016, 30% á árinu 2017 og 45% á árinu 2018.

Gert er ráð fyrir því, eftir að hönnun liggur fyrir, að byrjað verði á því að fjarlægja Norðurvararbryggju og dýpka höfnina. Með þessu móti verður strax hægt að taka á móti stærri skipum. Dýrasta framkvæmdin er vegna stálpila og verður farið í þá áfanga í framhaldi af dýpkuninni.

Samþykkt hefur verið af meirihluta fjárlaganefndar Alþingis að setja 40 m.kr. frá Ríkinu til undirbúnings hafnarframkvæmdanna og verður það fjármagn notað til fullnaðarhönnunar ásamt mótframlagi hafnarinnar. Farið verður í nauðsynlega viðhaldsdýpkun á árinu og rannsóknarvinnu samhliða á jarðlögum í höfninni. Hluti þeirrar framkvæmdar verður skilgreindur sem hluti af endurnýjuninni en framlag hafnarinnar til dýpkunar verður því skilgreint sem fjárfesting.

Verkstæðishúsnæði: Gert er ráð fyrir því að fjárfest verði í verkstæðishúsnæði fyrir hafnarstarfsemina. Með slíkri aðstöðu geta starfsmenn unnið að verkefnum sem tengjast viðhaldi og rekstri hafnarinnar. Undanfarin ár hefur aðkeypt þjónusta verið nýtt til lausnar slíkra verkefna.

Áhöld og tæki: Verulegar fjárhæðir hafa verið greiddar í þjónustukaup hjá höfninni síðustu ár vegna endurnýjunar á dekkjum við viðlegukanta. Fyrirsjáanlegt er að á næstu árum verði farið í aðrar eins framkvæmdir eða stærri. Stórum hluta þessarar vinnu gætu starfsmenn hafnarinnar sinnt ef þeir hefðu til þess aðstöðu og nauðsynlegan tækjabúnað. Gert er ráð fyrir því að kaupa dekkjagatara (til að lokka dekk) á árinu 2015 og gæti kaupverð numið allt að 2 m.kr.

Þá er gert ráð fyrir því að fjárfest verði í myndavélaeftirlitskerfi í samstarfi við sveitarfélagið. Kostnaður við þetta gæti numið um 1 m.kr. árið 2015.

43 - Vatnsveita

Fjölgun á stofnlökum og lekaleit: Eins og sjá má á þeirri miklu næturðælingu sem er í gangi þá finnst okkur það nokkuð augljóst að einhver staðar í kerfinu sé leki sem við höfum ekki fundið. Því finnst okkur það nauðsynlegt að fara í markvissa lekaleit en hún getur verið mjög seinleg og kostnaðarsöm því hún þarf að fara fram að mestu á nóttinni til að hægt sé að hlusta eftir leka með sérstökum búnaði. Núna er dreifikerfi veitunnar þannig uppbyggt að sumstaða þarf að loka fyrir mjög stór svæði ef eitthvað bilar eða það þarf að endurnýja eitthvað. Ef stofnlökarnir væru fleiri þá mætti loka fyrir minni svæði í einu með minni óþægindum fyrir íbúana. Eftir uppteikningu á kerfinu er bærinn svæðisskiptur og þá hægt að meta hvernig loka á fyrir ákveðinn hverfi komi til bilana eða fara í lekaleit. Árið 2014 var byrjað á fyrsta áfanga að fjölga stofnlökum. Markmið er að á 2-3 árum verði því verki lokið. Kort af veitukerfinu er til í Landupplýsingakerfinu "Granna" en þar inn vantar svolítið af upplýsingum t.d. Um staðsetningu loka o.fl. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta kort verði yfirfarið og uppfært til að upplýsingar um stærð, lega og viðhald lagna sé til á einum stað og allir sem á þurfa að halda geti nálgast þær upplýsingar. Unninn verði grunnur fyrir allar stofnlagnir bæjarins. Á grunni þeirra er bænum skipt upp í svæði, þannig að hægt sé að sjá hvernig lokun fer fram á vatni eða viðhald á lögnum. Heildarkostnaður áætlaður 3 m.kr. og skiptist á næstu þrjú ár.

Færsla á vatnsból: Skv. aðalskipulagi 2010-2022 ber að færa vatnsból á Hafnarsandi vestar og leggja nýja lögn til bæjarins. Áætlaður kostnaður vegna hönnunar á árinu 2015 er 500 þús. kr. Á árunum 2016-2020 verði boraðar nýjar vatnstökuholur og lögð tvöföld lögn til bæjarins sem tengist inn á núverandi kerfi. Liður í þessu er að leggja niður vatnstöku í Unubakka og flytja búnaðinn þaðan í nýtt dæluhús vegna mengandi atvinnustarfsemi í nágrenni þess vatnstökustaðar.

Berglind: Vegna mikillar og stöðugar uppbyggingar í dreifbýli Ölfuss þykir sýnt að efla þarf dreifbýlisvatnsveituna Berglindi á komandi árum. Hluti lagna í lagnakerfi Berglindar eru orðnar gamlar, frá 1963, og þegar þær voru lagðar þá voru þær hugsaðar fyrir mun færri notendur, núna er búið að tengja mikið af húsum inn á kerfið og alltaf að bætast við og fyrirsjáanlegt að það muni bara aukast, núna annar kerfið ekki almennilega þeim notendum sem komnir eru og það eru fleiri að sækja um að tengjast. Sem dæmi þá er það bara 50 mm lögn sem er að fæða Gljúfurárbyggðina sem síðan er sveruð upp í 180 mm lögn í götunum þar, við þessar aðstæður eru brunahanarnir þarna gagnslausir ef á þyrfti að halda í bruna. Vinna þarf heildarsýn á afkastagetu Berglindar. Fleiri hús, bæði ný og einnig stækkun á mannvirkjum eru að bætast við á lögnina. Með að samþykkja ný hús eða stækkun þeirra er verið að auka álagið á veitunni. Ekki er til nægt brunavatn og erfitt að heimila ný mannvirki nema að horfa til afkastagetu Berglindar. Gerð var gróf áætlun með að svera lögnina frá bóli að Gljúfurárholti, með minnsta sverleika á lögninni sem hægt var að komast af með. Þá var áætlunin á milli 30 og 40 milljónir. Síðan er eftir að endurnýja Bakkarárholtisveituna, sem lögð var 1963, og liggur hún um tún og skurði og er sverleiki hennar langt undir því sem þarf til að afhenda brunavatn. Þrýstingurinn á Berglindi er um 2 bör, sem er frekar lítið, miðað er við 4 bör hér í Þorlákshöfn. Og þegar saman fara bæði grannar lagnir og lítill þrýstingur þá má lítið út af bregða til að vandræði komi upp. Sem dæmi þá þurfti að loka fyrir í sumar vegna bilunar og þegar hleypt var aftur á þá fékk efsta húsið í Gljúfurárbyggðinni ekki vatn aftur fyrir meira en 12 tímum seinna vegna þess að það myndaðist lofttappi í lögninni og hann var svona lengi að losna vegna lágs þrýstings. Við yfirferð á lögnum, þar með tengistykkjum þar sem verið er að greina heimæðar frá stofnlögninni á Bakkarárholtisveitu, er hægt að meta viðhalds eða endurnýjunar þörfina. Í þetta verk þarf verktaka sem yfirfer svæðið sem veitan er á. Grafa þarf niður hér og þar til að finna tengingar og endurnýja þær eftir þörfum. Líklega þarf að deilda verkinu niður á tvö ár með þeim verktaka sem kemur að verkinu. Aðgengi að slökkvivatni er frekar erfitt á því svæði sem vatnsveitan Berglind þjónar. Skoða þarf vandlega á næstu árum uppsetningu á brunahönum. Sverun á stofnlögninni frá vatnsbóli Berglindar að afleggjara að Gljúfurárholti er um 65.200.000,-. Eftir er þá að svera upp lögnina er nær að Völlum/Eldhestum.

Hérna er bara skoðað með sverun lagna til að geta afhent brunavatn en samhliða þessu þarf að skoða endurbætt/nýtt vatnsból til að geta aukið þrýsting á lögninni og einnig til að mæta aukinni eftirspurn eftir afhendingu vatns. Engin varadæla er fyrir Berglindi. Á árinu 2015 þarf að skoða með kaup á varadælu, sem gæti kostað með niðursetningu 1 m.kr. Skoðað með ljósleiðaratengingu í dæluhúsið.

53 - Íbúðir eldri borgara

Egilsbraut 9: Forsvarsmenn Sveitarfélagsins Ölfuss í samvinnu við Höfn hollvinasamtök og Félag eldri borgara í Ölfusi hafa unnið að undirbúningi bættrar aðstöðu fyrir eldri borgara Ölfusi en sveitarfélagið er eitt fárra á Suðurlandi þar sem hjúkrunarrými eru ekki í boði fyrir aldraða og það fjölmennasta. Hugmyndin, sem borin hefur verið undir heilbrigðisráðherra, gengur út á að koma til móts við þá einstaklinga sem þurfa orðið á aukinni hjúkrunarþjónustu að halda, með því að koma upp hjúkrunarrýmum á Egilsbraut 9 samkvæmt þeirri þörf sem til staðar er í dag. Vel hefur verið tekið í hugmyndina og vonir standa til að hægt verði að þróa hana áfram. Ekki hefur verið unnin kostnaðaráætlun vegna þessarar hugmyndar en fyrstu drög eru í vinnslu.

Pung umræða hefur verið í samfélaginu um aðbúnað fyrir eldri borgara í Ölfusi (Þorlákshöfn og nágrenni) í hjúkrunarþörf. Í lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu segir í 32. gr. um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga: "Kostnaður við byggingu og búnað sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði. Þátttaka sveitarfélaga í kostnaði við byggingu og búnað hjúkrunarheimila skal vera 15% af stofnkostnaði. Meiri háttar viðhald og tækjakaup teljast til stofnkostnaðar. Almennur viðhaldskostnaður fasteigna og tækja telst ekki til stofnkostnaðar. Sveitarfélög láta í té lóðir undir byggingar skv. 1. mgr., þ.m.t. íbúðarhúsnæði sem ætlað er starfsmönnum, ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda og lóðarleigu. Eignarhlutur hvors aðila um sig skal vera í samræmi við kostnaðarhlutdeild skv. 1. mgr. Hvorugur aðili á kröfu á hinn um leigu vegna eignar eða eignarhluta." Ef fara á í slíka framkvæmd, hugsanlega 20 hjúkrunarrýma verður að hugsa til þess í framtíðaráætlunum sveitarfélagsins. Ef slík fasteign væri 500 fm. að grunnfleti á tveimur hæðum má áætla byggingar- og stofnkostnað um 420 m.kr. sem sjálfstætt hús. Tenging við núverandi húsnæði gæti kostað um 30 m.kr. 15% hlutur sveitarfélagsins með tilvísun í lögin væri því 67,5 m.kr.

57 - Félagslegar íbúðir

Nýjársfesting í félagslegu húsnæði:

61 - Fráveita

Lenging á útrás fráveitu/nýtt fráveituhús: Beðið er eftir upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands (HES) úr mælingu á magni og dreifingu gerla frá útrás fráveitu. Niðurstaða þessara mælinga er forsenda þess hvort HES heimili að útrásin verði lengd út að enda brimvarnargarðs eða hvort fara þurfi með lögnina lengra út í sjó. Mjög mikilvægt er að færa útrásina bæði vegna ásýndar og eins vegna mikils sandburðar sem stíflað getur útrásina ef dælur stoppa. Vandræði hafa á síðustu árum verið með fráveitudælnar, þær hafa verið að stíflast vegna aðskotahluta í skolpinu, t.d. vegna snæra, öngla og trefjaklúta. Til að losna við þetta vandamál þarf að setja upp 1. stig í hreinsistöð, grófhreinsibúnað og/eða herða verulega reglur og eftirlit með umgengni fyrirtækja um fráveituna. Reglur og eftirlit er á verksviði HES. Hreinsistöð er þó nokkuð fyrirtæki vegna þess hversu mikið magn kemur af skolpi sem er afleiðing þess að einfalt skolpkerfi er í þéttbýli sveitarfélagsins, þ.e. rigningarvatn er ekki skilið frá. Fyrirtækið Varma og vélaverk er búið að skoða fyrir okkur hvað vélbúnaðurinn mundi kosta en til viðbótar þarf að byggja þó nokkuð mannvirki til að koma búnaðinum fyrir og nokkur þjónusta er við reksturinn. Það er mikilvægt að finna laun á þessu því í dag er nokkur sjónmengun þó ekki sé mælanleg saurgerlamengun í Skötubótinni, sem er fallegur og vinsæll útivistarstaður. Eins og áður sagði er HES að mæla mengun við útrásarsvæðið. Skoðun VSÓ á að koma útrásinni með grjóttgarðinum út á enda og þaðan niður í sjóinn hefur verið kynnt HES og Siglingastofnun. Eftir mælingar HES er hægt að leggja endanlegt mat á hvaða lausn verður unnið með. Gert er ráð fyrir að á árinu 2015 verði settar 1,5 m.kr. í hönnun, mælingar og skoðun á lagnastæðinu. Á næstu árum verði unnið að frekari úrbótum á fráveitunni, byggt á niðurstöðum mælinga HES og nýrrar reglugerðar um fráveitur sem er í vinnslu.

Nýfjárfesting í fráveitulögnum: Vegna framtíðaruppbyggingar er nauðsynlegt að gera ráð fyrir fjármagni til fráveitu. Uppbygging er í hesthúsahverfi við Faxabraut og halda þarf áfram með framkvæmdina á næstu árum með hliðsjón af eftirspurn eftir lóðum og tengingum við fráveituna. Gera má ráð fyrir árlegri fjárfestingu að fjárhæð kr. 3 m.kr. á árunum 2015 til og með 2018. Fráveituframkvæmdir eru alger forsenda fyrir því að hægt sé að fara í gatnagerð í þéttbýlinu. Framtíðarsýninni hefur þegar verið lýst í skýringum með fjárfestingu í gatnagerð. Ef farið verður í markaðsátak vegna lóða í Þorlákshöfn, s.s. vegna miðbæjarlóða verður að gera ráð fyrir fjármagni á næstu árum til veituframkvæmda. Hérna skal sérstaklega bent á lóð við Ölfusbraut sem hugsuð er fyrir eldsneytisafgreiðslu, vöru- og þjónustusölu.

VIÐHALDSÁÆTLUN

Áætlun meiriháttar viðhalds (þús. kr.)	2015	2016	2017	2018	Samtals	2019	2020	2021	Síðar
06 - Æskulýðs- og íþróttamál									
0611-4964 Leikvellir viðhald leiktækja	850	850	850	850	3.400	850	850	850	
0611-4966 Leikvellir viðhald lóða	200	1.000	200	200	1.600	1.000	200	200	
Samtals 06	1.050	1.850	1.050	1.050	5.000	1.850	1.050	1.050	0
08 - Hreinlætismál									
0822-4965 Viðhald húsa á gámvelli	50	50	50	50	200	50	50	50	
0822-4966 Viðhald gámvallar	450	450	450	450	1.800	450	450	450	
0823-4321 Skráning og úttekt á rotþróm í dreifbýli	650	650	250	100	1.650	100	100	100	
0851-4990 Meindýraeyðing	150	150	150	150	600	1.000	150	150	
Samtals 08	1.300	1.300	900	750	4.250	1.600	750	750	0
10 - Umferðar- og samgöngumál									
1031-4960 Viðhald gatna	13.000	13.000	13.000	13.000	52.000	13.000	13.000	13.000	
10411-4960 Viðhald gangbrauta og stíga	2.000	2.000	2.000	2.000	8.000	2.000	2.000	2.000	
1053-4960 Umferðarmerkingar	650	650	500	500	2.300	500	500	500	
Samtals 10	15.650	15.650	15.500	15.500	62.300	15.500	15.500	15.500	0
11 - Umhverfismál									
1122-4966 Skrúðgarður	250	250	250	500	1.250	500	500	500	
1146-4966 Fegrin dreifbýlis, uppgræðsla	1.500	1.500	1.500	1.500	6.000	1.500	1.500	1.500	
1152-4960 Fegrin bæjarins, viðhald	1.000	1.000	600	600	3.200	600	600	600	
1152-4981 Fegrin bæjarins, vinna verkamanna	3.500	3.500	2.500	2.500	12.000	2.500	2.500	2.500	

	Samtals 11	6.250	6.250	4.850	5.100	22.450	5.100	5.100	5.100	0
13 - Atvinnumál										
1322-4960	Fjárréttir	150	150	150	300	750	400	500	500	
						0				
	Samtals 13	0	0	0	0	0	0	0	0	0
31 - Eignasjóður										
31101-4965	Grunnskólinn í Þorlákshöfn, viðhald húsa	4.000	3.000	3.000	3.000	13.000	3.000	3.000	30.000	
31151-4965	Leikskólinn Bergheimar	1.000	1.000	1.000	1.000	4.000	1.500	2.000	2.500	
31201-4965	Íþróttahús Þorlákshafnar	6.000	5.000	2.000	2.000	15.000	2.500	2.500	2.500	
312XX-4965	Þrekstöð/líkamsrækt Þorlákshafnar	500	500	500	500	2.000	500	500	500	
31251-4960	Sundlaug Þorlákshafnar	9.000	5.000	4.000	3.000	21.000	6.000	6.000	6.000	
31254-4960	Þorláksvöllur	800	800	800	500	2.900	500	500	500	
31272-4960	Háaleitisvöllur	600	600	600	600	2.400	300	300	300	
31274-4965	Tjaldstæði	200	200	200	200	800	200	200	200	
31301-4965	Hafnarberg 1, ráðhús	2.500	2.500	2.000	1.500	8.500	1.500	2.000	2.500	
3138-4965	Slökkivstöð Þorlákshafnar	300	300	300	100	1.000	100	100	100	
3161-4965	Eyjahraun 8	1.500	250	250	250	2.250	250	250	250	
316X-4965	Ýmsar fasteignir	1.000	2.000	3.000	4.000	10.000	5.000	2.500	2.500	
						0				
	Samtals 31	27.400	21.150	17.650	16.650	69.850	21.350	19.850	47.850	0
33 - Þjónustumiðstöð										
3321-2811	Áhöld og tæki	1.000	350	350	350	2.050	350	350	350	
3321-4965	Viðhald fasteigna	3.000	1.000	1.000	500	5.500	500	500	500	

	Samtals 33	4.000	1.350	1.350	850	7.550	850	850	850	0
41 - Hafnarsjóður/Þorlákshöfn										
4111-4960	Hafnarmannvirki	2.000	2.000	2.000	2.000	8.000	2.500	3.000	4.000	
4151-4960	Hafnsögubáturinn Ölver	2.000	2.000	2.000	2.000	8.000	2.000	2.000	2.000	
4161-4965	Hafnarbakki 8	150	150	150	150	600	500	1.000	1.500	
4175-4990	Sjóvarnir	0	0	0	0	0	0	0	0	
	Samtals 41	4.150	4.150	4.150	4.150	16.600	5.000	6.000	7.500	0
43 - Vatnsveita										
4311-4960	Viðhald vatnsveitu í þéttbýli	5.800	2.800	800	800	10.200	800	800	800	
4311-4960	Viðhald, Berglind	2.000	500	500	250	3.250	250	250	250	
4311-4965	Viðhald húsnæðis, Selvogsbraut	1.340	400	400	400	2.540	400	400	400	
4311-4965	Viðhald húsnæðis, Berglind	1.500	500	500	250	2.750	250	250	250	
4311-4321	Kortlagning á lagnakerfi, sérfræðiþjónusta	1.200	500	500		2.200				
						0				
						0				
	Samtals 43	11.840	4.700	2.700	1.700	20.940	1.700	1.700	1.700	0
53 - Íbúðir eldri borgara										
5311-4965	Viðhald húsnæðis Egilsbraut 9	1.000	1.000	1.000	1.000	4.000	1.500	2.000	2.000	
						0				
						0				
	Samtals 53	1.000	1.000	1.000	1.000	4.000	1.500	2.000	2.000	0
57 - Félagslegar íbúðir										
5716-4965	Selvogsbraut 1, viðhald	3.750	2.750	750	750	8.000	750	750	750	

5719-4965	Sambyggð 6	1.100	1.100	1.100	200	3.500	200	200	200	
5722-4965	Sambyggð 8 0103	1.100	1.100	1.100	200	3.500	200	200	200	
5725-4965	Sambyggð 8 0202	1.100	1.100	1.100	200	3.500	200	200	200	
5731-4965	Norðurbyggð 22	850	100	100	1.000	2.050	100	100	100	
5733-4965	Norðurbyggð 24	1.000	100	100	100	1.300	100	100	100	
57XX-4965	Ýmsar eignir					0				
	Samtals 57	8.900	6.250	4.250	2.450	21.850	1.550	1.550	1.550	0
61 - Fráveita										
6111-4960	Viðhald fráveitukerfis	2.000	2.000	2.000	2.000	8.000	2.000	2.000	2.000	
6111-4985	Hreinsun holræsa	2.000	2.000	2.000	2.000	8.000	2.000	2.000	2.000	
	Samtals 61	4.000	4.000	4.000	4.000	16.000	4.000	4.000	4.000	0
Alls áætlað til meiriháttar viðhalds		84.640	65.950	56.500	52.450	259.540	58.550	57.800	87.300	0

* Rauður hluti skjalsins er ekki hluti samþykkrar áætlunar en er hugsaður til skýringa og einföldunar við framtíðaráætlunargerð

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir viðhaldsfjármagni til allra fastafjármuna til samræmis við meðaltal síðustu ára. Ef fyirséð er að auka þurfi fjármagn til einstakra verkefna, frá því sem að jafnaði er áætlað, er sú breyting rökstudd í þessu skjali. Almennar skýringar geta staðið í texta skjalsins þó svo fjárhæðir séu ekki skilgreindar í því. Fjárhæðir á viðhaldslyklum í sjálfri fjárhagsáætluninni geta því verið hærrí en fram kemur í þessu skjali en eiga aldrei að vera lægri.

SKÝRINGAR VIÐHALDS

Áætlun meiriháttar viðhalds (þús. kr.)

06 - Æskulýðs- og íþróttamál

0611-4964 Leikvellir viðhald leiktækja: Mikilvægt er að endurnýja og viðhalda leiktækjum á opnum leiksvæðum. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi í samráði við þjónustumiðstöð kemur með tillögur að slíku. Leiktækin eru að mörgu leyti orðin lúin en stefna ætti að því endurnýja 1-2 tæki á ári. Gera má ráð fyrir að heildarkostnaður á ári vegna þessa og skoðunar eða lögbundinnar úttektar á leiksvæðum sé u.þ.b. 850 þús. kr. á ári. Það skal tekið fram að þetta á einungis við um opin leiksvæði í þéttbýlinu, þ.e. leikvellir við skóla og leikskóla falla ekki hérna undir og ekki íþróttavellir. Þau svæði falla undir eignasjóð. Það er einnig mikilvægt að marka stefnu um þessa opnu velli, s.s. fyrir hvaða aldurshópum hver völlum á að þjóna. Vellirnir sem um ræðir eru við Oddabraut, Eyjahraun og Setberg og framtíðarvalla skv. skipulagi, s.s. í Búðahverfi. Gert er ráð fyrir íbúafundi í tengslum við endurskoðun aðalskipulags og þá má vænta að íbúar segi sína skoðun á staðsetningu leikvalla og leikvöllum almennt.

0611-4966 Leikvellir viðhald lóða: Hérna er fyrst og fremst verið að tala um áburð, plöntur og viðhald girðinga. Í ljósi reynslu má búast við að þetta séu um 200 þús. kr. á ári. Ef endurnýja þarf girðingar á þessum svæðum mun þessi upphæð verða mun hærri. Gera má ráð fyrir að skipta þurfi um lúna girðingu umhverfis leikvöllinn við Eyjahraun á næstu árum. Svona framkvæmd gæti kostað um 1 m.kr. og er sú fjárhæð sett á árið 2016.

08 - Hreinlætismál

0822-4965 Viðhald húsa á gámvelli: Ef farið verður í uppbyggingu nýs gámvallar á árinu 2015 þarf að gera ráð fyrir niðurrifi og frágangi á eldra svæði. Stefnt er að því að nýta starfsfólk sveitarfélagsins í þessa vinnu. Ef gámvöllur verður staðsettur á lóð áhaldahúss í framtíðinni er lágmarksþörf til viðhalds húsa.

0822-4966 Viðhald gámvallar: Gera verður ráð fyrir árlegu viðhaldi á gámvelli í framtíðinni, s.s. á búnaði, girðingum og plönnum. Frágangur á aflögðu svæði verður unninn af starfsfólki sveitarfélagsins að mestu auk aðkeyptrar vélavinnu. Hluti þessa kostnaður sem áætlaður er kemur inn sem tekjur hjá þjónustumiðstöð. Eftir 2015, verði ekki kominn ákvörðun um flutning á gámasvæði, þarf að fara í verulegar framkvæmdir á girðingu, bundnu slitlagi á gámvöllinn með tilheyrandi fráveitulögnum og olíugildru. Geymslusvæði við Nesbraut, sem fyrirhugað er að flytja. Nefnt hefur svæðið á milli núverandi gámasvæðis og Hafnarskeið 28.

0823-4321 Skráning og úttekt á rotþróum í dreifbýli: Í landupplýsingakerfinu "Granna" er hnitasett skráning á um 180 rotþróum í Ölfusi en þær eru eftir því sem næst verður komist yfir 250, því er ljóst að til að einhver not séu af skráningunni í Granna þá verður að uppfæra hana og mæla inn þær rotþræur sem ekki eru inni. Þegar því verður lokið þá verður mun þægilegra að sinna lögbundnum tæmingum sem sveitarfélagið á að sjá um og eftirliti með því. T.d. getur sá aðili sem sér um tæminguna fengið hnitasetta skrá beint í GPS-tæki yfir þær þræur sem tæma á í hvert skipti og þarf ekki að eyða löngum tíma í að leita að þeim.

Ástand á rotþróum er ekki gott á mörgum stöðum. Sumstaðar vantar siturlögn og annars staðar er þróin steinsteypt og með einu hólfi en ekki þremur eins og á að vera. Því er ljóst að eyða þarf miklu púðri í það að hvetja húseigendur til útbóta. Hér þarf að vinna með HES í skoðun og úttekt á rotþróum. Margar rotþræur eru ekki með virkni og slæmur frágangur á siturlögn. HES hefur valdboð til að kalla eftir að eigendur rotþróa lagfæri þær (og siturlagnir) þannig að þær mengi ekki út frá sér.

0851-4990 Meindýravarnir. Árlega verði eitrad í brunna við hafnarsvæðið vegna hættu á að rottur berist með erlendum skipum. Áætlað að á því svæði séu um 30 brunnar og 5 þús. kr. pr. brunn, eða 150 þús. kr. á ári. Árið 2019 væri þessi upphæð 1 m. kr. því þá væri allur bærinn tekin undir.

10 - Umferðar- og samgöngumál

1031-4960 Viðhald gatna: Hér á eftir fer leiðbeinandi framkvæmdaáætlun til næstu fjögurra ára en taka skal fram að hún getur tekið breytingum með breyttum áherslum skv. framtíðar þarfagreiningu:

Árið 2015 verður lagt slitlag á Hafnarberg frá umferðarljósum að Knarrarbergi. Til að leysa bílastæða vandamál við Hafnarberg þarf að huga að breytingum þegar lagt verður nýtt slitlag á. Auk þessa verður farið í nauðsynlegar holuviðgerðir.

Árið 2016 verða eldri götur endurnýjaðar, hugað verður sérstaklega að Bergum og Brautum. Áfram verður unnið að nauðsynlegum holuviðgerðum. Huga verður sérstaklega að gatnamótum frá Ráðhúsplani að Selvogsbraut og tengingu fyrir gangandi umferð yfir Selvogsbraut að heilsugæslu.

Árið 2017 áfram unnið í Bergum og Brautum auk fyrirsjáanlegs viðhalds.

Árið 2018 verður unnið að nauðsynlegu viðhaldi.

Mikilvægt er að tekin verði stefnumarkandi ákvörðun um það hvort viðhalda eigi götum í þéttbýli með hefðbundnu malbiki (u.þ.b. 3 cm. þykkt) eða nota ódýrari leiðir, s.s. "microsurfing/ralomag", eins og notuð var sumarið 2013. Malbikun er varanlegri aðferð og fallettari ásýndar en fallettari ásýndar væri þó að helluleggja götur og gangstéttar þar sem mögulegt er að koma því við. Ódýrari aðferðina er hægt að nota til smærri viðgerða og á götum þar sem umferð er léttari.

Viðhald gatna hangir saman við framkvæmdir við veitur og öfugt.

10411-4960 Viðhald gangbrauta og stíga: Eftir að göngustígur við Selvogsbraut var lagður hefur umhverfi í kringum hann hækkað, s.s. gras og gatan sjálf. Búið er að hækka göngustíginn austan umferðarljósa. Það sem eftir er þarf að lagfæra á næstu árum því vatn situr á göngustígnum í vætutíð sem veldur bæði óþægindum fyrir gangandi og slysaþættu, sérstaklega í frosti. Göngustígar í elstu hverfum þéttbýlisins eru farnir að láta á sjá og þarfnast víða lagfæringa. Áætlaðar eru 2 m.kr. í viðhald göngustíga öll ár áætlunarinnar.

1053-4960 Umferðarmerkingar: Með tilliti til umferðaröryggis þurfa umferðarmerkingar í þéttbýlinu að vera góðar, s.s. miðlínur gatna og merkingar við gatnamót.

11 - Umhverfismál

- 1122-4966 Skrúðgarður: Á meðan framkvæmdir standa yfir við Skrúðgarðinn er ekki að vænta mikilla viðhaldsverkefna. Helst snýr viðhald að slætti og klippingu trjáa og að einhverju leyti að endurnýjun plantna.
-
- 1146-4966 Fegrun dreifbýlis, uppgræðsla: Gert er ráð fyrir því að styrkir til uppgræðslu verði færðir hér undir fegrun dreifbýlis, áætlað árlega 1,5 m.kr. Jarðvegstíppur upp með Gamla vegi. Föst umhirða þarf að vera á svæðinu, móttaka og efni og slétta úr því. Fyrirhugað er að flokka jarðvegsefni og gras til að nota síðar í uppgræðslu. Vikulegt eftirlit er um með umhirðu 315 þús. kr. Vinna efni til landgræðslu og koma því á réttan stað. Inni því er leiga á kurlara, kostnaður við tæki til flutning og mannskapur 785 þús. kr. Gamlar grjótnámur. Ein náma er við Laxabraut og önnur við Gamla veginn. Margir möguleikar eru á að nýta námurnar.
-
- 1152-4960 Fegrun bæjarins, viðhald: Gert er ráð fyrir því að lagt verði aukið fjármagn í viðhald umhverfis í þéttbýlinu fram að 65 ára afmæli þess árið 2016. Eftir það verði það á svipuðum nótum og verið hefur síðustu ár.
-
- 1152-4981 Fegrun bæjarins, vinna verkamanna: Síðast liðin sumur hefur ung fólk fengið vinnu hjá sveitarfélaginu við umhverfisfegrun. Stefnan hefur verið sú að öll ungmenni fái vinnu og að þau hafi næg verkefni. Þetta hefur gengið mjög vel en kostnaði við þetta hefur verið dreift á umhverfisverkefni sveitarfélagsins. Miðað er við að þessi stefna verði áfram út árið 2016.
-
-
-

13 - Atvinnumál

- 1322-4960 Fjárréttir: Gert er ráð fyrir því að fjárfesta í nýrri rétt árið 2015 í Ölfusdal, þ.e. færslu réttarinnar frá Núpum. Þess vegna er gert ráð fyrir lágmarks viðhaldi fjárréttarinnar á næstu árum.
-
-
-

31 - Eignasjóður

31101-4965

Grunnskólinn í Þorlákshöfn, viðhald húsa: Ýmis málningar- og viðhaldsvinna, s.s. rafvirkjar, pípulagnir og smíðavinna er áætluð 1,5 m.kr. árið 2015 og að jafnaði hvert ár með einhverri aukningu.

Varðandi viðhald á skólahúsnæðinu á árinu 2015 er mikilvægt að skoðað verði með þakið á gamla turni, lekann og einnig þakrennuna. Þessu fylgir að loftræstisamstæðan verði skoðuð, virkni hennar og frágangur við hana.

Inn í framtíðina er nauðsynlegt að klæða gamla turninn eins og aðrar byggingar skólans. Stefnt er að því að þjónustumiðstöðin fari í blettavirðgerðir utanhúss á turninum sumarið 2015 og er áætlaður kostnaður við þá framkvæmd 1,5 m.kr. Eftir 5-6 ár verði farið í að klæða húsið utan og kostnaður við það er gróflega áætlaður 20-25 m.kr. Loftræstisamstæðu í gamla turni þarf að lagfæra og þétta þak. Áætlaður kostnaður við þetta er 1 m.kr. og farið verður í þá vinnu sumarið 2015. Samstæðan var sett upp árið 1995 og niðurstaða þessarar lagfæringar og skoðunar gæti orðið sú að þörf sé á að endurnýja hana algerlega á næstu árum.

Vandamál hefur verið með hita í húsinu og yfirfara þarf lagnir í lagnakjallara undir gamla turni og í tæknirými við húsvarðarherbergi.

31151-4965

Leikskólinn Bergheimar: "Viðhald" á elstu byggingu leikskólans verður fært undir fjárfestingu vegna endurnýjar. Endurnýja þarf nánast allt, nema sperrur, í þakinu. Ekki er gert ráð fyrir öðru verulega viðhaldi á næstu árum en gera má ráð fyrir 1 m.kr. viðhaldskostnaði ár hvert út áætlunartímabilið en hann fari jafnvel hækkandi eftir það.

31201-4965

Íþróttahús Þorlákshafnar: Ytra byrði íþróttahússins er komið í mikla viðhaldspörf. Áætlaður kostnaður við klæðningu og lagfæringu á göflum er 4 m.kr. á hvorn gafl. Gert er ráð fyrir því að þetta verði gert í áföngum á næstu tveimur árum. Þakklæðningin er komin til ára sinna í heild og hugsanlegur endingartími hennar er 5-7 ár. Nauðsynlegt er að slípa parkettið í íþróttisalnum, mála nýjar línur og lakka. Gólfíð er orðið 24 ára gamalt og hefur aldrei verið slípað og það er orðið mjög brýnt að ráðast í þessa framkvæmd. Kostnaður áætlaður 8 m.kr. Þetta er ekki sett inn á fjögurra ára áætlun.

Setja þarf upp blaðamannastúku á norðurhlið íþróttasalar.

Huga þarf að því að skipta út leikkluðunni í salnum. Hún er orðin úrelt og mjög erfitt að fá varahluti í hana. Kostnaður áætlaður 3,5 m.kr. Það er algengt að fyrirtæki kosti hluti eins og leikkluður í íþróttahús. Klukkan er ekki sett inn í áætlunina að svo komnu. Ófyrirséður viðhaldskostnaður hvert ár er áætlaður 1 m.kr. og hækkar í framtíðinni. Áætluð 2015 gerir ráð fyrir því að Suðurgafllinn verði lagfærður fyrir 4 m.kr. og 2 m.kr. fari í ófyrirséð viðhald eða eitthvað af því sem að ofan er nefnt ef hægt er innan þess ramma.

31251-4960

Þrekstöð/líkamsrækt Þorlákshafnar: Smátæki og áhöld kr. 250 þús. og viðhald líkamsræktartækja 250 þús. pr. ár til að halda aðstöðunni í horfinu.

31251-4960

Sundlaug Þorlákshafnar: Sundlaugin og íþróttamiðstöðvarbyggingin eru tæknilega séð mjög flóknað og viðhaldsfrekar. Lagnakerfi sundlaugarinnar og tæknibúnaður eru sérstaklega viðkvæmir þættir sem stöðugt þarf að viðhalda. Líftími plastpotta er ekki langur og búnaður sundlaugarinnar almennt viðhaldsfrekur. Gera verður ráð fyrir verulegu fjármagni ár hvert til viðhalds en reynslan sýnir 6 m.kr. að jafnaði á ári til ýmissa viðhaldsverkefna.

Viðhald tækjabúnaðar sundlaugar:

Fyrir utan venjubundið viðhald og ófyrirséð, þarf að skipta um sand í síum. 2014 var skipt um sand í einni síu. (potti) 2015 skipt um sand í fjórum síum (þremur pottum og innilaug) 2016 skipt um sand í þremur síum (útilaug, vaðlaug og rennibrautarlaug). Kaldur pottur nýtur mikilla vinsælda og er búið að finna ódýra og auðvelda lausn en sú hugmynd gengur út á að fá 1000 l. kar frá Promens.

Endurnýjun á tækjabúnaði:

Huga þarf að kaupum á nýrri sundlaugarryksugu og nauðsynlegt er að vera með sundfataþurrktromlu í búningsherbergjum. Kaupa þarf þvottavél af stærri gerðinni.

Viðhald lóðar:

Helluleggja 50 m² svæði sunnan við sundlaugarhús.

Vegna yfirtöku á húsnæðinu frá Fasteign ehf. þarf að yfirfara allan búnað og koma hlutum í gott lag. Ljóst er að ástand búnaðar og aðstöðu er ekki eins og á að vera. Vöntun er á loftræstingu og of mikill hiti er í rýminu sem skemmir viðkvæman tölvu og tæknibúnað. Tengingar og búnaður við tæki eru ekki eins og á að vera. Endurgera þarf því tengingar að tækjum, laga skemmdir í loftræstingu, varmaskipti og lokum. Einangra þarf og laga lagnir til að minnka hita. Hugsanlega þarf að skipta um plötur og pakkningar í forhiturum. Búið er að skipta um plötur og pakkningar í einum forhitara. Borið hefur á leka og tæringu í öðrum forhiturum.

31254-4960

Þorláksvöllur: Þetta er aðalvöllurinn við íþróttamiðstöðina og öll aðstaða þar í kring. Við völlinn stendur hús og eins er viðhald á svæðinu, s.s. áhorfendaaðstöðu, hlaupabrautum og manir í kring. Helsta viðhald er völtun, áburðargjöf og sláttur. Þjónustusamningur er við Golfklúbbinn um slátt á vellinum. Verið er að forma mön á æfingavöllum og ef hún verður þökulögð er einhver kostnaður sem til fellur, ódýrar væri að sá í hana. Kostnaður við þetta fellur að mestu á umhverfismál, þ.e. fegrun umhverfis bæjarins.

Nauðsynlegt að leggja í að deiliskipuleggja svæði U-3. Þarna er um að ræða knattspyrnuvöllina og svæðið þar í kring. Huga þarf að nýrri aðkeyrslu, bílastæðum, snyrtingum og annarri aðstöðu við vellina. Síðan má tengja þetta allt við garðlöndin fyrir bæjarbúa og einnig koma þarna fyrir skólagörðum og jafnvel annarri afþreyingu. Þetta verður tekið fyrir samhliða endurskoðun aðalskipulags.

Æskilegt er að stækka grassvæðið á æfingavöllum með því að þökuleggja eða sá í svæðið milli vallanna. Þegar kemur að því að okkur verði falið að sjá um framkvæmd unglíngalandsmóts þarf stærra svæði fyrir knattspyrnu. Stærð ca. 2000m²

Hljóðkerfi á aðalvöll, kostnaður kr. 200 þús.

Koma þarf upp skýli við endamarkið á hlaupabrautinni en þar er tímatökubúnaður staðsettur ásamt starfsmönnum. Nú eru menn undir beru lofti eða menn koma sér fyrir í bíl. Hugmynd að kaupa bjálkaskúr sem er 4,4 fermetrar. Kostnaður: Bjálkaskúr kr. 200 þús. og annar kostnaður kr. 200 þús. eða alls kr. 400 þús. (hugmynd um að fá styrk á móti auglýsingu frá BYKO, Húsasmiðjunni eða Bauhaus).

Koma upp sleggjukastaðstöðu vestan aðalvallar meðfram möninni sem liggur suður/norður.

Hringurinn til, þarf að steypa plötu og koma fyrir 4 m háum staurum t.d. símastaurum (6 stk.) og setja trollnet utan á.

Malbika eða helluleggja þarf 50 m² svæði sem liggur meðfram göngustíg og hlaupabrautar að vallarhúsi.

Einnig þarf að helluleggja 2* 15 m² svæði undir varamannaskýlum.

Viðhald valla. Ráðleggingar við umhirðu á völlum: Samningur við Grastec hf.

- 31272-4960 Háaleitisvöllur: Þetta er gervigrasvöllurinn við grunnskólann. Skv. þeim sem til þekkja verður að bæta gúmmí í völinn á hverju ári. Völlurinn er síðan 2004 og hefur aðeins einu sinni verið bætt í hann gúmmí. Það er farið að vanta í hann gúmmí og grasið er farið að leggjast og liggur þar af leiðir undir skemmdum. Sópa þarf upp gúmmíð og bæta í hann 5 tonnum af gúmmí í ár og 5 tonnum á næsta ári. Mikilvægt er að bæta í hann gúmmí ár hvert, ca. 1 tonn en það er ódýrara þegar upp verður staðið. Árlegt viðhald um 600 þús. kr.
-
- 31274-4965 Tjaldstæði: Öll mannvirki á tjaldstæðinu kalla á viðhald og með aukinni uppbyggingu eykst viðhald til framtíðar.
-
- 31301-4965 Hafnarberg 1, ráðhús: Ráðhúsið var tekið í notkun árið 2000 og hefur ekki fengið nauðsynlegt reglubundið viðhald frá þeim tíma. Fyrir liggur að fara þarf í viðhald á múrklæðningu utanhúss. Um er að ræða slétta múrinn á Suðurgafli og eins á Austurhlið við bílastæði, en víða eru komnar í hann skemmdir mest vegna skemmdarverka. Vegna veðrunar sér almennt á steiningu/hvössum á steinuðum hluta klæðningarinnar. Steining er að glerhúsi og á SV-hlið hússins. Viðhalda verður gluggum, s.s. að skipta út lömum. Gera má ráð fyrir því að kostnaður við þetta sé allt að 500 þús. kr. Það er nokkuð brýnt orðið að lagfæra rifur innanhúss og á næstu tveimur árum verður að mála húsið innan. Almennt viðhald á Versölum, s.s. þrif á náttúruflísunum í anddyri og í stigagangi, málning o.fl. innanhúss. Almennt viðhald á húsinu ár hvert verður aldrei undir 1 m.kr. á ári. Nauðsynlegt er að leggja 1,5 m.kr. á næsta tveimur árum umfram almennt viðhald til framkvæmda innan- og utanhúss skv. ofantölu.
-
- 3138-4965 Slökkvistöð Þorlákshafnar: Komið er að almennu viðhaldi utanhúss á þjónustumiðstöð og þ.m.t. slökkvistöðinni. Málun á þaki og veggjum utanhúss er margra milljóna króna verk, þ.e. háþrýstipvottur, sprunguviðgerðir, grunnur og málun. Heildarflötur á þaki hússins alls er um 850 fm. Áætlaður kostnaður við háþrýstipvott, málningu og vinnu er um 5 m.kr. Hlutur slökkvistöðvar er 2/8 eða 1250 þús. kr. árið 2015. Gert er ráð fyrir því að farið verði í utanhúss málningu í áföngum á næstu árum. Heildarflötur veggja á húsinu öllu er um 500 fm. Áætlaður kostnaður við háþrýstipvott, hreinsun, málningu og vinnu er um 2,5 m.kr. Hlutur slökkvistöðvar er 625 þús. Áætlað er að starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjái um eins mikið af þessari vinnu og mögulegt er. Gert er ráð fyrir leigu á búnaði til framkvæmdarinnar, s.s. háþrýstidælur, lyftur og pallar.
-
- 3161-4965 Eyjakraun 8: Þessi fasteign er í eigu sveitarfélagsins og er leigð út til Helga Haukssonar lækis á heilsugæslustöðinni. Húsið er komið til ára sinna og viðhaldsþörf orðin nokkur. Fara verður í á næsta ári í viðgerðir á þaki og í framhaldinu í hefðbundið viðhald utanhúss.
-
- 316X-4965 Ýmsar fasteignir: Til hagræðingar væri gott að útbúa sjóð fyrir viðhaldsverkefni þannig að hægt væri að bregðast við tilfallandi viðhaldsverkefnum og ófyrirséðum stærri viðgerðum hjá stofnunum sveitarfélagsins. Hugsanlega mætti á móti þessu lækka almennar fjárhæðir viðhalds á einstökum eignum. Til reynslu má byrja með 1 m.kr. og hækka fjárhæðina ár hvert út áætlunina. Verði sjóðurinn samþykktur mun forstöðumaður gera tillögu um nýtingu fjármagns og fá staðfestingu bæjarstjóra. Ef þörfin er umfram áætlun skal beiðni send bæjarráði.
-
-
-

33 - Þjónustumiðstöð

- 3321-2811 Áhöld og tæki: Til að verkefni leysist fljótt og vel þá þurfa starfsmenn að hafa góð verkfæri og þó að töluvert sé til af verkfærum hjá Þjónustumiðstöðinni þá þarf að endurnýja sumt og af öðru þarf að vera til meira en eitt stykki, t.d. þarf að vera til meira en ein batterýsborvél og eins væri gott að eiga rafsuðu sem hægt er að fara með út í bæ o.s.frv. Gert er ráð fyrir 1 m.kr. til átaks í verkfærakaupum fyrir áhaldahúsið árið 2015.
- 3321-4965 Viðhald fasteigna: Komið er að almennu viðhaldi utanhúss á þjónustumiðstöð. Málun á þaki og veggjum utanhúss er margra milljóna króna verk, þ.e. háþrýstipvottur, sprunguviðgerðir, grunnur og málun. Heildarflötur á þaki hússins alls er um 850 fm. Áætlaður kostnaður við háþrýstipvott, málningu og vinnu er um 5 m.kr. Hluttur þjónustumiðstöðvar er 4/8 eða 2,5 m.kr. árið 2015. Gert er ráð fyrir því að farið verði í utanhúss málningu í áföngum á næstu árum. Heildarflötur veggja á húsinu öllu er um 500 fm. Áætlaður kostnaður við háþrýstipvott, hreinsun, málningu og vinnu er um 2,5 m.kr. Hluttur þjónustumiðstöðvar er 1250 þús. kr. Áætlað er að starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjái um eins mikið af þessari vinnu og mögulegt er. Gert er ráð fyrir leigu á búnaði til framkvæmdarinnar, s.s. háþrýstidælur, lyftur og pallar. Almenn viðhald á húsnæðinu verður vart undir 500 þús. kr. á ári.

41 - Hafnarsjóður/Þorlákshöfn

- 4111-4960 Hafnarmannvirki: Á næstu tveimur árum er áætlað að endurnýja dekk á Skarfaskersbryggju. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir verulegri lækkun á þessum kostnaðarlið frá fyrri árum og er skýringin fjárfesting í húsnæði og aðstöðu sem dregur verulega úr þörf fyrir aðkeypta þjónustu. Á næstu árum verður litið á viðhaldsframkvæmdir á bryggjunni sem nýfjárfestingu vegna stækkunarinnar.
- 4151-4960 Hafnsögubáturinn Ölver: Gert er ráð fyrir venjubundnu viðhaldi hafnsögubátsins næstu ár. Áhugavert er að skoða samstarf við nágrannahafnir um samnýtingu hafnsögubáta, sem þýtt getur verulegt rekstrarhagræði fyrir hafnirnar.
- 4161-4965 Hafnarbakki 8: Ekki er fyrir séð annað en venjubundið viðhald á fasteigninni á næstu árum.
- 4175-4990 Sjóvarnir: Fylgst verður með sjónörnum í og við Þorlákshöfn en ekki er gert ráð fyrir fjármagni í þennan lið í áætluninni. Funda verður með þeim aðilum sem sjá um uppgræðslu og landvarnir, s.s. Landgræðslu og siglingasviði Vegagerðarinnar.

43 - Vatnsveita

4311-4960

Viðhald vatnsveitu í þéttbýli: Nýtt vöktunarkerfi er í uppsetningu og klárast á árinu 2015. Kerfið er hugsað fyrir Vatnsveitu Þorlákshafnar, Vatnsveituna Berglindi og fráveitudælnar en það er með góðu skjákerfi þar sem hægt er að sjá hvaða dælur eru í gangi og önnur gildi sem máli skipta svo hægt sé að kalla út þá viðbragðs aðila sem máli skipta strax. Vænta má að það kosti allt að 3 m.kr. að klára uppsetningu á kerfinu. Eins og sjá má á mikilli næturdælingu sem er í gangi þykir það augljóst að einhvers staðar í kerfinu sé leki sem ekki hefur fundist. Markviss lekaleit hefur verið í gangi á árinu 2014 og góður árangur hefur náðst. Lekaleitin getur verið mjög seinleg og kostnaðarsöm því hún þarf að fara fram að mestu á nóttinni til að hægt sé að hlusta eftir leka með sérstökum búnaði. Á grunni kortagrunns yfir stofnlagnir er sett upp áætlun fyrir lekaleit. Ekki verður hægt að fara í þessa framkvæmd fyrr en búíð er að fjölga lokum á vatnveitukerfinu og kortleggja veituna. Áætlaður heildarkostnaður 2 m.kr. sem skiptist á 2015 og 2016. Gera má ráð fyrir kostnaði við lagfæringu á veitunni eftir að lekar eru fundnir en sá kostnaður er mjög óljós. Hérna er gert ráð fyrir 2 m.kr. sem skiptast á 2015 og 2016.

Ný dæla var keypt á árinu 2014 og eldri dæla er til vara. Mikilvægt er að vera með varadælu og það í sama afli svo afhendingarmagn dragist ekki saman komi til bilana. Viðhald á dælum þarf að verða hluti af innra eftirliti veitunar, hugsanlega mætti taka alla Handbókina um innra eftirlitið til skoðunar því hún var skrifuð 1998 og hugsanlega hafa orðið breytingar á reglum síðan þá. Gera má ráð fyrir að árlega verði viðhaldskostnaðurinn 800 þús. kr.

4311-4960

Viðhald, Berglind: Rekstur Berglindar hefur verið færður undir sömu deild og Vatnsveita Þorlákshafnar. Það er ákaflega brýnt að stofna nýja deild í bókhaldi fyrir Berglindi svo reksturinn sé aðgreindur og sýnilegur.

Langt er síðan dæla hefur verið tekin upp og yfirfarin, því þyrfti að skipuleggja þá vinnu til þess að það verði hluti af innra eftirliti veitunnar, klára þarf að vinna Handbók um innra eftirlitið og gefa hana út. Gert er ráð fyrir að vinna fyrir 2 m.kr. árið 2015 en halda áfram með þetta verkefni á næstu árum. Hér er um að ræða gamlar lagnir sem bilanir koma upp í á hverju ári auk þess á þetta við um yfirferð um safnbrunna á brunnsvæðinu. Með því sem tiltekið er í fjárfestingarliðum gæti þurft að setja upp safntank til að bregðast við aukningu byggðar, sem þegar hefur verið samþykkt skv. skipulagi, sem kallar á aukið vatnsmagn og aukinn þrýsting.

Fara verður í þá vinnu að finna alla tengistaði og endurnýja loka og tengingar. Þetta yrði unnið samhliða kortlagningu á veitunni, sjá í texta hér að neðan. Gera má ráð fyrir efniskostnaði vegna nýrra loka og tengistykkja. Eins og kortlagningin verður þetta unnið á næstu árum, ca. 200 þús. kr. á ári.

Það er auðvelt og ánægjulegt að gefa leyfi fyrir byggingum en hins vegar verður að kortleggja veitusvæðið og gera áætlun um uppbyggingu til framtíðar svo hægt sé að veita þjónustu við þessar byggingar.

4311-4965

Viðhald húsnæðis, Selvogsbraut: Komið er að almennu viðhaldi utanhúss á þjónustumiðstöð og þ.m.t. slökkvistöðinni. Málun á þaki og veggjum utanhúss er margra milljóna króna verk, þ.e. háþrýstipvottur, sprunguviðgerðir, grunnur og málun. Heildarflötur á þaki hússins alls er um 850 fm. Áætlaður kostnaður við háþrýstipvott, málningu og vinnu er um 5 m.kr. Hlutur Vatnsveitu er 1/8 eða 625 þús. kr. árið 2015. Gert er ráð fyrir því að farið verði í utanhúss málningu í áföngum á næstu árum. Heildarflötur veggja á húsinu öllu er um 500 fm. Áætlaður kostnaður við háþrýstipvott, hreinsun, málningu og vinnu er um 2,5 m.kr. Hlutur Vatnsveitu er ca. 315 þús. Áætlað er að starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjái um eins mikið af þessari vinnu og mögulegt er. Gert er ráð fyrir leigu á búnaði til framkvæmdarinnar, s.s. háþrýstidælur, lyftur og pallar.

Búíð er að hólfa Vatnsveituhlutann á Selvogsbrautinni en klára þarf lýsingu, lagnir o.fl. Til að fullklára aðstöðuna yrði gert ráð fyrir fjármagni á næstu árum. Árlegt viðhald um 400 þús. kr.

4311-4965 Viðhald húsnæðis, Berglind: Stefnt er að því að gera skúrinn þannig að hann haldi vatni og vindum svo hægt sé að halda honum hreinum og snyrtilegum eins og kröfur eru um í rekstri vatnsveitna. Núverandi hurð opnast inn og það lekur með henni, gólf er óslétt og hallar frá niðurfalli, dælan og lagnirnar eru svo nálægt gólfinu að ekki er hægt að sópa undir þeim, húsið er óeinangrað og slagar því á veturnar, veggir, gólf og loft eru ómáluð og því mikið ryk á ferðinni. Jarðveg við húsið þarf að laga og gera umhverfið snyrtilegt. Húsið þarf að mála bæði að utan og innan, laga gólf og einanga þak og klæða. Árið 2015 verði unnið fyrir 1,5 m.kr. en búast má við því að þetta kosti meira og áfangaskipta verði framkvæmdinni.

4311-4321 Kortlagning á lagnakerfi, sérfræðiþjónusta: Kort af veitukerfinu í þéttbýlinu er til í Landupplýsingakerfinu "Granna" en þar inn vantar svolítið af upplýsingum td. um staðsetningu loka o.fl. Það er mikilvægt að þetta kort verði yfirfarið og uppfært til að upplýsingar um stærð, legu og ástand lagna sé til á einum stað og allir sem á þurfa að halda geti nálgast þær upplýsingar. Inn í þetta kerfi verði færð viðhaldssaga veitukerfisins. Áætlaður kostnaður vegna þéttbýlisins er 700 þús. kr. Kort af veitukerfi Berglindar er til í Landupplýsingakerfinu "Granna", eins og menn halda að það sé, en víða er lega lagna ekki vel þekkt og þar inn vantar upplýsingar t.d. um staðsetningu loka, sverleika lagna o.fl. Mikilvægt er að þetta kort verði yfirfarið á sama hátt og fyrir þéttbýlisveituna. Gera má ráð fyrir því að þetta verði dýrara en fyrir þéttbýlisveituna þar sem grafa þarf niður á lagnir til að staðfesta legu þeirra. Þetta þarf að vinnast í áföngum á næstu árum. Erfitt er að áætla kostnað við þetta en gera má ráð fyrir 1,5 m.kr. á næstu þremur árum eða um 500 þús. kr. pr. ár.

53 - Íbúðir eldri borgara

5311-4965 Viðhald húsnæðis Egilsbraut 9: Á árinu 2014 hafa staðið yfir breytingar á loftræstikerfi. Þessar breytingar verða kláraðar árið 2015. Gert er ráð fyrir að árið 2015 verði farið í að yfirfara glugga í byggingu sem tengir saman eldri og yngri íbúðaálmu þar sem vart hefur orðið við leka. Áætlaður kostnaður 500 þús. kr. Árlega má gera ráð fyrir viðhaldsfjármagni til ófyrirséðs viðhalds en rétt er að benda á að fasteignin er orðin 36 ára gömul og kallar á vaxandi viðhald til framtíðar. Ófyrirséð er ekki undir 250 þús. kr. pr. ár.

57 - Félagslegar íbúðir


- 5716-4965 Selvogsbraut 1, viðhald: Mála verður utanhúss, bæði hús og tréverk. Stefnt er að því að þrifa húsið utan og mála tréverk og húsið 2015. Áætlaður kostnaður er um 1.5 m.kr. árið 2015.
Óskað hefur verið eftir því að gangstétt við inngang verði endurnýjuð þar sem hellur eru orðna illa farnar. Áætlað að þetta verði gert 2016 og kostnaður áætlaður 500 þús. kr.
Hugað verði að því að yfirfara gólfefni á íbúðunum. Gert ráð fyrir því að tekin verði ein til tvær íbúðir á ári. Ein íbúðin er það illa farin að skipta verður um gólfefni algerlega. Setja þarf upp áætlun um innanhússmálningu, s.s. ein íbúð verði máluð á hverju ári. Æskilegt væri að málað sé við íbúaskipti en vegna þess hversu lengi íbúar búa í íbúðunum er ekki óeðlilegt að málað sé sjötta hvert ár. Kostnaður við þetta á ári er ekki undir 400 þús. kr. pr. ár þ.a. 2/3 vegna málningar.
Ófyrirjáanlegt viðhald er aldrei undir 350 þús. kr. ef ofantaldir þættir eru komnir í góðan farveg.
Á árinu 2015 verði farið í að laga baðherbergi/sturtur, 3 baðherbergi. Þar sem sturtan er, verður veggklæðning tekin upp og lagfærð með dúk og einnig gólfefni þar sem sturtan er og tryggt að halli að niðurfalli sé þannig frágenginn að ekki renni vatn fram á gólfið og undir aðliggjandi vegg. Fyrir árið 2015 er 500 þús. kr. á bað, eða 1,5 m.kr. Fyrir 2016 væru næstu 3 baðherbergi, eða 1,5 m.kr.
- 5719-4965 Sambyggð 6: Ekki liggur fyrir skýrsla um úttekt á þessari íbúð. Ljóst er þó að fyrir dyrum stendur töluvert viðhald á sameign hússins og ef stjórn húsfélags tekur ákvörðun um að fara í slíkt viðhald er nauðsynlegt að hafa samþykkt fjármagn til að taka þátt í þeim framkvæmdum. Fyrir liggur kostnaðaráætlun frá úttektaraðila á eignunum Sambyggð 6-8 upp á 38 m. kr. Áætlað er að hlutur hvernar íbúðar sé um 7% eða um 2,7 m.kr. Framkvæmdinni verður líklega skipt á 3 ár, eða um 900 þús. kr á ári. Annað viðhald innan dyra í íbúð þarf að vera um 200 þús á ári. Viðhald á sameign inni og á lóð er reiknað í greiðslum í hússjóð og á sameign.
Rétt er að stefna að því að þegar skipt er um leigjendur verði farið í umfangsmeira viðhald á hverjum stað. Sjá greinargerð um sölu á félagslegum íbúðum sem og kaup á nýjum. Vandamál hafa verið með viðhald sameigna í stærri fjöleignahúsunum.
- 5722-4965 Sambyggð 8 0103: Ekki liggur fyrir skýrsla um úttekt á þessari íbúð. Ljóst er þó að fyrir dyrum stendur töluvert viðhald á sameign hússins og ef stjórn húsfélags tekur ákvörðun um að fara í slíkt viðhald er nauðsynlegt að hafa samþykkt fjármagn til að taka þátt í þeim framkvæmdum. Fyrir liggur kostnaðaráætlun frá úttektaraðila á eignunum Sambyggð 6-8 upp á 38 m. kr. Áætlað er að hlutur hvernar íbúðar sé um 7% eða um 2,7 m.kr. Framkvæmdinni verður líklega skipt á 3 ár, eða um 900 þús. kr á ári. Annað viðhald innan dyra í íbúð þarf að vera um 200 þús á ári. Viðhald á sameign inni og á lóð er reiknað í greiðslum í hússjóð og á sameign.
Rétt er að stefna að því að þegar skipt er um leigjendur verði farið í umfangsmeira viðhald á hverjum stað. Sjá greinargerð um sölu á félagslegum íbúðum sem og kaup á nýjum. Vandamál hafa verið með viðhald sameigna í stærri fjöleignahúsunum.
- 5725-4965 Sambyggð 8 0202: Ekki liggur fyrir skýrsla um úttekt á þessari íbúð. Ljóst er þó að fyrir dyrum stendur töluvert viðhald á sameign hússins og ef stjórn húsfélags tekur ákvörðun um að fara í slíkt viðhald er nauðsynlegt að hafa samþykkt fjármagn til að taka þátt í þeim framkvæmdum. Fyrir liggur kostnaðaráætlun frá úttektaraðila á eignunum Sambyggð 6-8 upp á 38 m. kr. Áætlað er að hlutur hvernar íbúðar sé um 7% eða um 2,7 m.kr. Framkvæmdinni verður líklega skipt á 3 ár, eða um 900 þús. kr á ári. Annað viðhald innan dyra í íbúð þarf að vera um 200 þús á ári. Viðhald á sameign inni og á lóð er reiknað í greiðslum í hússjóð og á sameign.
Rétt er að stefna að því að þegar skipt er um leigjendur verði farið í umfangsmeira viðhald á hverjum stað. Sjá greinargerð um sölu á félagslegum íbúðum sem og kaup á nýjum. Vandamál hafa verið með viðhald sameigna í stærri fjöleignahúsunum.

- 5731-4965 Norðurbyggð 22 b: Nauðsynlegt er orðið að mála húsið utan. Áætlað er að þetta verði gert árið 2015 en áætlaður kostnaður er 700 þús. kr. Skipta þarf um gólfefni á baðherbergi 150 þús. kr. Borið hefur á að heitt neysluvatn er ryðlitað fyrst á morgnana eftir að það hefur staðið í lögnum. Þetta þykir benda til tæringar og gera má ráð fyrir að innan fárra ára þurfi að endurnýja lagnirnar.
- 5733-4965 Norðurbyggð 24 b: Á árinu 2014 var unnið við verulegt viðhald á eigninni. Hætt var við að mála þakið því þakefnið er trapisustál sem er orðið verulega ryðgað og skemmt. Mælt er með að lagt verði nýtt efni á þakið, alusink, bárað. Þakflöturinn er í einu lagi á milli íbúða og þarf að skoða frágang þar á milli. Áætlaður kostnaður um 1 m. kr.
- 57XX-4965 Ýmsar eignir: Til hagræðingar væri að útbúa sjóð fyrir viðhaldsverkefni þannig að hægt væri að bregðast við tilfallandi viðhaldsverkefnum og stærri viðgerðum.


61 - Fráveita

- 6111-4960 Viðhald fráveitukerfis: Gera þarf ráð fyrir fjármagni til viðhalds og endurnýjunar á dælum. Mikil álag er á dælurnar vegna þess að grófhreinsun er ekki komin. Ger má ráð fyrir allt að 1 m.kr. á ári til slíks viðhalds. Í elsta hluta bæjarins eru lagnir farnar að verða lélegar og stutt í að skipta þarf þeim út en í dag er til tækni til að fódra svona stofnlagnir og að sögn þeirra sem eru í þessu verða þær þá jafn góðar og nýjar. Ástæða er til þess að fá aðila til að mynda lagnirnar og gefa tilboð í fódrun þeirra. Ef hagstætt tilboð fæst væri æskilegt að byrja á a.m.k. einni götu. Lagnir í elstu götum bæjarins eru með morknum lögnum. Steypurörin skemmdust þegar hitaveitan kom og bakrennsli hitaveitunnar fór í fráveituna. Til að geta lagt mat á ástand lagna þarf fyrst að mynda lagnirnar. Eftir útkomu á ástandi þeirra verður metið hvort gatna verður grafin upp og þá um leið skiptu út vatnslögnum sem eru að mestu úr járn í plast, eða farið í að fódra lagnir með þeirri tækni sem í boði er og áður hefur verið nefnd. Á árinu 2015 verði lagnir myndaðar og lagt mat á hvor leiðin verður farin í endurnýjun/lagfæringu lagna. Myndun lagna 500.000,- og 1.000.000,- að hefja lagfæringu lagna í gamla bænum.
- 6111-4985 Hreinsun holræsa: Árleg hreinsun holræsa í þéttbýlinu kostar ekki undir 2 m.kr.


SKIPURIT SVEITARFÉLAGSINS ÖLFUSS




SKIPURIT




FÉLAGSÞJÓNUSTUSVIÐ SKIPURIT




STJÓRNSÝSLUSVIÐ SKIPURIT




FRÆÐSLUSVIÐ SKIPURIT




ÍPRÓTTA- OG ÆSKULÝÐSSVIÐ SKIPURIT



MENNINGARSVIÐ SKIPURIT



SKIPULAGS-, BYGGINGAR- OG UMHVERFISSVIÐ SKIPURIT



HAFNARSVIÐ SKIPURIT

